

**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

*Fann draumarúmgafl í bílskúr nágrannans*

• heimili

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**



**BYLGJUBLAÐIÐ**

*Afþreying, unaðsreitir og ólíkur ferðamáti*

Sérblað Bylgjunnar um ferðir og útivist

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR**

*Kynntist yndislegum börnum í Úganda*

Tíu daga ævintýraför til perlu Afríku

**FÓLK 22**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. maí 2009 — 105. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


**MÁNUDAGUR**



**Merkileg uppgötvun**

Hákon Hákonarson læknir hefur fundið tengsl milli erfðafræðilegra þátta og einhverfu.

**TÍMAMÓT 12**

**Markverðustu tíðindin**

„Samfylkingin er stærsti flokkur landsins og er í lykilstöðu í stjórnarmyndunarviðræðum," skrifar Baldur Þórhallsson.

**Í DAG 10**

**Óvænt yfirlýsing**

Söngkonan og Íslandsvinurinn Pink segist vera tvíkynhneigð.

**FÓLK 16**





**Öll toppliðin unnu**

Það breyttist ekkert á toppi ensku úrvalsdeildarinnar um helgina.

**ÍÞRÓTTIR 18**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÆTUSAMT** Í dag verða suðvestan 5-13 m/s á suðurhluta landins en hægari austlæg átt á norðurhlutanum. Rigning eða skúrir um mest allt land. Hiti 5-11 stig.

**VEÐUR 4**

# Rúmlega 1.700 sjúklingar um hvern heimilislækni

**Allt að tíu þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu eru taldir vera án heimilislæknis. Glímt hefur verið við vanda heilsugæslunnar um árabil en staðan hefur versnað jafnt og þétt, segir lækningaforstjóri.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu glímir við alvarlega undirmönnun. Heimilislæknar þurfa að sinna mun fleiri sjúklingum en talið er viðunandi á Norðurlöndunum sem og vestanhafs. Sparnaðaraðgerðir vegna efnahagshrunsins munu auka á vandann en lítið svigrúm er talið til niðurskurðar.

Heimilislæknar á höfuðborgarsvæðinu eru um 120 talsins. Samkvæmt viðmiðum heilbrigðisyfirvalda hér á landi er talið eðlilegt að hver heimilislæknir sinni um 1.500 skjólstæðingum. Miðað við íbúatölur Hagstofu Íslands, sem sýna að yfir 200 þúsund manns búa í Reykjavík og nágrannabyggðum, er ljóst að hver læknir þarf að sinna um 1.700 skjólstæðingum.

Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að þrátt fyrir að vandi heilsugæslunnar hafi verið viðfangsefni yfirvalda um árabil hafi lítill árangur náðst. „Ástandið hefur versnað ár frá ári."

Lúðvík segir að nauðsynlegt sé að setja marga fyrirvara í samanburði á heilbrigðisþjónustu á milli landa en í Danmörku sé almennt talið ótækt að hver heimilislæknir sinni fleiri en 1.200 manns. Í Kanada, þar sem Lúðvík hlaut læknismenntun sína, er yfirlýst stefna yfirvalda að ekki færri en fimmtíu prósent sérfræðinga í landinu séu heimilislæknar. Það hlutfall hérlendis sé 25 til 30 prósent. Hann segir erfitt að áætla hversu margir séu án heimilislæknis en mat manna sé að þeir séu á milli fimm til tíu þúsund. Lúðvík segir að langur biðtími eftir lækni sé óviðunandi, en margir hafa þurft að bregða á það ráð að nýta kvöld- og helgarþjónustu bráðavakta.

Elínborg Bárðardóttir, formaður Félags heimilislækna, segir að efnahagshrunið stórauki vandann. „Það eina sem við getum gert til að skera niður er að taka af launum starfsfólks. Því er ekki hægt að krefjast eins mikils vinnuframlags, sem þýðir aðeins eitt og það er skert þjónusta. Það bætist svo við þann vanda sem fyrir var."

Nýlegar sparnaðaraðgerðir yfirstjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem námu á fjórða hundrað milljónum og nást aðallega með launalækkunum, eru taldar skerða þjónustu um tíu prósent.

**- shá**



**ÞRJÚ ÁR Í RÖÐ** Stjörnukonur tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta kvenna í gær og hér hlaupa fyrirliðarnir Elísabet Gunnarsdóttir og Kristín Jóhanna Clausen, sigurhringinn með bikarinn. Stjarnan vann tvöfalt annað árið í röð og Íslandsmeistarabikarinn þriðja árið í röð. **Sjá íþróttir á síðu 19**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Umbrot í bílaframleiðslu:

## Fiat vill yfirtaka GM í Evrópu



**SERGIO MARCHIONNE**

**ÍTALÍA, AP** Fiat Group SpA staðfesti í gær að fyrirtækið ætti í viðræðum um að yfirtaka Evrópudeild GM (Opel, Vauxhall) með það fyrir augum að stofna úr því nýtt sameinað fyrirtæki sem einnig gæti innifalið bandarísku bílasmiðjuna Chrysler, sem Fiat hefur nú þegar samið um að kaupa.

Samanlagt myndi þessi nýja samsteypa hafa um 80 milljarða evra í ársveltu, að því er segir í tilkynningu frá Fiat í Torino.

Forstjóri Fiat, Sergio Marchionne, mun í dag eiga fund í Berlín með þýska viðskiptaráðherranum Karl-Theodor zu Guttenberg en hvernig tryggja megi áframhaldandi rekstur Opel-verksmiðjanna í Þýskalandi.

**- aa**

Meistaranemi í tölvunarfræði hefur hannað nýstárlegan hugbúnað fyrir farsíma:

## Nokia selur íslenskan gítarstilli

**VIÐSKIPTI** Finnski símarisinn Nokia mun markaðssetja íslenskan gítarstilli á alþjóðavísu. Stillirinn heitir Tunerific og er hugbúnaðarlausn sem gerir notendum kleift að stilla gítar með hjálp farsíma.

Tunerific varð til úr meistaraverkefni Guðmundar Freys Jónssonar í tölvunarfræði, í samstarfi við leiðbeinanda hans, Jóhann P. Malmquist prófessor við Háskóla Íslands. Stillirinn er þróaður fyrir Nokia-síma og verður innan skamms settur á markað á alþjóðavísu í nýrri verslun Nokia, OVI-store. Verkefnið var verðlaunað af Háskóla Íslands og Jóhann og Guðmundur Freyr hafa unnið í um tvö ár að viðskiptaáætlun og markaðssetningu sprotafyrirtækis sem byggir á hugmyndinni.

Guðmundur segir að þróunarvinnan hafi hlotið styrki frá Rannís og Nýsköpunarmiðstöðinni. „Nokia er með um fimmtíu prósent markaðshlutdeild svo möguleikarnir eru miklir." Stillirinn virkar á langflestar tegundir farsíma og þarf engan sérstakan vélbúnað, segir Guðmundur, en í dag verður hægt að nálgast forritið á vefsvæði Nova og hlaða því beint niður í símann.

**- shá**










## SPURNING DAGSINS



*Ragnar, verðurðu mjúkur í dag?*

„Nei, ætli ég reyni ekki að halda mér edrú í tilefni dagsins.“

Ragnar Gunnarsson, gjarnan kenndur við hljómsveitina Skriðjökla, opnar í dag fiskbúðina Fiskibryggjuna í Höfðahverfi við Gullinbrú í Reykjavík en þar verður boðið upp á heitan mat í hádeginu og á kvöldin. Hann sagði í Fréttablaðinu á laugardag stefnt að því að útvega staðnum vínveitingaleyfi svo hann þyrfti ekki að vera edrú alla daga.

Hægir á útbreiðslu svínaflensu í heiminum en fólk frá Mexíkó líður fyrir hana:

# Harkalegar flensuvarnir í Kína

**KÍNA, MEXÍKÓ, AP** Fleiri en sjötíu ferðamenn frá Mexíkó hafa verið settir nauðugir í sóttkví á sjúkrahúsum og hótelum í Kína, án tillits til þess hvort ferðamennirnir greindust með svínaflensusmit eður ei.

Þessar harkalegu aðgerðir kínverskra yfirvalda gegn útbreiðslu svínaflensunnar þar í landi hafa vakið hörð viðbrögð í Mexíkó.

„Í mörgum tilvikum höfum við heyrt að fólk sé skikkað í sóttkví á þeim grundvelli einum að það hafi mexíkóskt vegabréf,“ tjáði Jorge Guajardo, sendiherra Mexíkó í Peking, AP-fréttastofunni.

Svo virðist sem hægt hafi á útbreiðslu svínaflensunnar. Yfirvöld í Mexíkó hafa endurskoðað tölur yfir staðfestan fjölda þess fólks sem látist hefur af sjúkdómnum; sá fjöldi er nú nítján manns í Mexíkó og einn í Bandaríkjunum, en þar var um að ræða ungt mexíkóskt barn sem nýkomið var frá Mexíkó.

Staðfest smittilfelli voru í gær orðin 903 alls; 506 í Mexíkó, 226 í Bandaríkjunum, 85 í Kanada, fjörutíu á Spáni, átján í Bretlandi, átta í Þýskalandi, fjögur á Nýja-Sjálandi, tvö á Ítalíu, í Frakklandi, Ísrael og Suður-Kóreu og eitt í hverju þessara landa: Kólumbíu, Kosta Ríka, Írlandi, Sviss, Austurríki, Hong Kong, Danmörku og Hollandi. - aa



**ÚTBREIÐSLUVARNIR** Eldri borgarar í Bogota, höfuðborg Kólumbíu, fá inflúensusprautu í gær. Fyrsta svínaflensutilfellið þar í landi greindist í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarmyndunarviðræður:

# Sáttmáli um næstu helgi

**STJÓRNMÁL Stjórnarmyndunarviðræður Samfylkingarinnar og Vinstri grænna héldu áfram í gær. Formenn og varaformenn flokkanna hittust í Stjórnarráðinu og fóru meðal annars yfir gang mála innan sérnefnda um Evrópumál, stjórnskipunarmál og ríkisfjármál.**

**Ekkert var gefið upp um vinnuna að öðru leyti en því að hún gengur vel að sögn Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, sem telur að nýr stjórnarsáttmáli muni liggja fyrir um næstu helgi. Ekkert er gefið upp um hugsanlega ráðherraskipan.** - shá

Stjórnmál í Bretlandi:

# Ráðherra gagnrýnir stjórnina

**BRETLAND, AP** Breska ríkisstjórnin fær ærlegan skammt af gagnrýni í pistli í Lundúnablaðinu Observer í gær. Sem þætti vart fréttnæmt á þessum „síðustu og verstu tímum,“ þema fyrir þær sakir að höfundur pistilsins er sjálfur ráðherra í stjórninni.



HAZEL BLEARS

Hazel Blears, sem er undirráðherra sveitarstjórnarmála og þingmaður Verkamannaflokksins, kvartar í pistlinum yfir því að stjórninni hafi „mistekist hörmulega að koma boðskap okkar til skila“.

Stjórnmálaskýrendur hafa bent á að klaufaleg ummæli af hálfu Gordon Brown setji hann og Verkamannaflokkinn í erfiða stöðu fyrir næstu þingkosningar, sem verða að fara fram fyrir 3. júní 2010. - aa

Söngvari The Virgin Tongues:

# Enn haldið sofandi eftir fallið

**SLYS Duncan McKnight, söngvara bandarísku hljómsveitarinnar The Virgin Tongues, er enn haldið sofandi á gjörgæsludeild Landspítalans. Hann féll út um glugga á fjórðu hæð húss við Skólavörðustíg á föstudagsmorgun. Líðan hans er stöðug en hann er þó ekki höfuðkúpubrotinn eins og óttast var í fyrstu.**

**Hljómsveitin átti að spila á tónleikum á Sódómu á laugardag ásamt Singapore Sling, en þegar slysið varð var ákveðið að halda styrktartónleika þar sem Singapore Sling, Kid Twist og Kimono gáfu vinnu sína. Tónleikarnir voru vel sóttir.** - sh

# Vanskilin geta fylgt fólki um alla framtíð

## Greiðsluverkfall getur haft víðtæk áhrif bæði fyrir fólk og fjármálafyrirtæki. Eina vitið að greiða lán upp þótt lánstíminn lengist um mörg ár. Örþrifaráð þegar þrengt er að fólki, segir formaður Hagsmunasamtaka heimilanna.

**EFNAHAGSMÁL** „Fari fólk í greiðsluverkfall og hætti að borga fasteignalán sín getur það fyrirgert rétti,“ segir Hákon Stefánsson, starfandi stjórnarformaður Creditinfo á Íslandi.

Hákon ræður fólki frá því að fara í greiðsluverkfall. Vanskil geti fylgt fólki um árabil og staða fólks orðið mun verri en áður en til verkfallsins kom. „Þegar fólk vanefnir skyldur sínar verða öll úrræði virk. Menn lenda á vanskilaskrá og öllu því sem því fylgir, jafnvel fyrir lífstíð,“ segir hann og bendir á að kröfur falli ekki sjálfkrafa niður. Kröfuhafar geti haldið þeim lifandi eins lengi og þeim sýnist.

„Eina vitið er að greiða lán upp þótt lánstíminn lengist um fleiri ár. Þegar fólk hættir að borga margfaldast vandinn á stuttum tíma, jafnvel nokkrum mánuðum þegar vextir bætast við. Líklega tekur það um tvö ár að tvöfalda vandann,“ segir hann og bætir við að reglum samkvæmt geti fjármálafyrirtæki yfirtekið eignir vanskilafólks á átta til tólf mánuðum. Eftir það verði gengið að öðrum eignum viðkomandi.

Hákon bendir á lög um greiðsluaðlögun sem samþykkt voru á Alþingi í nýliðnum mánuði. Samkvæmt þeim fyrirgerir fólk rétti sínum til greiðsluaðlögunar greiði það ekki kröfur sínar.

Þá sé ljóst að greiðendur íbúðalána, ef margir taka sig saman, geta stefnt lánastofnanir í verulegt vandræði með því að hætta að greiða lán sín. Þetta á sérstaklega við um Íbúðalánasjóð sem reiðir sig algerlega á íbúðalánin og þarf að standa undir skuldbindingum sínum við erlenda lánveitendur, að sögn Hákonar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hvatti sömuleiðis til þess í gær, að fólk færi ekki í greiðsluverkfall.

„Samtökin hafa ekki boðað til slíkra aðgerða,“ segir Þórður B. Sigurðsson, formaður samtaka Hagsmunasamtaka heimilanna. Hann segir fjölmarga, sem íhugi að grípa til þeirra örþrifaráða að greiða ekki af lánum sínum til lengri eða skemmri tíma, hafa sett sig í samband við samtökin. Ekki hefur verið tekið saman hversu margir þeir eru sem velta þessu fyrir sér.

„Ég vona sjálfur í lengstu lög að fjöldahreyfing verði ekki til í kringum greiðsluverkfall,“ segir Þórður. „Það yrði skelfilegt kæmi sú staða upp. En það er skiljanlegt þegar þrengt er að fólki að það grípi til örþrifaráða.“ jonab@frettabladid.is



**FASTEIGNIR Í REYKJAVÍK** Formaður Hagsmunasamtaka heimilanna segir greiðsluverkfall örþrifaráð fólks í vanda. Samtökin hvorki hvetji né letji til aðgerða sem þessara. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

### INNHEIMTUAÐGERÐIR






**DAVID LYNCH** Fjölmargir vilja nema innhverfa íhugun eftir kynningu leikstjórans David Lynch um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprenging í innhverfri íhugun:

# Kennd bráðlega á lága verðinu

**ÍHUGUN** „Margir eru búnir að skrá sig á námskeið. Ég hef ekki tekið fjöldann saman, en þeir eru talsvert margir,“ segir Ari Halldórsson, formaður Íslenska íhugunarfélagsins, sem síðastliðin 34 ár hefur kennt innhverfa íhugun (e. transcendental meditation).

Hann neitar því ekki að sprenging hafi orðið í umsóknum á námskeið félagsins eftir kynningu bandaríska leikstjórans David Lynch hér á ikuninni um helgina.

Margir settu fyrir sig verðið, hundrað þúsund krónur. Lynch auglýsti krepputilboð sem á að hvetja ákveðið hlutfall þjóðarinnar til iðkunar. Það hljóðar nú upp á tíu þúsund krónur. Ari bætir við að námskeið á lága verðinu verði kennt eins fljótt og auðið er, eða þegar búið verði að stofna sjóð sem greiði með hverjum nemanda. - jab

## AUSTURRÍKI

### Eitraði fyrir fimm

Lögregla í Vín greindi frá því í gær að hún hefði handtekið mann grunaðan um að hafa eitrað fyrir fimm manns með því að byrla þeim gómótta drykki á bar í borginni. Að sögn Iris Seper, talsmanns lögreglunnar, eru öll fórnarlömbin fimm – þrír karlar og tvær konur – í lífshættu.

FRAMTÍÐARAUÐUR SÉREIGN

Stattu vörð um viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn

Fræðslufundur um séreignarsparnað í Háskólanum í Reykjavík mánudaginn 4. maí kl. 17:15

Allir velkomnir

AUÐUR CAPITAL

585-6500 | audur.is



Vestmannaeyjalögreglan handtekur brennuvarg sem kveikti í á ruslahaugi:

# Játar að hafa brennt bílhræ

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn í Vestmannaeyjum í fyrrinótt í tengslum við bruna við sorpeyðingarstöðina í bænum. Maðurinn hefur játað að hafa lagt eld að bílhræi, sem síðan barst í nærliggjandi bílhræ og annað rusl. Málið telst upplýst.

Engin hætta var á ferðum að sögn lögreglu, en töluverð mengun varð þó af brunanum. Bálið varð aldrei mikið en þó tók þrjár klukkustundir að slökkva smáelda, sem kraumuðu víða. Töluvert hefur verið um íkveikjur í Vestmannaeyjum undanfarin ár. Að sögn lögreglu er maðurinn ekki talinn tengjast fleiri málum. - sh



**BRENNANDI BÍLAR** Maðurinn var ölvaður og sagðist við yfirheyrslur hafa langað að prófa að kveikja í bíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Ný lausn í heimabanka Byrs




# Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

## -það er fjárhagsleg heilsa!



DYNAMO REYKJAVIK

**Milljóna sparnaður með 10.000 króna aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi 11 milljón króna verðtryggt íbúðalán sem tekið var í september 2007. Með því að greiða 10.000 krónur aukalega á mánuði, sparast 10.671.376 krónur á lánstímanum. Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.




## Það er einfaldara en þú heldur!

- **Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu**
- **Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur**
- **Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr**

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**

**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

## Lausnir með fjárhagslegri heilsu

Fjármálanámskeið á mannamáli ▪ Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald ▪ Fjármálapróf ▪ Heilsupróf og ráðgjöf ▪ Lenging lána ▪ Greiðslujöfnun húsnæðislána ▪ Fyrirframgreiðsla Lífsvals ▪ Frysting erlendra lána ▪ Niðurgreiðsla lána

BYR SPARISJÓÐUR

www.byr.is | sími 575 4000

## GENGIÐ 30.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,95 | 127,55 |
| Sterlingspund | 188,33 | 189,25 |
| Evra | 168,92 | 169,86 |
| Dönsk króna | 22,676 | 22,808 |
| Norsk króna | 19,321 | 19,435 |
| Sænsk króna | 15,769 | 15,861 |
| Japanskt jen | 1,2929 | 1,3005 |
| SDR | 190,21 | 191,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,6007

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kvótalausi sjómaðurinn segir lögregluna ekki þora að hreyfa við máli sínu:

# Vill innsiglið af bátnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Ásmundur Jóhannsson, sjómaður frá Sandgerði sem lögreglan hafði afskipti af í fyrra þar sem hann stundaði veiðar kvótalaus, hefur sent umboðsmanni Alþingis bréf þar sem hann kvartar undan meðferð málsins.

Hann var yfirheyrður 11. ágúst í fyrra og játaði þá brot sitt en síðan þá hefur ekkert gerst og er bátur hans enn innsiglaður. „Þeir vilja ekki kæra mig því þeir vita að þá fer málið til mannréttindadómstóls,“ segir hann. „Ég hef sent lögreglunni í Keflavík bréf tvívegis þar sem ég segi hana vera handlangara stjórnmálamanna. Þeir eru það, því einhver er að banna þeim að hreyfa við málinu svo ríkið komist ekki í klandur.“

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna úrskurðaði á síðasta ári að íslenska ríkinu bæri að breyta fiskveiðistjórnunarkerfi sínu og greiða tveimur sjómönnum bætur sem handteknir höfðu verið fyrir að veiða kvótalausir en síðan kært þá málsmeðferð. Í ljósi þess hélt Ásmundur til veiða, kvótalaus á bát sínum frá Sandgerði. „Ég vil að þeir taki innsiglið af svo ég komist á sjó,“ segir hann og bætir við að hann setji það ekki fyrir sig að enginn sé kvótinn. **- jse**



**ÁSMUNDUR Í BÁTNUM SEM NÚ ER INNSIGLAÐUR** Kvótalausi sjómaðurinn, eins og Ásmundur er stundum nefndur, vill fá innsiglið af bátnum svo hann komist aftur á sjó ... kvótalaus.

Vaxtarsprotinn 2009:

## Mentor óx hraðast í fyrra

**ATVINNUMÁL** Fyrirtækið Mentor ehf. hlaut „Vaxtarsprotann 2009“ sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Þetta er annað árið í röð sem fyrirtækið vex hraðast íslenskra sprotafyrirtækja.

Mentor jók veltu sína milli áranna 2007 og 2008 um næstum 160 prósent. Fyrirtækin Naust Marine, Gogogic og Saga Medica fengu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt á síðasta ári.

Það var Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sem veitti Vilborgu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra og stofnanda Mentor, viðurkenninguna. **- shá**

Enginn stóðst próf Buffetts:

## Eftirmaður ekki valinn í ár

**VIÐSKIPTI** Enginn þeirra fjögurra sem kepptu um að taka við forstjórastólnum af Warren Buffett, forstjóra fjárfestingarfélagsins Berkshire Hathaway, náði prófinu.



**WARREN BUFFETT**

Þetta kom fram á laugardag á ársfundi félagsins í heimaborg Buffetts, Omaha í Nebraska-ríki í Bandaríkjunum. Gestir bjuggust við að heyra um útnefningu eftirmanns Buffetts. Af því varð ekki, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.

Þrír fjárfestanna eru stjórnendur hjá Berkshire Hathaway en einn starfar ekki hjá því.

Stjórnendurnir áttu að skila betri ávöxtun af eignasafni sínu en bandaríska S&P 500-hlutabréfavísitalan í fyrra. Hún féll um 38 prósent í fyrra og var ávöxtun þeirra verri en það. **- jab**

Veiði áþekk og fyrri ár:

## Mjög gengur á þorskkvótann

**SJÁVARÚTVEGUR Þorskafli íslenskra skipa var orðinn 113.205 tonn frá byrjun fiskveiðiársins til 29. apríl síðastliðins sem er 72,5 prósent af leyfilegu aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs. Þetta er nokkuð minna nýtingarhlutfall sé miðað við sama tíma í fyrra þegar búið var að veiða 75,6 prósent.**

**Ef borið er saman sama tímabil á liðnum fiskveiðárum þá er hlutfallið nú nokkuð áþekkt því sem verið hefur. Hæst var hlutfallið á fiskveiðiárinu 2003/04 90,2 prósent en lægst var það fiskveiðiárið 1994/95 þegar það var aðeins 57,6 prósent.** **- shá**

# Forsætisráðherrahjón Ítalíu í skilnaðarstríð

**Eiginkona ítalska forsætisráðherrans Silvio Berlusconi hefur sótt um skilnað. Það sem fyllti mælinn í hennar huga var meint áform flokks hans um að stilla upp á framboðslista til Evrópuþingsins ungum fegurðardísum úr sjónvarpinu.**

**ÍTALÍA, AP** Veronica Lario, önnur eiginkona ítalska forsætisráðherrans Silvio Berlusconi, hefur sótt um skilnað frá eiginmanni sínum eftir nítján ára hjónaband. Lario staðfesti þetta í ítölskum fjölmiðlum í gær, í kjölfar þess að dagblöðin La Stampa og La Repubblica greindu frá því að hún hefði ráðið sér lögmann til að hefja lögformlegt skilnaðarferli.

„Ég neyddist til að grípa til þessa bragðs,“ hefur La Stampa eftir henni. Sem ástæðu vísar hún til ítrekaðra tilrauna eiginmannsins til að stíga í vænginn við sér yngra kvenfólk.

Berlusconi sendi frá sér einnar línu yfirlýsingu vegna málsins, svohljóðandi: „Þetta er einkamál sem tekur mig sárt, en tilheyrir einkasviðinu og ég tel ónauðsynlegt að ræða um opinberlega.“

Fréttin af ákvörðun Lario um að sækja um skilnað kemur viku eftir að hún tjáði opinberlega reiði sína yfir því að stjórnmálaflokkur Berlusconis væri að raða sýningarstúlkum úr sjónvarpi og smástirnum á framboðslista flokksins fyrir kosningar til Evrópuþingsins, sem fram fara í júní. „Þessi hroki og blygðunarleysi valdsins er móðgun við trúverðugleika allra kvenna, skaðar kvenfólk almennt og sérstaklega þær konur sem hafa alltaf barist fyrir því að verja réttindi sín,“ sagði Lario.

Hún skammaðist líka yfir því að eiginmaðurinn skyldi, að sögn, hafa mætt í afmælisveislu átján ára stúlku í Napolí á dögunum.

Áður en þau Berlusconi urðu hjón var Veronica Lario leikkona. Þau kynntust árið 1980 og giftust



**DREGST AÐ DÍSUM** Silvio Berlusconi lætur vel að jafnréttisráðherranum og fyrrverandi fegurðardrottningunni Mariu Carfagna á flokksfundi í lok mars sl. NORDICPHOTOS/AFP

tíu árum síðar. Þau eiga þrjú börn sem eru nú öll í kringum tvítugt. Berlusconi á auk þess tvö eldri börn af fyrra hjónabandi.

Sögur um vandkvæði í hjónabandinu hafa verið á kreiki um allnokkra hríð. Þau búa ekki lengur saman, og það var ekki í síðustu viku var ekki fyrsta tilvikið þar sem hún kvartaði opinberlega yfir sögusögnum af kvennafari eiginmannsins.

Fyrir tveimur árum fékk Lario opinbera afsökunarbeiðni frá Berlusconi eftir að hún skrifaði La Repubblica - sem er vinstrisinnað blað og hefur lengi haft horn í síðu Berlusconis - opið bréf, þar sem hún kvartaði yfir ummælum sem eiginmaður hennar hafði látið falla um sjónvarpskonuna Mariu Carfagna.

„Ef ég væri ekki giftur myndi ég giftast þér samstundis!“ er Berlusconi sagður hafa sagt við hana á sínum tíma. Carfagna er núna ráðherra jafnréttismála í ríkisstjórn Berlusconis. **audunn@frettabladid.is**

Þrír bankar á hliðina:

## Fimmti stærsti bankinn í þrot

**VIÐSKIPTI Tryggingasjóður bandarískra innistæðueigenda, FDIC, tók yfir þrjá banka í síðustu viku. Það sem af er ári hafa 32 bankar orðið gjaldþrota þar.**

**Einn bankanna, Silverton Bank, var í eigu sparisjóða á suðausturströnd Bandaríkjanna og sá um greiðslumiðlun til 1.400 smábanka. Stærstur hluti af útlánasafninu var til byggingaverktaka. Þegar fasteignaverð tók að falla setti það óyfirstíganlegt skarð í afkomu hans.**

**Gjaldþrot Silverton Bank er það fimmta umsvifamesta vestan hafs, sé horft til stærðar efnahagsreiknings bankans.** **- jab**

Eldsvoði á Akranesi:

## Drengur kveikti óvart í leikskóla

**LÖGREGLUMÁL** Nokkrar skemmdir urðu á leikskóla við Teigasel á Akranesi á laugardagskvöld. Fjórtán ára drengur hafði verið að leika sér að því að kveikja í púðurkerlingum með friðarkertum, en gleymdi einu kertinu undir vegg leikskólans með þeim afleiðingum að það kviknaði í klæðningu.

Móðir drengsins játaði verknaðinn fyrir hans hönd í gær. Allt tiltækt slökkvilið var kallað að leikskólanum til slökkvistarfs.

Í tilkynningu frá Akranesbæ segir að anddyri leikskólans sé býsna illa farið og að byrjað verði að endurnýja það í dag. **- sh**

**SEYÐISFJÖRÐUR**

### Vilja Japsý á Seyðisfirði

Um helmingur fullorðinna íbúa Seyðisfjarðar hafa sett nafn sitt á lista yfir þá sem hvetja til þess að útlendingastofnun veiti Japsý Jacob dvalarleyfi hér. Japsý kom hingað til lands fyrir tveimur árum og hefur getið sér gott orð sem nuddari í bænum.

SIGIN GRÁSLEPPA

GRÁSLEPPAN KEMUR KL 13:00

NÝR RAUÐMAGI

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HÆGT KÓLNANDI NORÐANLANDS**

Eftir daginn í dag verða ríkjandi hjá okkur norðlægir loftstraumar og því kólnar hægt og bítandi nyrðra. Ég á þó ekki von á frosti, nema þá til landsins að næturlagi. Í norðanáttinni má búast við úrkomu nyrðra, ekki mikilli þó, en hún kann að verða slyddukennd vestan til á Norðurlandi og á Vestfjörðum.





**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Amsterdam | 13° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 13° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 16° |
| New York | 15° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 16° |
| París | 14° |
| Róm | 21° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



50 þúsund skattfrjálsir vinningar á árinu
www.das.is
6 stk.
BMW 318i
+ 5,2 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!
eða
5,2 milljónir
beint í vasann
+ 5,2 milljónir í hinn vasann
á tvöfaldan miða!
17 stk.
Vespa LX 125
+ 500 þúsund undir sætinu
á tvöfaldan miða!
eða
500 þúsund
beint í vasann
+ 500 þúsund í hinn vasann
á tvöfaldan miða!
dregið vikulega!
52 útdrættir á árinu!
60 milljónir á mánuði
Nýtt happdrættisár hefst í maí.
Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is
HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú félagi í golfklúbbi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 8,9% |
| NEI | 91,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Taka viðræður um stjórnarmyndun of langan tíma?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Spenna í Nepal eftir að forsætisráðherrann rak æðsta yfirmann hersins:

# Ríkisstjórn maóista í vanda

**NEPAL, AP** Forsætisráðherra Nepals rak í gær yfirmann hersins eftir að þeir deildu um inngöngu fyrrverandi skæruliða maóista – sem forsætisráðherrann núverandi fór áður fyrir – í herinn. Brottvikning yfirhershöfðingjans vakti hörð viðbrögð; næststærsti stjórnarflokkurinn sagði upp stjórnarsamstarfinu og boðað var til fjöldamótmæla.

Deilan hefur aukið enn á spennuna milli stjórnarinnar – sem maóistar eru mesta þungavigtaraflið í – og hersins, sem þeir áttu árum saman í höggi við sem uppreisnarmenn.

Deilan er mikil prófraun fyrir stjórnina, sem á auk þess í miklum vanda með að sjá þessari fátæku Himalajaþjóð fyrir nauðsynlegri grunnþjónustu.

Kjarninn í deilu forsætisráðherrans, fyrrverandi skæruliðaforingjans Pushpa Kamal Dahal, og yfirhershöfðingjans Rookmangud Katawal, beinist að þeirri viðkvæmu spurningu hvernig fyrrverandi uppreisnarmenn eru teknir inn í herinn, en um það var samið í friðarsamkomulagi sem Sameinuðu þjóðirnar áttu milligöngu um árið 2006. **- aa**



**ÓLGA** Stórnarandstæðingar kveikja í hjólbörðum og hrópa slagorð í Katmandú í gær. NORDICPHOTOS/AFP

IFS greinir færeysku félögin:

# Betra innsæi fyrir fjárfesta

**VIÐSKIPTI** VMF (Verðbréfamarkaður Færeyja) hefur gert samning við IFS Ráðgjöf um greiningu á hlutabréfum þeirra færeysku hlutafélaga sem skráð eru í Kauphöllina hér.

Félögin eru bankarnir Føroya Banki og Eik Banki auk flugfélagsins Atlantic Airways og olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum.

Tilgangur samningsins er að veita fjárfestum betra innsæi og þekkingu á fjárfestingu í félögunum með óháðri og faglegri greiningu, að því er segir í tilkynningu. **- jab**

Sólarlottó á Marmaris Tyrklandi

Nýtt í sólarlottó:
ferð fyrir allt að 6 manns í viku
72.900 kr.*
brottfarir 12. júní og 19. júní.
*verð frá 97.900 tvær vikur. Miðað við 6 saman í íbúð.
Bókað á www.plusferdir.is

Besta verðið bókast fyrst!
Skráðu þig í netklúbb Plúsferða
- og þú kemur út í plús
Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is

Í Tyrklandi er notuð tyrknesk líra sem gerir verðlag þar mjög hagstætt.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

# Sættum okkur ekki við málamyndadóm

**Stúlkan sem varð fyrir hrottafenginni árás í Heiðmörk í síðustu viku getur ekki þreytt lokapróf úr grunnskóla á tilsettum tíma. Til þess er hún í of miklu andlegu ójafnvægi. Fjölskyldan ætlar í einkamál fái árásarmennirnir vægan dóm.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjölskylda fimmtán ára stúlku sem varð fyrir hrottalegri árás eldri stúlkna í Heiðmörk í síðustu viku mun ekki sætta sig við að dómskerfið fari vægum höndum um gerendurna. „Ef dómurinn verður eitthvert grín þá förum við í einkamál," segir systir hennar.

Stúlkan var numin á brott af heimili sínu á miðvikudagskvöld og ekið með hana upp í Heiðmörk. Þar réðust þrjár sautján ára stúlkur hrottalega á hana. Fjórar aðrar stóðu hjá og höfðu sig lítt í frammi. Barsmíðunum lauk ekki fyrr en piltur sem var með í för skakkaði leikinn.

Fram kom í Morgunblaðinu á laugardag að líklegt sé að stúlkurnar sleppi með væga dóma, jafnvel frestun ákæru eða skilorðsbundinn dóm.

„Við sættum okkur ekki við neinn málamyndadóm," segir Hrönn Óskarsdóttir, systir stúlkunnar. „Ef það yrði raunin væru það skýr skilaboð og það sé fínt að vera ofbeldismaður á Íslandi. Við ætlum að gera allt sem við getum til að komi fólki í skilning um að svona eigi ekki að geta gerst hérna - að maður geti ekki rænt manneskju, gengið í skrokk á henni, hótað henni og beitt hana fjárkúgun og komist síðan létt upp með það."

Farið verði í einkamál við stúlkurnar til að sækja bætur ef dómurinn verður vægur.

Hrönn segir að fram hafi komið við yfirheyrslur að árásin hafi verið nær algerlega tilefnislaus. Systir hennar hafi ekki þekkt neina stúlknanna sem réðust á hana, aðeins kannast lítillega við eina þeirra sem stóð álengdar og horfði á. Árásin hafi verið framin að hennar undirlagi vegna meintra ummæla um ástalíf hennar.

Hrönn segir að farið hafi verið með systur hennar út úr bænum fyrir helgi til að leyfa henni að jafna sig. Hún byrjar í áfallameðferð nú í vikunni.

Stúlkan er í tíunda bekk og er á leið í framhaldsskóla í haust.

Hrönn segir hins vegar að hún treysti sér ekki til að taka lokaprófin á tilsettum tíma, og verið sé að vinna að því með skólayfirvöldum að finna lausn á málinu. Líklega fái hún að þreyta prófin seinna en aðrir.

„Hún vildi helst flýja land þegar þetta kom upp," segir Hrönn og gagnrýnir það að stúlkurnar skuli ganga lausar á meðan það þurfi að fara með systur hennar logandi hrædda út úr bænum. „Þótt hún hafi sem betur fer sloppið án varanlegra líkamlegra meiðsla þá veldur þetta varanlegum skaða á sálinni á henni."

Árásin hefur verið kærð og stúlkunni skipaður réttargæslumaður. **stigur@frettabladid.is**



**HEIÐMÖRK** Stúlkunni var ekið upp í Heiðmörk þar sem gengið var í skrokk á henni. Þrjár stúlkur hafa viðurkennt að hafa haft sig mest í frammi. FRÉTTABLAÐIÐ / PÖK

> Ef dómurinn verður eitthvert grín þá förum við í einkamál.
>
> **HRÖNN ÓSKARSDÓTTIR**
> SYSTIR STÚLKUNNAR



Hart deilt um sölu fyrrverandi bæjarskrifstofa í Hveragerði undir dvalarheimili:

# Minnihlutinn boðar aðgerðir

**SVEITARSTJÓRNIR** Minnihluti og meirihluti bæjarstjórnar Hveragerðis deila hart um sölu á fyrrverandi bæjarskrifstofum í Hverahlíð 24 til Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Grund hefur keypt Hverahlíð 24 fyrir rúmar 20 milljónir króna auk þess sem fimm ára þjónusta sem veitt verður á Dvalarheimilinu Ási þar í húsinu er metin á sex milljónir. Minnihluti A-listans segir að samkvæmt kauprréttarsamningi hafi söluverðið átt að vera rúmlega 32 milljónir. Þá samrýmist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrár að kaupa óskilgreinda þjónustu til fimm ára.

„Þessi endurteknu vinnubrögð sjálfstæðismanna á kjörtímabilinu, að veita sérvöldum aðilum afslætti af eignum bæjarins, eru með öllu óásættanleg. Í ljósi ofangreinds áskilja bæjarfulltrúar A-listans sér allan rétt til að leita lögformlegra leiða til að vernda hagsmuni bæjarbúa," segir í bókun minnihlutans í bæjarstjórn.

Fulltrúar meirihlutans segja að til verði fimm til sjö ný störf í Hveragerði. Samkomulagið spari bænum minnst 20 milljónir króna.

„Hvað varðar aðdróttanir um lögleysu þá er rétt að benda bæjarfulltrúanum á að enn sem komið er ríkir sem betur fer samningafrelsi á Íslandi og því er heimilt að semja um allt það sem ekki er andstætt lögum eða brot gegn almennu siðferði. Hvorugt er til staðar hér en ef bæjarfulltrúarnir gætu bent á lagagreinar sem verið er að brjóta væri það ágætt," segir í bókun meirihlutans. **- gar**



**HVERAGERÐI** Innrétta á Dvalarheimilið Ás í gömlu bæjarskrifstofunum. Söluverð hússins vekur harðar deilur í bæjarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*



# Tölvusumarskólinn
# Menntun sem gefur þér forskot

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner | PEARSON VUE | PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

### Photoshop ljósmyndavinnsla

Vertu fær við ljósmyndavinnslu og almenna myndvinnslu með vinsælasta forritinu.

**Lengd**: 27 stnd./18 klukkust. **Verð**: 32.900.

*Nám hefst 25. maí og 26. ágúst.*

### DreamWeaver vefsíðugerð

Búðu til kraftmiklar vefsíður sem eru í senn nútímalegar í útliti og auðvelt að breyta.

**Lengd**: 27 stnd./18 klukkust. **Verð**: 32.900.

*Nám hefst 15. júní og 17. ágúst.*

### Flash hreyfimyndir fyrir vef

Lærðu að búa til hreyfimyndir og lifandi auglýsingar fyrir vefinn.

**Lengd**: 18 stnd./12 klukkust. **Verð**: 27.900.

*Nám hefst 3. júní og 7. september.*

### Vefsíðugerð grunnur

Búðu til vefsíður með DreamWeaver og Photoshop.

**Lengd**: 54 stnd./36 klukkust. **Verð**: 54.900.

*Nám hefst 25. maí og 17. ágúst.*

### DreamWeaver, Photoshop & Flash

Taktu allt það besta í einum öflugum pakka.

**Lengd**: 72 stnd./48 klukkust. **Verð**: 76.900.

*Nám hefst 25. maí og 17. ágúst.*

### Einkakennsla

Stundum þarftu ekki kennslu nema í stutta stund til þess að læra það sem þú vilt og þá er gott að geta leitað til þeirra sem þekkja hlutina best. Við höfum starfað við kennslu og ráðgjöf í meira en 23 ár þannig að þér er óhætt að koma til okkar og fá einkatíma. Það er ódýrara en þú heldur !

### Verkefnalausnir

Komdu með verkefnin sem þú þarft að leysa til okkar og við aðstoðum þig við lausn þeirra. Við ráðum við mjög flókin verkefni í Excel, Access, Word, PowerPoint, Outlook, OneNote, Publisher, DreamWeaver, FrontPage, Flash Photoshop, FileMaker og öðrum forritum

Komdu þangað sem sérfræðingarnir aðstoða þig við að finna lausn með bros á vör.

### Sumarskóli 9-14 ára

Bjóðum tvö frábærlega skemmtileg námskeið, í sumar, fyrir hressa krakka.

**Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára**

Farið í myndaleiðangra og ljósmyndir teknar, myndirnar fluttar í tölvu og unnið úr þeim og þær síðan prentaðar eða settar á vefinn. ***Vikunámskeið.***

**Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára**

Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða vídóevél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum. ***Vikunámskeið.***

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. hvort námskeið. Kennt kl.9-12/12:30

**Verð**: Eitt námskeið: 17.900,- Tvö námskeið: 29.900,- (*Afsláttur gildir líka ef vinir eða systkini koma saman á námskeið*).

*Fyrstu námskeiðin hefjast 8. júní. Námskeið í júní og ágúst. **BÓKAÐU STRAX!***

### Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára

Lærðu að búa til lifandi myndir, vefsíður með hreyfimyndum, teiknimyndir og leiki með Flash. ***Vikunámskeið.***

**Lengd**: 22 st/15 klst. Kennt kl.13-16:30.

**Verð**: 18.900,- *Námskeið í júní og ágúst*

### Kerfisstjóranám MCITP



Við bjóðum þér fjölbreytt MCIPT og MCTS nám ef þú vilt taka að þér umsjón tölva og neta og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði.

Hægt er að ljúka náminu, sem er skipt í þrjá áfanga, með alþjóðlegum prófgráðum frá Microsoft sem auðvelda þér aðgang að störfum hér á landi og erlendis.

Hægt er að taka einn eða fleiri áfanga í einu. Hver einstakur áfangi er 60 stundir að lengd.

**Lengd**: 180st./120klst. **Verð**: 269.000

*Næstu námskeið hefjast 1. júní og 24. sept.*

Microsoft CERTIFIED Partner

### Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint, töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 74.900.

*Nám hefst 11. maí og 13. ágúst.*

### Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kenndir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, töluvbókhalds, uppgjörs. afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900

*Næstu námskeið 18. maí og 11. september*

### Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnám í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskerfa til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda.

Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókari og geta gengið frá sundurliðunum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 79.900

*Næsta námskeið 12. ágúst*

### Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám í notalegu umhverfi fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður.

**Kennslugreinar:**

- Grundvallaratriði tölvutækni, Internetið tölvupóstur og stýrikefið Windows.
- Word ritvinnsla og töflureiknirinn Excel.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 64.900

*Næstu námskeið hefjast 1. júní og 23. sept.*

### Stutt og hnitmiðað nám

**● Byrjendanám**

Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*

Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*

**● Stafræn ljósmyndun og myndbönd**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*

Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*

Photoshop Elements • *13 stundir/18.900*

**● Access**

Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*

Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*

**● Word**

Uppsetning ritgerða og skýrslna • *13 st./16.900*

Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*

Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*

Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./19.900*

Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*

**● Excel**

Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*

Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*

Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*

Excel: Pivottöflur • *5 st./12.900*

**● PowerPoint**

PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*

**● Outlook**

Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*

Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*

**● Publisher**

Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*

**● Vefsíðugerð, Photoshop og Flash**

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*

DreamWeaver og Photoshop • *54 st./54.900*

DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*

Flash: Margmiðlun • *18 st/27.900*

Photoshop: Ljósm. og grafík • *27 st./32.900*

**● Verkefna- og tímastjórnun**

Almenn verkefnastjórnun • *40 st./69.900*

Tímastjórnun með Outlook • *9 st./16.900*

### Almenn verkefnastjórnun

Lærðu grundvallaratriði almennrar verkefnastjórnunar með því að beita alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði við að undirbúa verkefni, áætla þau og stjórna þeim svo árangur náist.

**Lengd**: 40 stundir/24 klst. **Verð**: 69.900

*Næsta námskeið hefst 1. júní*

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Ef þú hefur komið áður færðu **10% afslátt**

### Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**

**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

### Alþjóðleg þekkingarpróf

*Í samvinnu við **Pearson Vue, ECDL** og **Prometric** bjóðum við mikið úrval alþjóðlegra þekkingarprófa á mörgum sviðum.*

*Taktu próf og fáðu alþjóðlega viðurkenningu!*

Námskeið | Ráðgjöf | Verkefnastjórnun | Verkefnalausnir | Þekkingarpróf | Handbækur

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegur 16 • 108 Reykjavík

520 9000 | tv@tv.is | www.tv.is

*Viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi*

Tölvunámskeið fyrir eldriborgara 60+



»Grunnnámskeið

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.
Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.
• Hefst 6. maí. og lýkur 27. maí.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,-

»Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
• Hefst 7. maí. og lýkur 28. maí.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- (kennslubók innifalin)

»Stafrænar myndavélar 60+ NÝTT

Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.
• Námskeið hefst 19. maí og lýkur 28. maí (Þrið & fim kl. 13-16)
Lengd námskeiðs 18 kennslustd. Verð kr. 15.000,- (Kennsluhefti innifalið)

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking
Skeifan 11B • 108 Reykjavík
Sími 511-3080 • isoft@isoft.is
www.isoft.is

Hjúkrunarráð Landspítalans andvígt sameiningu á bráðamóttökum:

# Þjónusta skert og öryggi ógnað

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirhuguð sameining á bráðamóttökum Landspítala mun að öllum líkindum leiða til skertrar þjónustu við sjúklinga og stefna öryggi ákveðinna hópa þeirra í hættu.

Svo segir í ályktun hjúkrunarráðs spítalans vegna fyrirhugaðrar sameiningar á bráðamóttökunum. Stjórn hjúkrunarráðs lýsir yfir miklum áhyggjum vegna þessara fyrirhuguðu breytinga og telur hætt við að þeim árangri sem náðst hefur í meðferð ákveðinna hópa sjúklinga sé ógnað, verði þær að veruleika.

Í ályktuninni segir enn fremur að hópar fagfólks á Landspítala hafi nýverið unnið áhættumat vegna fyrirhugaðra breytinga. Niðurstöður allra hópanna voru að við sameininguna skapist mikill kostnaður sem leggist á önnur svið spítalans en slysa og bráðasvið ef tryggja á öryggi og viðhalda sömu þjónustu. Fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni liggur því ekki fyrir.

Stjórn hjúkrunarráðs skorar á framkvæmdastjórn spítalans að endurskoða þessa ákvörðun.

Ekki náðist í Huldu Gunnlaugsdóttur forstjóra framkvæmdastjórnar spítalans við vinnslu fréttarinnar.

- jss



**BRÁÐAMÓTTAKA** Hjúkrunarráð Landspítalans mælir gegn sameiningu á bráðamóttökum hans.

# Gestum listasafna fjölgar í kreppunni

**Mikil fjölgun hefur orðið á gestum safna síðan kreppan skall á. Fólk gefur sér meiri tíma til að skoða sig um. Útlán á bókum hafa einnig aukist til muna.**

**SÖFN** Aðsókn á söfn hefur aukist mikið eftir að kreppan skall á. Aðsókn í Hafnarhúsið og á Kjarvalsstaði jókst til dæmis um 25 prósent fyrstu þrjá mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra.

„Við fáum fleiri gesti og fólk dvelur lengur í húsunum, það skoðar meira og er áhugasamara," segir Soffía Karlsdóttir, deildarstjóri markaðs- og kynningarmála hjá Listasafni Reykjavíkur, sem rekur söfnin. „Kannski er fólk farið að gefa sér meiri tíma til þess að rækta sjálft sig, við sjáum mikið af fjölskyldum koma og fólk situr á kaffistofunum og spjallar." segir Soffía.

Ókeypis hefur verið inn á þessi söfn síðan 1. janúar 2008 og fjölgaði gestum gríðarlega eftir að sú varð raunin að sögn Soffíu en frekari fjölgun varð eftir efnahagshrunið.

Sömu sögu hefur Bryndís Sverrisdóttir, sviðstjóri miðlunarsviðs hjá Þjóðminjasafni Íslands, að segja en rúmlega þrjú þúsund sóttu safnið heim fyrstu þrjá mánuði ársins 2008 en þeir er rúmlega fimm þúsund í ár sem er næstum sjötíu prósenta fjölgun gesta. Bryndís segir það sína tilfinningu að áhugi á safninu hafi aukist eftir hrunið. „Þetta er kannski afturhvarf til fortíðar, fólk leitar í gömlu gildin."

Fólk leitar líka meira á bókasöfnin. Að sögn Þorbjargar Karlsdóttur, verkefnastjóra hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur, hafa verið miklu fleiri gestir á söfnunum í vetur. „Við finnum fyrir því að fólk notar húsið miklu meira. Borgarbókasafnið er auðvitað miklu meira en bókasafn, hér eru blöð til að skoða og hingað kemur fólk til að vinna verkefni. Þess má líka geta að barnadagskrá sem við bjóðum upp á sunnudögum yfir vetrartímann hefur verið miklu betur sótt í vetur en áður."

Aðsóknartölurnar tala sínu máli hér, gestir Borgarbókasafnsins fyrstu þrjá mánuði ársins voru rúmlega 150 þúsund árið 2008 en þrjátíu þúsund fleiri á sama tíma á þessu ári. Þessir gestir tóku sér fimmtíu þúsund fleiri bækur en á sama tíma í fyrra, útlánin voru rúmlega 300 þúsund í stað 250 þúsund í fyrra.

sigridur@frettabladid.is



**Á KJARVALSSTÖÐUM** Svo virðist sem kreppan hafi þau áhrif að fólk þyrpist á söfn og gefi sér jafnframt góðan tíma til að skoða og spjalla við starfsfólk.

**GESTIR JANÚAR TIL MARS**

| | 2008 | 2009 | Aukning |
|---|---|---|---|
| Hafnarhús: | 23.614 | 29.464 | 25% |
| Kjarvalsstaðir: | 13.789 | 16.889 | 23% |
| Þjóðminjasafnið: | 3000 | 5000 | 67% |
| Borgarbókasafnið: | 153.927 | 186.587 | 21% |

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ




Opinn fyrirlestur um markaðsfræði
ALÞJÓÐLEGT MBA NÁM
KENNSLUFUNDUR FIMMTUDAGINN 7. MAÍ KL. 8:15 - 10:00.

Dr. Joe Pons, sem kennir markaðsfræði í MBA námi í Háskólanum í Reykjavík, flytur fyrirlestur í markaðsfræði fyrir alla áhugasama um MBA nám. Besta leiðin til að kynnast MBA náminu í HR er að koma á kennslufund með kennara úr náminu og upplifa stemninguna sem myndast í tíma.

KÍKTU Á OKKUR!
Kennslufundurinn fer fram í Ofanleiti 2, stofu 336 á 3.hæð
Mikilvægt er að skrá sig á mba@ru.is



Dr. Joe Pons er stjórnarformaður Axioma Marketing Consultants, auk þess sem hann þjálfar stjórnendur víðsvegar um heiminn í ákvarðanatöku tengdri markaðsmálum. Dr. Pons kenndi markaðsfræði í 14 ár í MBA náminu við IESE háskólann í Barcelona sem í nýlegri úttekt tímaritsins The Economist var valið besta MBA nám í heimi.

Prófessorar frá virtustu viðskiptaháskólum heims kenna í MBA náminu. Lögð er jöfn áhersla á framúrskarandi fagþekkingu, færni til að starfa í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi sem og að efla persónulega eiginleika nemenda til að sinna forystuhlutverki.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Sighvatur leiðréttir og sendir afsökunarbeiðni

Á bls. 526 í símaskránni minni – sem að vísu er frá 2006 – eru gefnar upplýsingar um, að Neytendastofa sé til heimilis að Borgartúni 26 í Reykjavík og aðalsímanúmer stofnunarinnar sé 510 1100. Undir sömu aðalskráningu þar sem m.a. eru í undirskráningu gefin upp faxnúmer stofnunarinnar, númer netfanga, veffangs og brunatilkynninga er sérstaklega greint frá símanúmeri talsmanns neytenda. Það símanúmer er sagt vera hið sama og aðalsímanúmer stofnunarinnar - 510 1100. Þetta leiddi til þess leiða misskilnings af minni hálfu, að yfirlýsingar talsmanns neytenda í Kastljósi sjónvarpsins fimmtudagskvöldið 30. maí sl. um hvernig auðvelt væri að afskrifa skuldir skuldara án þess að það kostaði nokkurn nokkuð væru gefnar með stuðningi Neytendastofu.

Nú hefur forstjóri þeirrar stofnunar haft samband við mig og mjög einarðlega borið það til baka. Mér þykir mjög leitt að hafa borið hann og hartnær fjörutíu aðra starfsmenn Neytendastofu röngum sökum. Hvorki stofnunin né starfsmenn hennar eiga nokkurn hlut að skoðunum talsmanns neytenda né tillögum hans til ríkisstjórnarinnar í stjórnarmyndunarviðræðunum og bera þar enga ábyrgð.

Ég bið þetta góða fólk innilega afsökunar um leið og ég fagna því að það á hér engan hlut að máli.

*Reykjavík 2. maí 2009.*
*Sighvatur Björgvinsson.*


www.ellingsen.is
4.–9. maí
VOR-
MARKAÐUR
Hafðu allt klárt fyrir sumarið! Komdu og gerðu góð kaup!
Ýmis tilboð á völdum stangveiðivörum og veiðifatnaði
35% afsláttur
50% afsláttur af völdum garðhúsgögnum
KOMDA 26" REIÐHJÓL
rautt/18 gíra
Verð 23.585 kr.
Verð áður 36.283 kr.
Mikið úrval af nýjum sumarfatnaði og skóm frá
COLUMBIA og DIDRIKSONS á flottu sumarverði
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA
DAXARA 107
Sturtubúnaður
Innanmál 106x85x32 cm
Burðargeta 295 kg
Verð 52.900 kr.
Léttgreiðslur 4.408 kr. í 12 mán.
CAMPINGAS PALLAHITARI
Verð 27.900 kr.
DAXARA 158
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 145x100x40 cm
Burðargeta 540 kg
Verð 119.900 kr.
Léttgreiðslur 9.992 kr. í 12 mán.
ELLINGSEN 2 brennara
Stálgljái, 2 pör af grillhönskum og yfirbreiðsla fylgja.
Grillflötur 450x467 mm.
2 steypujárnsbrennarar,
24.000 BTU. Hitamælir,
efri grind (hitagrind),
grillgrind úr steypujárni og neistakveikja.
Verð 54.900 kr.
Léttgreiðslur 4.575 kr. í 12 mán.
COLEMAN FERÐAGASGRILL
Verð 49.900 kr.
Léttgreiðslur 4.158 kr. í 12 mán.
COLEMAN SELECT
3 brennara
Hliðarbrennari, 2 pör af grillhönskum og stálgljái fylgja.
Grillflötur 720x445 mm.
3 brennarar úr ryðfríu stáli,
11,4 kW. Lok með postulínsemeleringu, hitamælir, 1000 cm2
hitagrind, 2 hliðarborð og skápar.
Verð 74.900 kr.
Léttgreiðslur 6.241 kr. í 12 mán.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vanhugsuð hugmynd um greiðsluverkfall.

# Ekki hægt að bjarga öllum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ákvörðunin um að borga eða borga ekki af húsnæðisláni veltur svo til alltaf á einu atriði og engu öðru: Annað hvort á fólk fyrir greiðslunni eða ekki.

Að borga ekki af láni, sem hvílir á heimilinu, er í raun merki um að viðkomandi þarf að nota peningana til að næra sig og fjölskylduna, að hann sé tilneyddur til að setja mat framar húsaskjóli.

Það er varla er hægt að tala um að fólk standi frammi fyrir einhverju vali þegar það er komið í þá aðstöðu.

Undanfarna mánuði hefur hins vegar af og til skotið upp þeirri hugmynd að fólk eigi að taka sig saman og hætta að borga af húsnæðislánum sínum, jafnvel þó það ráði við afborganirnar. Tilgangurinn á meðal annars að vera einhvers konar andóf gegn ósanngjarnri meðferð banka og stjórnvalda á skuldurum.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra benti í gær á hið augljósa, slík aðgerð myndi hækka dráttarvexti og innheimtukostnað. Lögfræðingar myndu græða, aðrir tapa. Fyrir vikið uppskar Gylfi skæðadrífu neikvæðra og þaðan af verri ummæla í bloggheimum frá þeim sem eru honum ekki sammála. Hafði Gylfi þó ekki unnið sér annað til sakar en að segja sannleikann um þessa hugmynd.

Það er á svona stundum sem best kemur í ljós gildi þess að hafa ráðherra utan stjórnmálaflokka í ríkisstjórn. Gylfi er ekki þar sem hann er, vegna þess að hann hefur sagt eitthvað sem fellur kjósendum í geð. Hann er í viðskiptaráðuneytinu vegna þekkingar sinnar og menntunar og þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvort hann nái endurkjöri í næstu kosningum.

Hitt er annað mál að þeir stjórnmálamenn, sem fengu Gylfa til liðs við ríkisstjórn sína, þurfa að leggja skilningsrík eyru við orð hinna óánægðu skuldara, þau þó séu ekki öll vel valin eða kurteisleg.

Það má ekki vanmeta eða gera lítið úr örvæntingu þeirra sem eru að missa heimili sín. Alltof margar fjölskyldur munu mæta þeim óumflýjanlegu örlögum á næstu mánuðum. Hvert slíkt tilvik er harmleikur. En það er ekki hægt að bjarga öllum.

Mikilvægt er að fólk gerir sér grein fyrir að hvatningin um að þeir hætti að borga, sem geta staðið undir greiðslubyrði sinni, er fyrst og fremst líkleg til að fjölga þeim sem missa fasteignir sínar. Jafnvel að þarflausu.

Fyrir stóran hluta þeirra sem skulda nú meira en fasteignin þeirra er metin á, skiptir geysilega miklu máli að reyna að hanga á eigninni sinni. Þegar landið fer að rísa, sem það mun örugglega gera þótt það sé ekki í sjónmáli, mun eiginfjárstaðan fylgja með.

Þau sem hafa tekið að sér stjórn þessa lands þurfa hins vegar að bæta sig verulega við upplýsingagjöf og almennar samræður við þann hóp sem er verst settur.

Sá rólyndisbragur sem er yfir stjórnvöldum þessa dagana er ekki til að blása bjartsýni í brjóst þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




15% afsláttur

af Voltaren Gel 100g

Voltaren®

*Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg*

**Verkjastillandi og bólgu-eyðandi í túpu!**

***Fæst án lyfseðils***

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem stað-bundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Lyf & heilsa

*Við hlustum!*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skúbb Sigmundar

Allt ætlaði um koll að keyra þegar formaður Framsóknar dúkkaði upp þungbrýndur tveimur dögum fyrir kosningar og sagðist hafa heyrt að úttekt matsfyrirtækisins Oliver Wyman sýndi fram á ógnvænlega stöðu eignasafna íslensku bankanna. Formenn stjórnarflokkanna kröfðust þess að fá að vita hvaðan hann hefði upplýsingarnar – þær væru kyrfilega læstar í dulkóðaðri hirslu og engum aðgengilegar nema stöku útvöldum embættismanni. Morgunblaðið birti síðan forsíðufrétt upp úr minnisblaði fyrirtækisins í vikunni á eftir. Sigmundur hefur hins vegar ekki þurft að grafa mjög djúpt eftir þessum háleynilegu upplýsingum. Þær birtust nefnilega á forsíðu Fréttablaðsins 28. febrúar.



### Bitlingana burt?

Um það leyti sem Samfylkingarmaðurinn Guðbjartur Hannesson settist í forsetastól Alþingis í byrjun febrúar sagðist hann myndu beita sér fyrir því að ársgamalt aðstoðarmannakerfi landsbyggðarþingmanna yrði afnumið „á næstu mánuðum“. Kerfið kostar ríflega 30 milljónir á ári. Af þessari breytingu hefur hins vegar ekki orðið. Þegar nýtt þing kemur saman verður forvitnilegt að sjá hvort staðið verði við stóru orðin. Eða ætli nýir landsbyggðaþingmenn séu þegar farnir að svipast um eftir liðsinni úr bitlingabiðröðum flokkanna?



### Herraþjóðin sem allt veit

Á meðan ríkisstjórnarflokkarnir véla um framtíð Íslands fyrir luktum dyrum vita fæstir Íslendingar hvort þjóðin stefnir inn í Evrópusambandið eða ekki. Öðru máli gegnir hins vegar um Dani, sem vita gjörla hvað Íslendingar ætlast fyrir í þeim efnum. „Ísland áformar að sækja um aðild að ESB haustið 2009,“ segir í dönskum texta ætluðum á fræðsluvef fyrir börn. Þýðandinn, Gísli Ásgeirsson, upplýsir um þetta á vefsíðu sinni. Og þá vitum við það. Gísli segir jafnframt að hinn danski höfundur ljóstri því upp að íslenski hesturinn sé alls ekki íslenskur. Hann sé norskur.

**stigur@frettabladid.is**

# Sighvatur Björgvinsson „ræðst á talsmann neytenda“

**UMRÆÐA**

Benedikt Sigurðarson skrifar um neytendamál



BENEDIKT SIGURÐARSON

Í grein í Fréttablaðinu á verkalýðsdaginn ræðst Sighvatur persónulega að talsmanni neytenda Gísla Tryggvasyni og ergist mjög yfir því að fjölmiðlar skuli hafa talið ástæðu til að gera grein fyrir hugmynd talsmanns neytenda um „eignarnám“ húsnæðisveðskulda. Hér fer Sighvatur Björgvinsson niður á lægsta plan. Gamaldags persónuníð og skætingur Sighvats er afar sérkennilegt innlegg þennan 1. maí árið 2009 og alls ekki líklegt til að leggja af mörkum til að bæta hag venjulegra fjölskyldna á Íslandi.

Sighvatur telur sig eflaust vera að verja ríkisstjórnina og Jóhönnu sérstaklega gegn stöðugri pressu um að hemja verðtryggðar hækkanir lána fjölskyldnanna og af þungrar greiðslubyrði. Pressan er einnig vaxandi vegna þeirrar gremju sem vinstrimenn og félagshyggjufólk í öllum flokkum sýna – þar sem stjórnvöld taka alla skilgreinda hagsmuni fjármagnseigenda, fjármálafyrirtækja og svokallaðra „kröfuhafa“ fram yfir hagsmuni almennings – hagsmuni neytenda.

Meginatriði málsins er auðvitað að með fyrirkomulagi verðtryggingarinnar er jafnræði milli lántakenda og fjármagnseigenda algerlega raskað. Áhætta verðtryggðra lána liggur nær öll hjá lántakanum og í tilfelli húsnæðislána dugar hin veðsetta eign ekki einu sinni til að fjármálafyrirtækið sé tryggt heldur geta eftirstöðvar húsnæðisveðlána elt fjölskyldurnar árum og áratugum saman. Tillögur eða hugmyndir Talsmanns neytenda ganga út á það að gerðardómur rétti hlut neytenda gagnvart ofurvaldi fjármagnseigenda og deili því tjóni sem hrunið hefur leitt yfir lántakendur og skipti á milli fjármálafyrirtækjanna og fjölskyldnanna. (Í sama anda ályktuðu landsfundir VG og Samfylkingar fyrir nokkrum vikum.)

Jóhanna og Steingrímur J. hafa þverskallast við vandanum og gremjan sýður. Hin skuldsetta millistétt er byrjuð að skjálfa – menntafólkið með námslánabyrðina – fólkið sem gerði sínar áætlanir „í góðri trú“ og með hógværð – fólkið sem hefur misst hálaunastörfin eða sætt verulegri launaskerðingu eða er jafnvel atvinnulaust. Þetta fólk les skæting Sighvats með takmarkaðri gleði á alþjóðlegum baráttudegi launafólks.

Yfirskot vísitölunnar hefur hlaðið á höfuðstól allra krónulána – vegna hrunsins – og tryggir fjármagnseigendum með því ávöxtun sem er algerlega innistæðulaus. Fasteignamarkaðir varanlega frosnir – byggingamarkaður hruninn til lengri tíma – þekking í hönnun verður að engu – og víðtækara hrun fyrirsjáanlegt. Venjuleg fjölskylda missir allt sitt aflafé í þvingaða greiðslubyrði og þá verður ekkert eftir til að standa undir kaupum á neysluvöru og þjónustu. Neytendahagkerfið hrynur og keðjuverkun vaxandi atvinnuleysis, greiðsluerfiðleika og tekjufalls ríkissjóðs er líkleg til að enda með algeru hruni fjármálakerfisins. Ísland hrynur inn á við.

Talsmanni neytenda ber að vinna að því að hagsmunum almennings sé haldið til jafns við hagsmuni banka og fjármálastofnana og honum ber að leggja mál upp við stjórnvöld. Hann er í vinnu hjá neytendum en ekki „þjónn stjórnvalda“ og á ekki að þurfa að vera hræddur við „hefndaraðgerðir“ frá hendi Jóhönnu, Gylfa eða Steingríms.

Skætingur og persónuníð Sighvats er bergmál valdhrokastjórnmálanna og frá þeim tíma að litið var á embættismenn sem „þjóna“ stjórnvaldanna og valdamannanna sem settu þá – og til þess voru þeir „handvaldir“. Við munum vel eftir því að Davíð Oddsson lagði niður Þjóðhagsstofnun og hafði í hótunum við Umboðsmann Alþingis. Ekki þótti Jóhönnu og Steingrími að slík frammistaða væri ásættanleg á þeim tíma.

Það má skilja „árás“ Sighvats á Gísla Tryggvason sem kröfu um að sitjandi stjórnvöld aðhafist gegn embættismanni sem hefur skyldu til að vinna í þágu neytenda og vekja athygli á hagsmunum þeirra gagnvart stjórnvöldum eins og öllum öðrum.

Mér þykir þetta innhlaup fyrrverandi alþingismanns og ráðherra sérlega ósmekklegt og ómálefnalegt, ekki síst í ljósi þess að hann hefur átt starfsvettvang undir það síðasta í umhverfi þróunarsamvinnu – þar sem eitt það mikilvægasta sem lýðræðisríki Evrópu geta lagt af mörkum í þriðja heiminum er efling sjálfstæðrar stjórnsýslu gegn ofurvaldi stríðsherra og ofbeldismanna í ríkisstjórnarforystu.

Sem flokksmaður í Samfylkingunni treysti ég því að þöggunarviðhorf Sighvats víki endanlega fyrir heiðarlegum samræðustjórnmálum.

*Höfundur er frjálslyndur jafnaðarmaður í Samfylkingunni.*

# Markverðustu pólitísku tíðindin

**UMRÆÐA**

Baldur Þórhallsson skrifar um Alþingiskosningar



BALDUR ÞÓRHALLSSON

Nýafstaðnar kosningarnar eru um margt sögulegar. Vinstri flokkarnir og fylgjendur aðildarumsóknar að Evrópusambandinu náðu meirihluta á Alþingi. Samfylkingin er stærsti flokkur landsins og er í lykilstöðu í stjórnarmyndunarviðræðum. En breytingarnar rista dýpra. Samfylkingin hefur tekið að sér hlutverki Sjálfstæðisflokksins á fleiri sviðum.

Markverðasta breytingin er sá samhljómur sem myndast hefur milli Samfylkingarinnar og helstu hagsmunasamtaka atvinnulífsins. Í aðdraganda kosninganna varð ljóst að víðtæk samstaða hafði náðst milli þorra atvinnurekenda og launafólks um það hvernig koma ætti hjólum atvinnulífsins í gang og reisa við efnahag heimila. Þetta kom hvergi eins skýrt fram og í Evrópuskýrslunni sem birt var nokkrum dögum fyrir kosningar þar sem Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð og Alþýðusamband Íslands sammæltust um aðildarumsókn að Evrópusambandinu og upptöku evru. Samfylkingin, einn stjórnmálaflokka, skrifaði undir sameiginlegt álit þessara hagsmunaaðila. Útlistað var ítarlega hvernig ESB-aðild og evra myndi gjörbreyta stöðu atvinnulífsins til batnaðar, fjölga störfum og spara fjölskyldum og einstaklingum stórar fjárhæðir vegna lægra vöruverðs, lægri vaxtagjalda, lægri verðbólgu og stöðugra gengis. Undir þetta hafa samtök eins og Félag íslenskra stórkaupmanna og Neytendasamtökin tekið.

Samfylkingin er skyndilega orðin sá stjórnmálaflokkur sem ekki bara sameinar hagsmuni stórs hluta atvinnulífsins heldur fara hagsmunir launþega og atvinnurekenda saman innan flokksins. Efnahags-, atvinnu- og peningamálastefna flokksins er í megindráttum samhljóða stefnum þessara hagsmunasamtaka. Í fyrsta skipti í íslenskri stjórnmálasögu hefur jafnaðarmannaflokkur náð þeirri stöðu sem jafnaðarmannaflokkar á hinum Norðurlöndunum höfðu nær alla 20. öldina, þ.e. að vera boðberi samvinnu milli launþega og atvinnurekenda og vera í fararbroddi fyrir hagsmunum beggja. Mikill er viðsnúningurinn.

Hvort Samfylkingunni mun takast að halda þessari stöðu sinni er ógjörningur að spá um en enginn þarf að velkjast í vafa um að íslensk stjórnmál hafa tekið breytingum sem gætu orðið varanlegar.

*Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og bauð sig fram fyrir Samfylkinguna í síðustu kosningum.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




## 20% kynningarafsláttur







**30% afsláttur**
af fylgihlutum við dýnukaup

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum

Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði

**6 mán. vaxtalausar greiðslur**




Svefn & heilsa




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00**

www.svefn.is

LANCE BASS ER ÞRÍTUGUR.

*„Mér finnst ég frjálsari og hamingjusamari en nokkru sinni fyrr.“*

***Þetta sagði söngvarinn og tónlistarmaðurinn Lance Bass eftir að hafa komið út úr skápnum. Bass gerði garðinn frægan með strákahljómsveitinni NSYNC, en meðal annarra meðlima hennar má nefna Justin Timberlake. Eftir að NSYNC leystist upp hefur Bass einbeitt sér að sólóferli sínum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 4. MAÍ 1983

## *Ráðherra og leiðtogi Íhaldsflokksins*

Margrét Thatcher var forsætisráðherra Bretlands á árunum 1979 til 1990 og leiðtogi breska Íhaldsflokksins 1975-1990. Hún varð fyrst kvenna til að gegna þessum tveimur stöðum þennan dag árið 1983.

Thatcher fæddist í Grantham í Lincoln-skíri í Austur-Englandi. Hún var skírð Margaret Hilda Roberts. Faðir hennar hét Alfred Roberts og var kaupmaður en móðir hennar hét Beatrice Roberts (fædd Beatrice Stephenson) frá Lincoln-skíri. Margaret átti eina eldri systur, Muriel. Voru þær systur aldar upp í kristinni trú. Faðir þeirra tók þátt í stjórnmálum og var hann sveitarstjórnarmaður.



Thatcher sat lengst allra samfellt sem forsætisráðherra Bretlands á 20. öld. Hún var bæði einn dáðasti og hataðasti stjórnmálamaður lands síns. Stefna hennar var að leggja ríka áherslu á frjálsan markað og frjálst framtak, sem og að draga úr hvers kyns ríkisafskiptum. Áhrif hennar ríkja enn innan Íhaldsflokksins.

### MERKISATBURÐIR

**1631** Svíar gera bandalag með Brandenburg.
**1880** Jón Sigurðsson forseti og Ingibjörg Einarsdóttir kona hans eru jarðsett í Reykjavík við hátíðlega athöfn. Þau létust bæði í Kaupmannahöfn í desember 1879.
**1948** Hvalstöðin í Hvalfirði hefur starfsemi, sem stendur í fjóra áratugi.
**1981** Hönd er grædd á stúlku eftir vinnuslys, í fyrsta sinn á Íslandi.
**1986** Sólveig Lára Guðmundsdóttir verður fyrst íslenskra kvenna til að sigra í prestskosningum. Hún er kjörin prestur á Seltjarnarnesi.
**1990** Lettland lýsir yfir sjálfstæði.

# Fjallað um fjölskyldur innflytjenda og fötluð börn

Þjóðerni og fötlun: Fjölskyldur innflytjenda og fötluð börn, er yfirskrift fyrirlestrar sem Berit Berg, dósent við NTNU-háskólann í Þrándheimi, heldur í Öskju á morgun, þriðjudag, á vegum Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum í Háskóla Íslands.

Í fyrirlestri sínum fjallar Berit um innflytjendafjölskyldur með fötluð börn. Fáar rannsóknir hafa beinst að þessum fjölskyldum og því lítil þekking á reynslu þeirra og aðstæðum.

Í fyrirlestrinum leitar Berit Berg svara við spurningum svo sem: Hvaða skilning leggja innflytjendafjölskyldur í fötlun? Stendur fatlað fólk af erlendum uppruna frammi fyrir sams konar áskorunum og meirihlutinn eða mæta því sérstakar hindranir vegna menningar, trúar, tungu, fordóma eða kynþáttafordóma? Hvaða reynslu hafa innflytjendafjölskyldur með fötluð börn af samskiptum sínum við þjónustukerfið?

Berit Berg byggir umfjöllun sína meðal annars á rannsókn sem hún vinnur að um innflytjendafjölskyldur í sex sveitarfélögum í Noregi.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku og hefst klukkan 12 í stofu N-131 í Öskju. Hann er ókeypis og öllum opinn.



**Í HJÓLASTÓL** Fjallað verður um þjóðerni og fötlun í hádegisfyrirlestri í Öskju á morgun.

VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM

KOMDU
Í MORGUNKAFFI
Á STÓRHÖFÐANN
þriðjudaginn 5. maí
milli 9 og 11

Ef þú ert atvinnuleitandi líttu þá við
og spjallaðu við félagana.
Kannaðu hvaða möguleikar eru í boði.
Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur
kemur og spjallar á uppbyggilegum nótum.

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

VIÐ VINNUM FYRIR OKKAR FÉLAGA!



**FRUMKVÖÐLASTARF** Hákon Hákonarson læknir hefur unnið að rannsóknum á einhverfu barna. MYND/ÚR EINKASAFNI

HÁKON HÁKONARSON LÆKNIR: VINNUR AÐ TÍMAMÓTARANNSÓKN UM EINHVERFU BARNA

# Fann tengsl milli erfða og einhverfu

„Þessi tiltekna rannsókn er langstærst af þeim erfðarannsóknum sem gerðar hafa verið á þessum sjúkdómi,“ segir Hákon Hákonarson, læknir á Barnaspítalanum í Philadelphiu í Bandaríkjunum. Hann hefur stýrt rannsóknum á 13.000 einstaklingum með einhverfu.

Rannsóknin þykir marka tímamót en hún hefur sýnt fram á að tengsl séu á milli erfðafræðilegra þátta og einhverfu. „Við uppgötvuðum jafnframt fyrsta algenga erfðabreytileikann sem fundist hefur hjá þessum sjúklingum, en 65 prósent einhverfra eru með hann,“ segir Hákon spurður nánar út í rannsóknina. „Við sýnum fram á að hann raskar tengingu taugafruma á ákveðnum svæðum í heilanum þannig til að mynda samskipti barnanna þróast ekki eðlilega, en það er eitt af einkennum einhverfu.“

Beðinn um að greina frá hvað hafi komið honum mest á óvart við rannsóknina, segir hann: „Flestöll þau gen sem við sýnum fram á að valdi einhverfu, en þau eru alls fjórtán talsins, tilheyra einungis tveimur genafjölskyldum. Þessar genafjölskyldur tengjast þróun og myndun á tengingum milli taugafruma.“ Að sögn Hákonar þykir þessi uppgötvun athyglisverð þar sem hugsanlega verður mögulegt að þróa lyf, sem gætu komið í veg fyrir einhverfu.

„Einhverfa er afar erfiður sjúkdómur og ömurlegt að sjá þá afturför sem á sér stað hjá þessum börnum, og þá yfirleitt eftir fyrsta aldursár, á sviði talmáls, áhuga og samskipta,“ nefnir Hákon og bendir á að það sé hins vegar góðs viti að fyrsta aldursárið sé það tímabil sem vonandi verði hægt að grípa til úrræða á.

„Það er að segja þegar búið verður að þróa nýja meðferð, sem leiðréttir afleiðingar eða röskunina sem erfðabreytileikinn veldur á tengingum taugafruma,“ segir hann og nefnir að þá fyrst sé sá möguleiki fyrir hendi að breyta meðferðinni á fyrsta ári og koma þannig í veg fyrir að einhverfueinkenni komi fram. Hákon ítrekar að það muni vissulega líða nokkur ár áður en þeim árangri verður náð. „Við stefnum að því af fullum krafti.“

Hákon hefur því lagt ýmislegt af mörkum til rannsókna á einhverfu, en þess má geta að upphaflega ætlaði hann sér að verða dýralæknir. „Síðan fékk ég áhuga á heimilislækningum. Hafði hugsað mér að fara í þær en byrjaði fyrir tilviljun í barnalækningum sem ég fann mig vel í,“ segir Hákon, sem hóf síðan sérnám í lungnalækningum barna. „Þegar mér gafst tækifæri til að stunda rannsóknir með klíníska náminu fannst mér það strax mjög spennandi og eitt leiddi af öðru og ég fór meira út í rannsóknavinnu.“

vala@frettabladid.is

**LITIR** í málningardósum eru ekki alltaf eins á litaspjöldum og á vegg. Því ættu þeir sem huga að því að mála að fá prufur. Þannig er hægt að máta nokkra liti á þá veggi sem á að fríska upp á.






Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447




Eygló Harðardóttir með dæturnar Snæfríði Unni og Hrafnhildi Ósk Sigurðardætur. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Leitaði gafla á netinu en fann þá í skúr nágranna

**Rúmið hennar Eyglóar Harðardóttur alþingismanns á sína sögu enda er það í hvað mestu eftirlæti af innanstokksmunum heimilisins. Þó sefur hún sjaldan í því eftir að hún komst á þing.**

„Segja má að hjónarúmið sé fyrsta mublan á heimilinu,“ segir Eygló þegar hún er beðin að lýsa uppáhaldshlut. „Dýnuna keypti maðurinn minn þegar hann var að flytja heim frá Bandaríkjunum. Það var ekki mikið annað sem hann kom með, fyrir utan tölvuna. En hann lagði á sig að bera saman gæði dýna í nokkrum búðum og var ægilega ánægður að koma með þessa heim til að leggja í búið sem við vorum þá að stofna. Enn erum við sannfærð um að dýnan sé ein af bestu fjárfestingum sem við höfum lagt í.“

Eygló segist þó alltaf hafa dreymt um rómantískt rúm með hvítri grind og hafa leitað að henni árangurslaust, meðal annars á húsagnasíðum á netinu. Allt í einu gerðist undrið.

„Við bjuggum í Kópavoginum um tíma en prófuðum að flytja til Vestmannaeyja og leigðum þar íbúð með innbúi til að byrja með. Svo ákváðum við að setjast þar að, keyptum hús og náðum í búslóðina í bílskúrinn okkar í Kópavogi sem einn nágranni hafði keypt. Hann var með opið inn í sinn bílskúr við hliðina akkúrat þegar við vorum að tæma okkar gamla. Sé ég þá ekki, á bak við fullt af dóti hjá honum, þessa fínu rúmgafla sem dóttir hans var hætt að nota. Flutningabíllinn var alveg að fara úr hlaðinu en ég gat haldið honum þar til búið var að ná sambandi við dótturina. Hún seldi okkur grindina á mjög sanngjörnu verði og ég er alsæl með rúmið. Svo af því ég er hrifin af hinum bandaríska sveitarómantíkurstíl ætlaði ég alltaf að fá mér bútasaumsteppi og var mjög hamingjusöm þegar ég fann eitt ódýrt í Rúmfatalagernum.“

*gun@frettabladid.is*


LAGERSALA
HÆÐASMÁRA 4
Sama húsi og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.
Síðustu dagarnir
50-80% afsláttur



Undirföt



Sundföt
Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengir 900 kr.
Sundfatnaður frá 500 kr. stk.
Opið 14-18
Virka daga

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla



30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Næsta námskeið hefst 8. maí n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

FASTEIGNASALAN GIMLI GIMLI
Grensásvegi 13
Árni Stefánsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.
570 4800



HÖRÐALAND - FOSSVOGUR
Góð 86 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð (upp 1/2 hæð) í góðu fjölbýli. Þrjú svefnherbergi. Stór og björt stofa með útg. á suðursvalir. Útsýni. Góðar eldri innréttingar. Parket og dúkur á gólfum. Eignin getur losnað fljótlega. Verð 18,9 millj.



ÁLFATÚN - FALLEG
Falleg 103 fm 4ra herb. íbúð á þessum eftirsótta stað í Fossvogsdalnum (Kópavogi). Björt og rúmgóð stofa/borðstofa. Suður- og norðursvalir. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum. Áhv. ca. 27 millj. Verð 27,9 millj.



LÆKJASMÁRI MEÐ BÍLSKÝLI
Glæsileg og björt 122 fm íbúð (íbúðin er 89 fm, geymslan 6 fm og bílgeymslan 27 fm) á 4 hæð í lyftuhúsi. Fallegar innréttingar. Tvö rúmgóð herb. og stór og björt stofa. Stórar vestursvalir yfirbyggðar að hluta. Parket og flísar á gólfum. Glæsileg sameign. Verð 27,8 millj.



HLÍÐARVEGUR MEÐ BÍLSKÚR
Falleg og björt 66 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í fallegu fjórbýli auk 22 fm bílskúrs (samtals 88fm). Tvö rúmgóð herbergi. Fallegar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Bílskúr fullbúin. Glæsilegt útsýni. . Áhv. 21,2 millj. (Kaupþing) Verð 22,4 millj.



ÖLDUGRANDI - MEÐ SÉR GARÐI
Falleg 56 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð með sérgarði. Stórt svefnherbergi og stór og björt stofa með útgengt í sérgarð. Fallegar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Sérgeymsla (ekki inn í fm tölu íbúðar) Falleg sameign. Stutt í alla þjónustu. Íbúðin getur losnað fljótlega.



LANGHOLTSVEGUR - Kjallari
Vorum að fá í sölu fallega og bjarta 2ja herb. 64 fm íbúð í kjallara (lítið niðurgrafin) í þríbýli. rúmgott svefnherbergi og stór og björt stofa. Eldhús með fallegum nýl. uppg. innréttingu. Eignin hefur fengið gott viðhald og endurnýjun í gegnum árin. Áhv. 14,4 millj.

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - Fax 570 4810

**Þarft þú að STÆKKA eða MINNKA við þig?**

**….nú eða bara selja beint!**

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

**Sími 530 6500**
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa tveir öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA

**Stórar eignalóðir fyrir frístundabyggð í landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi**

**Verð frá 1,8 millj.**
Stærð lóða frá 5.000 – 11.000 fm. Frábær staðsetning, aðeins 55 mín. akstur frá Rvk. Lagt er að hverri lóð fyrir vatni, síma og rafmagni. Allt landið er gróið og hentar einstaklega vel til trjáræktar. Mikið um fallegar lautir og mosavaxið hraun. Það getur verið einstaklega skemmtilegt ævintýri fyrir börn á öllum aldri að ganga um svæðið og sjá hvaða kynjamyndir náttúran býr til!

***Komdu og veldu þér þinn eigin sælureit***
***Frábær fjallasýn • Góð greiðslukjör***
**www.kilhraunlodir.is**

**Sölumenn veita nánari upplýsingar í síma 824 3040 og 893 4609**

**Til leigu** götu- og efri hæð í lyftuhúsi
*Gott auglýsingagildi*



Til leigu í nýju húsnæði 303 fm fullfrágengið verslunarrými á götuhæð, einnig 303 fm skrifstofurými á 2. hæð tilbúin undir tréverk fullfrágengin sameign og lyfta.
**Leigist í einu eða sitthvoru lagi.**

***Upplýsingar gefa Ólafur í síma 860 3680 og Sigtryggur í síma 897 6185***

# fasteignir

**4. MAÍ 2009**

# Parhús á tveimur hæðum í Lindahverfi í Kópavogi

**Vandað parhús með innbyggðum bílskúr að Fjallalind 87 er til sölu hjá fasteignasölunni Heimili.**

Heimili fasteignasala kynnir til sölu fallegt vandað parhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum, skráð 188 fermetrar með innbyggðum 25 fermetra bílskúr.

Komið er inn í flísalagða forstofu. Inn af forstofu er gott parkettlagt gestaherbergi ásamt því að innangengt er í bílskúr. Þá er á hæðinni flísalagt hol. Þaðan er gengið inn í stofu, borðstofu og eldhús, sem eru samliggjandi. Úr borðstofunni er gengið út á verönd og út í fallegan garð. Á gólfum eru flísar og parkett. Í eldhúsinu er falleg kirsuberjainnrétting. Úr holinu liggur stigi upp á efri hæðina.

Á efri hæð er hjónaherbergi með fallegum fataskápum úr eik og tvö góð barnaherbergi. Því til viðbótar er stórt sjónvarpsherbergi sem nýtist vel sem samverustaður fjölskyldunnar. Á hæðinni er síðan flísalagt baðherbergi með baði og sturtu ásamt þvottahúsi með skápum og innréttingum. Úr sjónvarpsherbergi er gengið út á svalir. Á gólfum efri hæðar er parkett.

Ásett verð er 55 milljónir en makaskipti á ódýrari eign eru möguleg.



**Ásett verð er 55 milljónir en makaskipti á ódýrari eign koma til greina.**

**EIGNAMIÐLUN** Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár *í Mosfellsbæ*

Sími: 586 8080 • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • www.fastmos.is



**Stórikriki - Einbýlishús** 226,7 fm einbýlishús á einni hæð með góðum bílskúr á mjög fallegum útsýnisstað við Stórakrika 25 í Mosfellsbæ. Ath. húsið er íbúðarhæft, en ófrágengið að hluta -**Þetta er gott tækifæri fyrir laghenta. V. 39,9 m. 4543**



**Hjarðarland - Parhús** Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílaplan. **Seljandi skoðar skipti á minni eign! Ásett verð var kr. 46.700.000 - eignin fæst nú á 42.400.000 kr. 3472**



**Laxatunga - Ný raðhús** Vorum að fá í sölu ný 172,5 fm raðhús með innbyggðum bílskúr sem verða afhent fullbúin með innréttingum og gólfefnum á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi - hvítar innréttingar og eikarparket og flísar á gólfi. **Áhv. eru 20 millj. kr. ÍLS lán. Skipti á minni eign skoðuð! V. 38,7 m. 4529**



**Þrastarhöfði - 3ja herbergja** Falleg 104,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Mjög glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, bæði til suðurs, norðurs og vesturs. Þetta er ein flottasta útsýnisíbúðin í Mosfellsbæ! **Íbúðin er laus til afhendingar strax! V. 25,9 m. 4545**



**Arnartangi - Endaraðhús** Fallegt 94 fm endaraðhús á einni hæð við Arnartanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 3 svefnherbergi. Skjólgóð og stór hornlóð með timburverönd. **V. 22,9 m. 4556**



**Fálkahöfði - m/bílskúr** Mjög falleg 103,9 fm, 3ja herb. íbúð á jarhæð m/sérinngangi og stórri timburverönd, ásamt 27 fm bílskúr við Fálkahöfða. Tvö rúmgóð svefnherb. Stutt í skóla, leikskóla, sund og World Class. **Ásett verð var kr. 29,7 m. - eignin fæst nú á 25,9 m. 4371**



**Þrastarhöfði - 3ja herbergja** Falleg og björt 85,7 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í litlu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sund og World Class. **Áhvílandi eru ca. 20.800.000 kr. í láni frá Kaupþing banka. V. 22,5 m. 4564**



**Kvíslartunga 9 - Parhús** Glæsilegt 286 fm tvílyft parhús á frábærum útsýnisstað við Kvíslartungu 9 í Mosfellsbæ. Húsið er einkar reisulegt og stílhreint með mikilli lofthæð og stórum útsýnisgluggum auk um 60 fm svala. Húsið er rúmlega fokhelt, útveggir eru einangraðir að utan og múraðir. **Ásett verð var kr. 47.750.000.- en eignin fæst nú á 37.750.000 kr. í beinni sölu. 3544**

## Reykjavík



**Laufengi 118 - 4-5 herbergja** Mjög falleg og björt 4-5 herbergja 114,3 fm íbúð á 2. hæð með sérinngang af svölum. Rúmgóðar suðursvalir. Íbúðin hefur verið mikið standsett. Nýtt baðherbergi og eldhús. **Mjög góð íbúð á frábærum stað. Verð kr. 23.500.000.- Áhvílandi 23,0 m. Kaupþing lán! 3579**



**Hulduborgir - 4ra herbergja** Falleg 104,8 fm, 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð með sérinngang og sérverönd við Hulduborgir í Grafarvogi. Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. **LÆKKAÐ VERÐ! V. 25,9 m. 4536**



**Berjarimi - 2ja herbergja** Vel skipulögð 67 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og góðri verönd. Fallegt útsýni er af verönd vestur yfir borgina. **Íbúðin er laus til afhendingar! LÆKKAÐ VERÐ! ÁHVÍLANDI CA. 13,3 m. V. 15,9 m. 3815**

## Sumarhús



**Klettsflöt - Húsafelli** Sumarhús við Klettsflöt í Húsafelli. 22,2 fm sumarhús + ca. 8 fm svefnloft (ekki skráð), heitt vatn, rafmagn, heitur pottur og sólpallur með skjólveggjum. Húsið var allt tekið í gegn að innan vorið 2007 og getur allt innbú fylgt. Sundlaugin, golfvöllurinn og verslunin í mjög stuttu göngufæri. **Öll skipti skoðuð (bíll, fellihýsi, hjólhýsi) V. 7,9 m. 4563**

## 291 ha. land



**Skeggjastaðir í Mosfellsdal.** Einstakt 291,3 hektara landsvæði á fallegum stað í Mosfellsbæ. Landið liggur norðan Þingvallarvegar. Það afmarkast af Leirvogsá til norðurs, Laxnesi og Skógarbringum til vesturs og suðurs og Selvangi/Selholti til austurs. Landinu fylgir veiðiréttur í einni bestu laxveiðiá landins, Leirvogsá. Landið hallar frá austri til vesturs og frá suðri til norðurs. Fallegt útsýni til sjávar og fjalla einkennir landið. Það er að mestu mólendi og sæmilega gróið en hluti þess eru grasflatir. Hér er um einstakt tækifæri fyrir fjársterka aðila að tryggja sér stórt landsvæði á höfuðborgarsvæðinu.

**Allar nánari upplýsingar gefa Einar Páll Kjærnested löggiltur fasteignasali hjá Eignamiðlun Mosfellsbæ í síma 586 8080. V. 490 m. 3758**

# FOLD FASTEIGNASALA

**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

## Sumarhús



**Hestvík Þingvöllum**
Vandað sumarhús á einstaklega fallegum útsýnisstað á kjarrivaxinni lóð úr landi Nesja við Þingvallavatn. Bústaðurinn skiptist í stofu , 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi með sturtu auk svefnlofts.
Hann stendur hátt á frábærum útsýnisstað. Einstakt tækifæri.
Verð 24.9 millj.



**Sumarhús skammt frá Reykjavík**
Ca. 60 fm. gott sumarhús og gestahús á mjög fallegum stað í Eyrarskógi, nálægt Hvalfirði. Áhvílandi tæpar 7 millj..
Verð aðeins 10,9 millj.



**Sumarhús í Kjós**
Fallegur ca. 40fm. bústaður í landi Norðurnes. Bústaðurinn er á tveimur hæðum. Neðri hæð er með eldhúsi, stofu og svefnherbergi og upp í risi er hjónaherbergi m. barnarúm undir súð. Fallegur pallur er umhverfis hús með heitum potti.
V. 12,5 millj.

## Höfum fjársterka kaupendur að eftirfarandi eignum:

**Einbýlis, rað og parhús** í 101,107 og 170, Verð 50-100 milljónir.
**Sérhæðir** í 101, 107, 105 og 170. Verð 30-45 milljónir.
**Íbúðir fyrir eldri borgara** 80 fm. og stærri. Verð 23-35 milljónir.
**Sumarhús** í nágreni Reykjavíkur0. Verð 5-12 milljónir.

## 4ja - 7 herbergja



**Eiðistorg- Seltjarnarnesi 4ra herb.**
skipti á minni eign möguleg
Ca 109 fm íbúð á annari hæð í Eiðistorginu. 2-3 svefnh., þvottahús og geymsla innan íbúðar. Stórar vestursvalir með frábæru útsýni. Innangengt frá gangi á Eiðistorgið Sérstök eign sem bíður uppá mikla möguleika
Mjög gott verð 21,9 millj.

## Hæð



**Glaðheimar-jarðhæð.**
Ca. 87 fm. björt og falleg jarðhæð í fjórbýlishúsi. Eldhús og bað hefa verið endurnýjuð á mjög smekklegan hátt. Gengt er úr stofu á rúmgóða verönd. Þvottahús er á hæðinni. Möguleg skipti.
Verð 23,9 millj.



**Frakkastígur 101 Reykjavík.**
Falleg og björt hæð með sérinngangi. Rúmgóð og björt stofa og þrjú svefnherbergi. Mikið endurnýjað Baðherbergi Þvottahús innan íbúðar. V 27.9 millj.

## 2ja herbergja



**Bræðraborgarstígur - 101 Reykjavík**
Falleg og mikið endurnýjuð 2ja herb. íbúð Nýtt eldhús og baðherbergi. Vönduð gólfefni. Björt íbúð á besta stað í Vesturbænum. Göngufæri í miðbæinn og Háskólann. Lækkað Verð 16.900.000.-

# Eign vikunnar

### Einbýli Hvolsvelli



**Skipti möguleg á eign í Rvk. eða á Suðurlandi.**
Ca. 163 fm steypt einbýli á einni hæð á rólegum stað á Hvolsvelli. Húsið er með 4 svefnherbergjum. Rúmgóður pallur og 1000 fm. lóð. Stór bílskúr. Kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja flytja í sveitasæluna.

Verð 19,9 millj.

## Einbýli



**Einbýli á góðum staða í 108.**
Einbýli á einni hæð í grónu hverfi. 4 svefnherbergi, 2 stofur, 2 baðherbergi og eldhús. Skjólsæl suður verönd. Arinn í stofu og útiarinn. Mjög rúmgóður bílskúr ( 36,5 fm) er við húsið og steypt plan framan við hann. Garðurinn er gróinn og mikill trjágróður í honum. Verð kr. 59 millj.

## 3ja - 4ja herbergja



**Gullsmári - Kópavogur.**
Skipti möguleg á ódýrari. Falleg 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli í Kópavogi. 3 svefnherbergi . Afgirt verönd. Björt og falleg eign.
Verð: 23,3 m,



**Eskihlíð - 105 Reykjavík.**
Falleg 100 fm eign m. góðu útsýni. Einu svefnherb. hefur verið breytt í tvö þannig að um þrjú svefnherb. er að ræða. Stór stofa þaðan sem útgengt er á svalir. Í risi sameignar er lítið sérherbergi sem fylgir íbúðinni og einnig er sérgeymsla í kjallara sameignar. Lækkað verð. 19,9 millj. 8213

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á **www.fold.is** – eða hafðu samband í síma **552 1400 / 694 1401**

---

# BÚSETI™

Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti hsf. • Skeifan 19, 108 Reykjavík • Sími: 520 5788 • Fax: 533 5749 • www.buseti.is

**Lausar íbúðir til úthlutunar 13. maí. Umsóknarfrestur til og með 12. maí.**



*Krristnibraut 65*



*Krristnibraut 63*



*Trönuhjalli 15-17*



*Blikaás*



*Bjallavað*

| Staður | Íbúð nr. | Fm | Fj.herb | Teg. Íb. | Búseturéttur hámark | Búseturéttur lágmark | Búsetugjald | Afhending/losnar af ósk eiganda | Tegund láns |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akranes** | | | | | | | | | |
| Lerkigrund 7 | 102 | 80,0 | 3 | Fjölbýli | 4.938.202 | 3.897.415 | 78.175 | Fljótlega | Almennt lán |
| **Kópavogur** | | | | | | | | | |
| Trönuhjalli 17 | 003 | 57,0 | 2 | Fjölbýli | 1.768.331 | 1.187.874 | 56.620 | Fljótlega | Eign- og tekjum |
| **Mosfellsbær** | | | | | | | | | |
| Þverholt 13 | 403 | 82,6 | 3 | Fjölbýli | 2.343.234 | 1.588.075 | 112.608 | Strax | Almennt lán |
| **Reykjavík** | | | | | | | | | |
| Laugavegur 137 | 101 | 51,0 | 2 | Fjölbýli | 1.700.671 | 1.127.680 | 76.898 | 2. júní | Almennt lán |
| Laugavegur 137 | 301 | 51,0 | 2 | Fjölbýli | 1.700.671 | 1.133.781 | 76.898 | Samkl. | Almennt lán |
| Kristnibraut 67 | 406 | 93,7 | 3 | Fjölbýli | 2.876.233 | 1.908.031 | 116.510 | Skv. samkl. | Almennt lán |
| Kristnibraut 65 | 301 | 90,6 | 3 | Fjölbýli | 2.781.075 | 1.844.905 | 112.679 | 1. júlí | Almennt lán |
| Kristnibraut 65 | 401 | 93,7 | 3 | Fjölbýli | 2.876.233 | 1.908.031 | 116.510 | Fljótlega | Almennt lán |
| Bjallavað 7 | 101 | 92,7 | 3 | Fjölbýli | 2.719.980 | 2.159.721 | 122.343 | Strax | Almennt lán |
| Hamravík 34 | 101 | 112,4 | 3 | Fjölbýli | 1.881.380 | 1.881.380 | 81.393 | 15. júní ´09 | Eign- og tekjum |
| Laufengi 5 | 304 | 83,8 | 3 | Fjölbýli | 1.531.849 | 1.531.849 | 57.189 | Fljótlega | Eign- og tekjum |
| Kirkjustétt 7 | 202 | 99,0 | 4 | Fjölbýli | 2.907.290 | 1.794.784 | 123.863 | Fljótlega | Almennt lán |
| Kirkjustétt 9 | 304 | 109,8 | 4 | Fjölbýli | 3.056.584 | 1.886.949 | 136.406 | Fljótlega | Almennt lán |
| Kristnibraut 65 | 203 | 110,4 | 4 | Fjölbýli | 3.388.861 | 2.248.096 | 137.305 | Samkl. | Almennt lán |
| Kristnibraut 65 | 403 | 110,8 | 4 | Fjölbýli | 3.401.139 | 2.256.242 | 137.699 | Samkl. | Almennt lán |
| Kristnibraut 63 | 304 | 108,7 | 4 | Fjölbýli | 3.212.085 | 2.179.801 | 134.364 | Samkl. | Almennt lán |
| Bjallavað 7 | 201 | 119,8 | 4 | Fjölbýli | 3.486.049 | 2.767.996 | 155.654 | Strax/samkl. | Almennt lán |
| Bjallavað 11 | 301 | 118,1 | 4 | Fjölbýli | 3.486.049 | 2.773.207 | 153.823 | Byrjun maí | Almennt lán |
| **Hafnarfjörður** | | | | | | | | | |
| Blikaás 19 | 103 | 110,1 | 4 | Fjölbýli | 2.288.689 | 1.791.951 | 127.021 | Sem fyrst | Almennt lán |
| Blikaás 19 | 202 | 114,0 | 4 | Fjölbýli | 2.375.705 | 1.618.604 | 131.682 | Strax | Almennt lán |
| Blikaás 19 | 203 | 119,8 | 5 | Fjölbýli | 2.493.074 | 1.486.900 | 138.107 | Fljótlega | Almennt lán |
| Þrastarás 12 | 101 | 151,0 | 5 | Fjölbýli | 3.470.398 | 2.258.612 | 155.216 | Strax | Almennt lán |

- Vaxtabætur einstæðra foreldra eru að hámarki 20.358,- einhleypra 15.829,- og hjóna eru 26.177,-
- Hvað er ekki innifalið?
  - • Innbústrygging • Rafmagn íbúðar
- Hvað er innifalið í mánaðargjaldi?
  - • Afborgun lána • Brunatrygging fasteignar
  - • Fasteignagjöld • Hiti
  - • Húseigendatrygging • Hússjóður

**Athugið, hægt er að sækja um á heimasíðu !**

www.buseti.is

*Fyrirvari er um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.*

# bylgjublaðið

MÁNUDAGUR 4. MAÍ 2009

## Ódýr ferðamáti

Vefsíðan husaskipti.is býður upp á ókeypis íbúða- og sumarhúsaskipti innanlands. SÍÐA 12






NORDICPHOTOS/GETTY

KYNNING

# Sjóarinn síkáti fer á kreik



Þórarinn kynnir hátíðina fyrir 6. bekkingum í Grunnskóla Grindavíkur.

„Grindavík er eitt öflugasta bæjarfélag landsins og með tilkomu nýja tjaldsvæðisins sem opnað verður í maílok erum við líka að koma okkur á kortið sem öflugur ferðamannabær en hér er margt að sjá. Segja má að bæjarhátíðin Sjóarinn síkáti marki upphaf á skemmtilegu sumri hér suður með sjó,“ segir Þórarinn Sigvaldason, framkvæmdastjóri Sjóarans síkáta sem haldin verður að venju um sjómannadagshelgina, að þessu sinni 5. til 7. júní.

Mikið verður lagt í hátíðina í ár og enn meira gert til að gera hana að fjölskylduskemmtun. „Sjóarinn síkáti er ein öflugasta bæjarhátíð landsins og má segja að við séum fyrst á dagskrá í sumarskemmtunum. Upphitun hefst á fimmtudagskvöld og svo verður fjör á föstudagskvöld með tónleikum og skemmtunum. Á laugardag er bærinn undirlagður af fjölskylduuppákomum. Má þar nefna ratleik, leiktæki fyrir börn, Skoppa og Skrítla skemmta, smíðaverkstæði, töfrakarl og Brúðubíllinn mæta og boðið upp á andlitsmálun fyrir krakkana Um kvöldið verður diskótek fyrir unga fólkið og böll á skemmtistöðum bæjarins. Á sunnudag verða hátíðarhöld á vegum sjómannadagsráðs í Grindavík en um helgina verður einnig sundmót, fótboltamót, fótboltaþrautir, körfuboltamót og fleira. Endanleg dagskrá verður birt um miðjan maí á www.grindavik.is. *-hs*

**Útgefandi:** Bylgjan
**Heimilisfang:** Skaftahlíð 24 , 105 Reykjavík
**Vefsíða:** www.bylgjan.is
**Ritstjóri:** Roald Viðar Eyvindsson
**Ábyrgðarmaður:** Kristján Þórir Hauksson
**Auglýsingar:** Auglýsingadeild 365.
BYLGJAN 989

Hópferðamiðstöðin Vesttravel TREX Travel Experiences
Hópferðabílar fyrir alls konar hópa!



SUMARSÓLSTÖÐUFERÐ 17. - 21. JÚNÍ: STRANDIR - DJÚP
5 daga rútu- og skoðunarferð með leiðsögn um heillandi vestfirska náttúru og söguslóðir í samvinnu við Ferðafélag Íslands. M.a. farið um Snæfjallaströnd, Æðey, Kaldalón og Strandir. Útsýnissigling í Reykjarfjörð og undir Hornbjarg. Einstök ferð.
VERÐ. 70.000 KR OG MIKIÐ INNIFALIÐ. PANTIÐ STRAX.
TREX - HÓPFERÐAMIÐSTÖÐIN, HESTHÁLSI 10, 110 REYKJAVÍK, SÍMI: 587 6000 WWW.TREX.IS INFO@TREX.IS

THULE SWEDEN
Skíðabox




Stilling
Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is



Fátt er betra en að grilla úti í náttúrunni og skríða síðan inn í notalegt hús á hjólum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Með húsið í eftirdragi

**Fellihýsi verða von bráðar algeng sjón á vegum landsins enda ætla margir að ferðast innanlands í sumar.**

Að ýmsu er að hyggja við val og viðhald á fellihýsum eins og blaðamaður komst að þegar hann innti Gunnar Jónsson hjá Seglagerðinni Ægi eftir því hvað þyrfti helst að hafa í huga.

„Fyrst og fremst er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því hvers konar fellihýsi henti þörfum þess, en það getur verið mjög mismunandi. Sumir ætla með fellihýsin um erfiða vegi og þá henta minni hús, en aðrir eru með fjölskyldur og hafa fyrst og fremst í hyggju að gista á tjaldstæðum. Það fólk velur yfirleitt stærri hús. Þá er hægt að velja um ýmiss konar fyrirkomulag inni í fellihýsunum og er mjög einstaklingsbundið hvað hverjum hentar.“



Fellihýsin eru mismunandi að stærð og gerð og er hægt að laga að ólíkum þörfum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fellihýsin eru seld tilbúin til notkunar en margir bæta aukabúnaði við. „Algengast er að fólk taki fortjöld og sólarrafhlöður til að hlaða rafgeyminn í húsinu. Síðan eru grjótgrindur mjög vinsælar. Þær eru festar á fellihýsið til að koma í veg fyrir grjótkast á milli bíls og vagns.“

Gunnar segir eingöngu kraftmeiri fólksbíla og fjórhjóladrifna bíla geta dregið fellihýsin og mælir ekki með því að fólk reyni að draga þau á bílum sem ekki hafa burði til. Þá þarf bíllinn að vera búinn tengikúlu og tilskildum rafmagnsbúnaði. „Undanfarið höfum við svo verið að minna fólk á að nú er komin skoðunarskylda á öll fellihýsi og því þarf fólk sem á eldri hús að fara með þau til skoðunar. Þetta fer eftir árgerðinni og getur fólk fengið frekari upplýsingar hjá Umferðarstofu. Hjá okkur er svo boðið upp á viðhald á öllu sem húsunum viðkemur og mælum við með því að fólk líti við og láti líta á hemlunar-, hjóla- og rafmagnsbúnað áður en það leggur í hann, enda mikilvægt að öryggið sé í lagi fyrir ökumenn, farþega og aðra í umferðinni.“

Þá mælir Gunnar með því að fólk sem kaupir notuð fellihýsi eða flytur þau inn sjálft gangi úr skugga um að þau séu með löglegum gas- og rafmagnsbúnaði. „Fellihýsin koma frá Ameríku en þurfa að vera með Evrópumerktan gas- og rafmagnsbúnað.“ *-ve*



Seglagerðin selur Palomino-fellihýsi og eru þau frá níu og upp í fjórtán fet. MYND/SEGLAGERÐIN ÆGIR

# Spennandi sumar fram undan

Bylgjan stendur nú fyrir þemaviku sem tileinkuð er ferðalögum innanlands. Dagskrárgerðarfólk Bylgjunnar mun á hverjum degi flytja hlustendum fræðandi, upplýsandi og skemmtilegt efni og ferðalög um Ísland verða skoðuð frá öllum mögulegum hliðum. Til að gera þemavikunni enn hærra undir höfði hefur Bylgjan ráðist í útgáfu á blaði þessu, sem inniheldur greinar, viðtöl og kynningar á útivist og ferðalögum innanlands, þar sem reynt er höfða til sem flestra.



Ferðalög innanlands eru til umfjöllunar í sérstakri þemaviku Bylgjunnar.

# Fjölskylduparadís í Dýrafirði

## ...vikudvöl á viðráðanlegu verði!



Á Þingeyri er einstakt tjaldsvæði fyrir ferðalanga í húsbílum, hjólhýsum eða tjaldvögnum þar sem vikudvöl kostar aðeins 14 þús fyrir alla fjölskylduna! Jafnframt er boðið upp á íþróttanámskeið fyrir börnin alla virka daga fyrir aðeins 5 þús á barn. **Samtals kostar vikudvölin því aðeins 24 þús fyrir 4ra manna fjölskyldu.** Þá má ekki gleyma frábærum golfvelli, sem þú mátt nota að vild fyrir aðeins 5 þús á viku á mann (frítt fyrir börnin).

Náttúrfegurð í Dýrafirði er einstök og undirlendi meira þar en víðast hvar á Vestfjörðum. Hann er miðsvæðis á Vestfjarðakjálkanum og því stutt þaðan á aðra markverða staði. Mikil uppbygging í ferðaþjónustu hefur átt sér stað í Dýrafirði á síðustu árum, sem kemur flestum þægilega á óvart. Þar má nefna, veitinga- og kaffihús, fjölbreytta gistiþjónusta á gistiheimilum og á hótelum, kvöldvökur á víkingasvæðinu, siglingar á víkingaskipi, gönguferðir á slóðir Gísla Súrssonar, hestaferðir, sjóstangaveiði, silungsveiði, blakvelli, sundlaug , íþróttahús með líkamsræktaraðstöðu, fótboltavelli, vélsmiðjusafn, frábærar gönguleiðir, o.m.fl.





gunnibje@gmail.com

**Kannaðu málið, www.thingeyri.is**

# Hreyfing í hreinu lofti og góðum félagsskap


Heimir Karlsson

Það er engum blöðum um það að fletta hversu mikilvæg regluleg hreyfing er okkur öllum, sérstaklega utan dyra. Sú hreyfing þarf ekki alltaf að tengjast hoppi og skoppi, keppni og klifri. Sjálfur hef ég tekið þátt og reynt hinar ýmsu íþróttagreinar, ekki síst boltagreinarnar, sem vissulega eru allar af hinu góða, en engin þeirra kemst nærri golfíþróttinni í dag hvað mig varðar.

Golfið hefur marga góða kosti. Að ganga undir berum himni í heilnæmu lofti, í góðum félagsskap í fallegu umhverfi, þar sem leikið og spilað er á algjörum jafnréttisgrundvelli í afslöppuðu andrúmslofti (oftast), er nokkuð sem ekki margar íþróttagreinar bjóða upp á. Og þegar leik er lokið er sest niður í golfskálanum, sötrað kaffi og með því og spjallað um allt milli himins og jarðar.

Fyrir hinn almenna kylfing sem vill alvöru keppni eru fjölmörg golfmót opin yfir sumartímann. Þau mót eru tilvalin fyrir gamla íþróttamenn til að fá útrás fyrir keppnisandann.

Hreyfing úti í hreinu lofti léttir ekki bara lund heldur léttir einnig á líkamanum. Golfið er nefnilega tilvalin leið fyrir þá sem þurfa og vilja missa kíló. Einn hringur í golfi tekur milli fjórar og fimm klukkustundir og má reikna með að gangan sé á bilinu fimm til sjö kílómetrar. Haldi kylfingurinn sig frá óhollustunni og drekki vatn og borði banana á meðan á hring stendur og leiki um það bil þrisvar sinnum í viku, má reikna með því að kílóin falli af eitt af öðru yfir sumartímann.

Golf er gulli betra!



*Heimir Karlsson.*





„Það sem stendur upp úr í öllum þessum þvælingi er hinar góðu viðtökur sem við fáum alls staðar," segir Hemmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ávallt bjartur og brosandi

**Hermann Gunnarsson, betur þekktur sem Hemmi Gunn, á að baki fjölmargar ferðir með útvarpsstöðinni Bylgjunni bæði að vetri og sumri.**

„Það hefur alltaf verið forgangsatriði hjá okkur á Bylgjunni að sækja fólk á landsbyggðinni heim. Við förum af stað með Bylgjulest fyrir margt löngu en í fyrra hétum við Bylgjan á ferðalagi – björt og brosandi og þannig verður það í sumar," byrjar Hemmi frásögnina. „Það sem stendur upp úr í öllum þessum þvælingi er hinar góðu viðtökur sem við fáum alls staðar. Það er svo margt hæfileikafólk úti á landi sem sjaldan heyrist í og við höfum byggt okkar laugardagsþætti upp á því að gefa heimamönnum tækifæri, jafnt þekktum sem óþekktum."

Fjölmiðlafólk í borginni er oft bundið af sínu umhverfi, að mati Hemma, og skilur ekki að það sé líf utan höfuðborgarsvæðisins. „Maður lærði það í Sumargleðinni á sínum tíma af meisturum eins og Ragga Bjarna, Bessa og Ómari að bera virðingu fyrir landsbyggðarfólki," segir hann. „Allt of margir skemmtikraftar fara bara út á land til að ná sér í peninga á auðveldan hátt."

Hemmi byrjaði á Bylgjunni á upphafsvikum hennar árið 1986 og hefur verið þar síðan – með eðlilegum brotthvörfum, eins og hann orðar það. Því er margs að minnast. Hann kveðst oft hafa farið á undan Bylgjulestinni til að heimsækja nágrannabyggðir útsendingarstaðarins. „Ef við ætluðum að vera á Akureyri á laugardegi þá fór ég á Siglufjörð, Ólafsfjörð og Dalvík og tók stutt viðtöl sem við spiluðum á föstudeginum til að kynda upp," segir hann og rifjar líka upp vetrarútsendingu frá Ísafirði. „Ég var í fríi vestur í Haukadal í Dýrafirði og það gerði vitlaust veður þannig að ég komst ekki til Ísafjarðar þar sem ég átti að vera með þátt klukkan eitt. Það var ekkert útlit fyrir flug svo ég var búinn að afboða alla viðmælendur en frétti um tíuleytið að það ætti að fljúga og tæknimaður væri á leið vestur. Ég fékk jarðýtu til að ryðja veginn og var mættur tíu mínútur í eitt. Þá kom sér vel að Bylgjan er sterk á Ísafirði. Ég byrjaði þáttinn á að auglýsa eftir fólkinu sem ég hafði haft samband við áður og það var að tínast í hús til klukkan fjögur þannig að allir fengu sitt."

Fram undan er ferðasumar og heimsóknir í alla landshluta. „Í fyrra vorum við búin að skipuleggja allar helgar nema eina og þá bjuggum við til okkar eigin útihátíð á Flúðum. Fengum garðyrkjubændur í lið með okkur og 3-4000 manns mættu á staðinn í 25 stiga hita. Þetta varð eiginlega hápunktur sumarsins."

Stundum koma upp tæknivandamál á ferðalögunum en Hemmi segir þau bara gera lífið skemmtilegra. „Aðalatriðið er að hitta allt þetta frábæra fólk sem við rekumst á hvarvetna. Við reynum líka að standa undir því slagorði að vera björt og brosandi og hafi einhvern tíma verið þörf á slíku þá er það núna. Í atvinnuleysi og óáran er alltaf hætta á að dofni yfir þjóðarsálinni en við vinnum að því að lyfta henni upp."

*- gun*

**KYNNING**

# Afslöppun og afþreying

Hótel Örk í Hveragerði er tilvalinn viðkomustaður fyrir þá sem langar til að hvíla sig á steinsteypunni og bregða sér út fyrir borgarmörkin. Hvort sem áhugi er á að slaka á eða stunda útivist eða íþróttir er þar gott að vera. „Við erum með okkar eigin sundlaug í garðinum, tvo heita potta og gufubað. Í kringum okkur er allt fullt af frábærum gönguleiðum. Svo erum við með níu holu golfvöll á lóðinni og þeir sem gista hjá okkur spila frítt á Gufunesvelli," segir Sigurður Jón Sigurðsson, sölu- og markaðsstjóri á Hótel Örk.

Á undanförnum árum hefur Hótel Örk fengið algjöra yfirhalningu, allt frá smæstu baðflísum til innréttinga, og er nú hótelið með sínum 85 herbergjum allt hið glæsilegasta. „Við erum með tilboð núna í maí til þess að kynna breytingarnar, svo fólk geti kynnst möguleikunum sem hér eru. Það er alveg tilvalið að koma hingað með alla fjölskylduna, það kostar ekki mikið og er hæfilega stutt frá bænum."


Hvort sem hugurinn stendur til afslöppunar, líkamsræktar eða útivistar kemur Hótel Örk alltaf vel inn í myndina. MYND/ÚR SAFNI

Tilboðið hljóðar upp á 5.950 krónur á manninn á virkum dögum og 7.950 krónur um helgar. Inni í verðinu er gisting og þriggja rétta kvöldverður að hætti hússins á veitingastað hótelsins, sem opinn er allt árið um kring.

www.ellingsen.is

# VOR-MARKAÐUR

## 4.–9. maí

**Hafðu allt klárt fyrir sumarið! Komdu og gerðu góð kaup!**

**Ýmis tilboð** á völdum stangveiðivörum og veiðifatnaði



**35% afsláttur**



**KOMDA 26" REIÐHJÓL**
rautt/18 gíra
Verð **23.585 kr.**
Verð áður 36.283 kr.

**50%** afsláttur af völdum garðhúsgögnum



**Mikið úrval af nýjum sumarfatnaði og skóm frá COLUMBIA og DIDRIKSONS á flottu sumarverði**











**DAXARA 107**
Sturtubúnaður
Innanmál 106x85x32 cm
Burðargeta 295 kg
**Verð 52.900 kr.**
Léttgreiðslur **4.408 kr.** í 12 mán.



**CAMPINGAS PALLAHITARI**
Verð **27.900 kr.**



**DAXARA 158**
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 145x100x40 cm
Burðargeta 540 kg
**Verð 119.900 kr.**
Léttgreiðslur **9.992 kr.** í 12 mán.

**ELLINGSEN 2 brennara**
**Stálgljái, 2 pör af grillhönskum og yfirbreiðsla fylgja.**
Grillflötur 450x467 mm.
2 steypujárnsbrennarar,
24.000 BTU. Hitamælir,
efri grind (hitagrind),
grillgrind úr steypu-
járni og neistakveikja.
**Verð 54.900 kr.**
Léttgreiðslur **4.575 kr.** í 12 mán.





**COLEMAN FERÐAGASGRILL**
**Verð 49.900 kr.**
Léttgreiðslur **4.158 kr.** í 12 mán.



**COLEMAN SELECT 3 brennara**
**Hliðarbrennari, 2 pör af grill-hönskum og stálgljái fylgja.**
Grillflötur 720x445 mm.
3 brennarar úr ryðfríu stáli,
11,4 kW. Lok með postulíns-
emeleringu, hitamælir, 1000 cm2
hitagrind, 2 hliðarborð og skápar.
**Verð 74.900 kr.**
Léttgreiðslur **6.241 kr.** í 12 mán.

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA





Ullarteppi eru kjörinn ferðafélagi til að halda hita á sér og sínum. Í Álafossi má finna úrval slíkra gripa.



Í útilegu gefst tóm til að slaka á og njóta náttúrunnar. Upplifunin verður ekki síðri ef góðar græjur eru með í för til að mæta ófyrirsjáanlegu veðri og öðrum óvæntum uppákomum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Svefnpoki er nauðsynlegur í tjaldútileguna og hið mesta þarfaþing. Þessi öflugi Nitestar 250 þriggja árstíða poki sem þolir allt að -15 hámarks kulda fæst í versluninni Everest og kostar 9.995 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Coleman ferðagrill frá Ellingsen. MYND/ELLINGSEN



La sportiva Cirque Pro skórnir fást í 66°Norður á 18.400 krónur og eru tilvaldir í léttar göngur og ferðalög.

# Allt til alls í útileguna

**Úrvalið af ýmiss konar búnaði fyrir útileguna er geysimikið og margir aukahlutir til þess fallnir að auka þægindin. Hér gefur að líta nokkra slíka.**

Margir eiga góðar minningar frá útilegum enda kjörið að njóta lands og náttúru í félagsskap ástvina. Hins vegar geta óvæntar aðstæður auðveldlega skapast á okkar fallegu eyju þar sem allra veðra er von og þá er gott að vera vel undirbúinn. Víða má finna sniðugar og hagkvæmar útilegu- og útivistarvörur í búðum bæjarins og í raun mætti eyða fúlgum fjár í alls konar aukahluti. Hins vegar verður hver og einn að gera upp við sig hvað hentar, hverju þörf er á og hvað er til þess fallið að gera útileguna enn betri. Hér eru nokkur dæmi um sniðuga hluti í útileguna. *- hs*



Hjá Seglagerðinni Ægi eru einungis sterkir gæðastólar til sölu. Þessi Paso-doble-stóll hefur verið vinsæll og kostar 15.900 krónur. Hann er léttur og fyrirferðarlítill og hentar því vel í ferðalög.



Í þennan Fitsroy-bakpoka kemst heilmikill farangur. Pokinn er góður í lengri gönguferðir, fæst í Everest og kostar 25.995 krónur.




# Út að æfa á sumrin

Ég skal reyna að fara í gegnum þetta í stuttu máli og vonast ég til að það geti hvatt einhvern sem les þetta til að koma sér af stað eða halda áfram ef viðkomandi stundar líkamsrækt.

Ég hef nú alltaf verið að hreyfa mig frá unga aldri en 22 ára fór ég fyrst inn í líkamsræktarstöð og að lyfta lóðum. Í fyrstu var maður ekkert að gera þetta nógu skipulega en ég fann samt fljótlega hversu gaman ég hafði af þessu. Andlega var þetta endurnærandi þar sem heiladingullinn leysir við átök frá sér endorfín, sem oft hefur verið kallað vímuefni líkamans.



Ívar Guðmundsson æfir allt árið um kring og er meira úti við á sumrin.

Ég hef sagt við fólk sem hefur komið til mín í þjálfun eða spurt ráða: Það skiptir ekki öllu máli hversu löngum tíma þú eyðir í líkamsræktinni heldur hvað þú gerir á þessu tíma. Ég segi að klukkutími sé feikinóg ef þú tekur vel á því á þeim tíma.



Þegar sumarið nálgast kemur þessi fiðringur í okkur öll að komast út úr líkamsræktarstöðvunum og út í góða veðrið og skilur maður það mjög vel. Það sem maður getur gert er í raun að færa æfingar dagsins út með því að fara út að skokka, gera armbeygjur og margt fleira; ég fer samt inn í líkamsræktarsalinn en er bara með styttri æfingar á sumrin og lyfti til dæmis lóðum í 30 mínútur en nota svo góða veðrið til að fara út og skokka.

Með þessu móti er lítið mál að halda sér í góðu formi allt árið um kring í staðinn fyrir að koma alltaf að hausti inn í stöðvarnar með móral yfir því að hafa ekkert mætt frá því í lok maí og fram í byrjun september.

Ef þú hefur ekki tíma fyrir líkamann núna þá er ekki víst að líkaminn hafi tíma fyrir þig á morgun. Þessi orð eiga svo sannarlega vel við.

Gleðilegt sumar.

*Ívar Guðmundsson*




# VORVINDAR Á HÓTEL ÖRK

NJÓTTU VORSINS OG LÁTTU LÍÐA ÚR ÞÉR Í RÓLEGU OG NOTALEGU UMHVERFI

Í aðeins hálftíma akstursfjarlægð frá Reykjavík getur þú notið lífsins og fyrsta flokks þjónustu á fyrsta flokks hóteli. Hvort sem þú vilt slaka á í sundlauginni, heitu pottunum og gufunni eða njóta útiverunnar, t.d. við golfiðkun þá er Hótel Örk staðurinn fyrir þig.

- **Sundlaug, heitir pottar og gufubað**
- **9 holu par 3 golfvöllur við hótelið**
- **Gestir spila frítt á golfvellinum í Hveragerði**

## EINSTAKT TILBOÐ Í MAÍ

**Frá mánudegi til fimmtudags**

**5.950 kr.** á mann í tvíbýli

Gisting, morgunverður og þriggja rétta kvöldverður að hætti hússins

**Frá föstudegi til sunnudags**

**7.950 kr.** á mann í tvíbýli

Gisting, morgunverður og þriggja rétta kvöldverður að hætti hússins

Ekki leita langt yfir skammt. Hótel Örk er í aðeins um hálftíma akstursfjarlægð frá Reykjavík

HÓTEL ÖRK

Breiðumörk 1.C | 810 Hveragerði | www.hotel-ork.is | nfo@hotel-ork.is | tel: +354 483 4700



Hveravellir eru rétt við Kjalveginn. Laugin er neðan við skálann í bakkanum við lækinn sem rennur frá hverasvæðinu. Vatn í laugina er meðal annars leitt úr læknum um plaströr. MYND/HVERAVELLIR



Víða á landinu má baða sig undir berum himni. NORDICPHOTOS/GETTY



Mikil náttúrufegurð er í nágrenni Landmannalauga og er svæðið fjölsótt af ferðamönnum. Baðlaugin er stífluð með grjóti en heita vatnið kemur frá uppsprettum í bakkanum ofan við hana og í botni hennar. Nánar á www.hot-springs.org. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ÚTIVIST

Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

Ferðumst um fjalllendi Íslands í sumar

Fjölbreyttar Útivistarferðir á utivist.is





# Unaðsreitir í náttúrunni

**Ísland státar víða af fallegum, náttúrulegum laugum sem njóta má með ýmsu móti.**

Náttúrulegar laugar, heitar laugar og umsjónarlausar sundlaugar má finna víða um land, sem nýta má til að slaka á og upplifa þannig einstaka náttúru með heilsusamlegum hætti. Slíkar laugar hafa löngum verið taldar búa yfir miklu aðdráttarafli eins og sannast helst af fjölda ferðamanna bæði erlendra og innlendra sem leggja leið sína þangað. Hveravellir og Landmannalaugar laða til að mynda til sín þúsundir ferðalanga á ári hverju. Meðfylgjandi eru dæmi um nokkrar laugar sem unnendum hollra lífshátta og fagurrar náttúru gæti þótt gaman að hafa viðkomu á næst þegar ferðast er um landið. *- rve*



Heitt vatn seytlar í Seljavallalaug úr uppsprettum í klettunum. NORDICPHOTOS/GETTY



Sumir telja vatn Bláa lónsins heilnæmt.



Mývetningar hafa stundað heit jarðböð sér til heilsubótar allt frá landnámsöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILEHLM



Tilvalið er að skella sér í hestaferð og skoða í leiðinni ýmsar náttúruperlur.

# Ferðast um á fjórum fótum

Hestaleiga og útreiðartúrar eru meðal þess sem boðið er upp á að Steinsholti í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu.

Í átta daga hestaferð í Landmannalaugar sem hefst og endar í Reykjavík gefst fólki kostur á að skoða margar helstu náttúruperlur Suðurlands; Gullfoss, Geysi, Þjórsárdal, Háafoss, Gjána, Heklu og að sjálfsögðu Landmannalaugar sjálfar. Ferðin er þó aðeins fyrir vant reiðfólk. Brottfarardagar eru 26. júní, 6. júlí, 18. júlí og 14. ágúst.

Einnig er boðið upp á tveggja og þriggja tíma hestaferðir frá Steinsholti og í dagsferðum er um margar leiðir að velja.

Á eftir útreiðartúrum er hægt að setjast inn og nýta sér þær veitingar sem í boði eru. Einnig eru heitir pottar og gisting á bænum. Frekari upplýsingar eru á www.steinsholt.is. *-gun*



Smábátahöfnin í Neskaupstað. Útsýnið á leiðinni á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar er ægifagurt.

# Siglingar um ægifagra firði

Sigling er góð leið til að njóta fegurðar íslensku fjarðanna. Fjarðaferðir bjóða siglingar á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar. Þeir sem hafa tímann fyrir sér ættu að sigla til Mjóafjarðar á föstudegi og eyða helginni í friðsældinni og fegurðinni þar. Útsýnið á siglingaleiðinni þykir ægifagurt.

Í Mjóafirði er bændagisting í boði, bæði í Sólbrekku og tveimur heilsársbústöðum, og þar er opið allt árið um kring.

Í Neskaupstað er líka nóg að skoða og njóta. Í kringum bæinn eru margar skemmtilegar gönguleiðir, í bænum er góð sundlaug, nokkrir veitingastaðir og nokkur söfn, svo sem náttúrugripasafn, sjóminjasafn og safn Tryggva Ólafssonar. *- hhs*

# Herragarðurinn í heild

Ævintýrið 1939 nefnist sumarsýning Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri sem var opnuð 1. maí. Hún er sett upp í tilefni af byggingu hins einstæða húss Gunnars Gunnarssonar skálds og þar er fjallað í máli og myndum um það ævintýri er hátt í hundrað manns unnu sex daga vikunnar frá vori og fram að jólum við að reisa það.

Búið er að vinna líkan sem sýnir herragarðinn í heild sinni eins og hann átti að verða með öllum útihúsum. Grunnflötur þeirra bygginga sem aldrei risu er yfir 2.000 fermetrar, sem sýnir stórhug skáldsins.

Teikningar eru sýndar af íbúðarhúsi sem Gunnar og Jóhann Kristjánsson gerðu að íbúðarhúsi áður en góðvinur Gunnars, þýski arkitektinn Fritz Höger, bauðst til að teikna herragarðinn. Þá er fjallað um sögusögnina um að sami arkitekt sé að húsinu og Arnarhreiðri Hitlers.

Opið er á Skriðuklaustri alla daga frá klukkan 12 til 17 þennan mánuð og 1. júní lengist opnunartíminn í 10 til 18. *- gun*



Skriðuklaustur hefur yfir sér höfðingjasvip. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


HÓTEL BÚÐIR

Upplifðu einstaka náttúrufegurð og gældu við bragðlaukana á óviðjafnanlegu hóteli

Munið gjafabréfin - einstök gjöf fyrir brúðhjón, afmæli og aðrar tækifærisgjafir

Nánari upplýsingar í s: 435 6700.

Velkomin á Hótel Búðir








Hotel Budir | IS-365 Snæfellsnes | Iceland | Tel. +354 435 6700 | Fax. +354 435 6701 | budir@budir.is

Sjáðu hvað Reykjavík er skemmtileg

HÖFUÐBORGARSTOFA

Af toppi Hallgrímskirkjuturns sérðu að borgin býður ýmsa þjónustu og margt að skoða og upplifa eins og til dæmis að taka strætó í Laugardalinn, rölta um Grasagarðinn, kíkja í Húsdýragarðinn eða í fjörið í Fjölskyldugarðinum; nema þú viljir skoða í búðarglugga og versla á Laugaveginum eða fara í Kolaportið og í leiðinni koma við á listasafni eða fara á Þjóðminjasafnið eða skreppa í sund og láta líða úr þér í heitum potti eða gufu og fá nudd og dekur áður en þú ferð út að borða á flottan stað eða Bæjarins bestu og skoðar síðan mannlífið og alla möguleikana sem þú hefur á að skemmta þér í höfuðborg Íslands.

Allt að gerast í borginni.

ÍSLENSKA SIA.IS HBS 46066 04/09



THULE SWEDEN

Ferðabox




Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is



THULE SWEDEN

Hjólafestingar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is




Rúnar Ólafur hjá Hjólaspretti býður upp á að lagfæra hjól innan sólarhrings. Hann hefur orðið var við að fólk nýti sér hjól í auknum mæli sem fararskjóta. FRÉTTABLAÐIÐ/HREFNA

# Tekin í gegn fyrir sumarið

**Nú fara tvíhjóla fararskjótar að sjást í auknum mæli með hækkandi sól og blómum í haga. Hjá Hjólaspretti er hægt að láta fara yfir og lagfæra hjól innan sólarhrings.**

Samkvæmt dagatalinu er sumarið í garð gengið á Íslandi þó svo að veðurfarið fylgi ekki endilega dagsetningum. Hins vegar er ekki ráð nema í tíma sé tekið og því full ástæða til að gera hjólin klár fyrir betri færð og aukna notkun, þótt vissulega noti sumir þau allan ársins hring.

„Í fyrra var mikið um hjólaviðgerðir en hjólasala hefur verið töluverð í allan vetur og viðgerðirnar hafa fylgt með eins og í fyrra. Þær hafa jafnvel aukist, ef eitthvað er," segir Rúnar Ólafur Emilsson hjá Hjólaspretti í Hafnarfirði og bætir við: „Nú leggjum við hins vegar mikla áherslu á að klára viðgerðir og höfum verið að keppast við að klára þær innan sólarhrings. Þá er hægt að koma með hjólið og fá það strax daginn eftir fyrir klukkan sex. Því hefur verið töluverður handagangur í öskjunni upp á síðkastið," segir Rúnar og brosir í kampinn. „Allan síðasta vetur og núna hef ég orðið var við að fólk nýtir sér í auknum mæli hjólreiðar sem fararmáta og hreyfingu. Fólk er til dæmis að græja sig upp til þess að hjóla í vinnuna," bætir hann við.

Hjá Hjólaspretti er auk viðgerðarþjónustu boðið upp á úrval reiðhjóla og aukahluta sem þeim fylgja. Þar má finna góðan hjólreiðafatnað. „Þetta er fatnaður sem andar vel, flækist ekki í hjólinu og hentar almennt vel til hjólreiða. Fólk spáir orðið meira í hentugan klæðnað fyrir hjólreiðar svo hjólið nýtist sem best," segir Ólafur. En hvað þarf helst að laga? „Helstu viðgerðirnar eru á vírum og börkum sem þarf að laga eða skipta út. Þetta stirðnar upp yfir veturinn ef hjólin eru úti. Síðan eru það gírar, slöngur, dekk og hnakkar sem þarf oft að dytta að. En ef skipta þarf um mikið af aukahlutum þá borgar það sig oft ekki, sér í lagi ef hjólið er orðið gamalt," útskýrir Rúnar og nefnir að við fyrstu sýn sé metið hvort það svari kostnaði að gera við hjólin.

Hjólasprettur hét áður Hjá Ása og er orðið um átján ára gamalt fyrirtæki. „Sá sem var með þetta áður hafði verið í hjólabransanum í áratugi en við höfum verið með Hjólasprett í tæp tvö ár," segir Rúnar og bætir við að þar sé allt til alls þegar kemur að hjólreiðum. „Við erum með fjölbreytt úrval hjóla, bæði bæjarhjól og keppnishjól. Millidýru hjólin hafa verið vinsæl og er fólk oft að kaupa þau til að hjóla í vinnuna."

Rúnar lumar vissulega á góðum ráðum þegar kemur að umhirðu reiðhjóla. „Gott er að halda hjólinu hreinu og bóna það reglulega. Þannig er hægt að hrinda frá drullu og fara vel með stellið. Síðan eru til ýmsar vörur er tengjast viðhaldi og má þar nefna smurningu á keðju og sílikon á dempara. Mikilvægt er að geyma hjólið inni en þau fara illa á að standa mikið úti. Þá safnast raki í barkana, vírar standa fastir og þá hætta gírar að virka og allt stífnar upp. Þannig má líka koma í veg fyrir ryð í stelli. Ef hjólið hefur staðið óhreyft í einhvern tíma er líka gott að láta yfirfara það til að koma í veg fyrir vandræði og jafnvel slys," segir hann ákveðinn en meðalviðgerð kostar ekki mikið. *- hs*

KYNNING

# Vörur fyrir fólk og vagna

Eigendur ferðavagna eiga tíðum erindi á Strandgötu 75 í Hafnarfirði í fyrirtækið Bílaraf sem selur útileguvarning, meðal annars öfluga hitara. Kristinn Þór Jóhannesson er innkaupa- og markaðsstjóri.

„Við erum hér með alhliða þjónustu fyrir allar tegundir hjólhýsa, tjaldvagna, fellihýsa og húsbíla," lýsir Kristinn Þór. Kveðst þó ekki selja vagnana sjálfa heldur gashitakerfi fyrir þá og sjá um ísetningu á þeim. „Flestir ferðavagnar og húsbílar eru hitaðir með gasmiðstöðvum og algengasta merkið er Truma frá Þýskalandi. Við flytjum þær inn og einnig aðrar sænskættaðar sem heita Alde," segir hann. „Báðar gerðirnar geta enst í tugi ára með eðlilegu viðhaldi."



Gunnlaugur Ingibergsson og Kristinn Þór Jóhannesson í Bílarafi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kristinn segir vinsælt að koma með vagna í allsherjar yfirferð til Bílarafs áður en haldið er í útilegurnar á vorin. „Við bjóðum upp á gaslekaprófun og þrýstiprófun og förum yfir bremsur. Gerum sem sagt allt klárt fyrir sumarið."

Bílaraf er 45 ára gamalt fyrirtæki. Það skipti um eigendur fyrir hálfu öðru ári er það sameinaðist Gasþjónustunni og flutti af Auðbrekku í Kópavogi á Strandgötuna í Hafnarfirði. Þar er verslun og verkstæði með gott aðgengi því planið er stórt. Í versluninni eru kælibox og ísskápar í vagnana, borð og stólar. „Við erum hér með alls konar vörur tengdar útilegumenningu, bæði fyrir fólk og vagna," áréttar Kristinn.

Gasþjónusta er stór liður í starfsemi Bílarafs, en einnig gasvélaviðgerðir og lagnir. „Svo erum við líka með gasskynjara," segir Kristinn. „Það er vissara fyrir fólk að hafa þá." *- gun*


truma
Ertu þreyttur á að puða með hjólhýsið ?
Miðstöðvar
Vatnshitari
Trumatic E 2400
Combi 4
+ heitt vatn
Boiler B 14 L.
Bara sniðugt
Gastengi úti
Ultraheat
220 v. hitun
Therme
TrumaMover leysir málið !
Nú á tilboði undir komið
TILBOÐ 279.000.- KR.
á meðan birgðir endast
Ristar og lok
Ristar/lok/rör ofl.
Kranar
Gas-skiptir
DuoControl
Alde
AL-KO
Hitastillir
Kúlutengi
Demparar
Mótorar
Nefhjól
Flexitorar
Gasþjónustan
Gerir allt sem viðkemur gasi
Eir-rör
Gasslöngur
Verkstæði fyrir allar tegundir ferðavagna.
Mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir.
Full búð af ferðavörum og aukahlutum.
Þrýstiminnkarar
Gasskynjarar
Yfir 45 ára reynsla og þjónusta
Gas-Kranar
Fittings/tengi
Bílaraf
Gasþjónustan
Gleðilegt ferðasumar !
Strandgata 75 - 220 Hafnafjörður - sími 564 0400 - www.bilaraf.is - www.bilaraf@bilaraf.is

KYNNING

# Fylgihlutir í ferðavagna

„Landsmenn eru ákveðnir í að ferðast innanlands í sumar," segir Kristín Anný Jónsdóttir, sölustjóri hjá Víkurverki í Kópavogi, sem selur hjólhýsi, fellihýsi, fylgihluti og fleira. Mikið hefur verið að gera hjá fyrirtækinu upp á síðastkastið enda margir farnir að gera vagnana sína klára fyrir sumarið.

„Hér seljum við hjólhýsi og húsbíla frá umboðum eins og LMC, Hobby, Fendt, Buerstner, Knaus og Rimor. Og ánægjulegt er að segja frá því að við bjóðum upp á alveg nýja tegund af fellihýsum frá Coachman," segir Kristín Anný og bætir við að fyrirtækið sé einnig með notaða ferðavagna sem seljist vel. „Í ríkjandi árferði hefur reyndar verið lítið um innflutning á nýjum ferðavögnum." Hún segir því tilvalið að kíkja á vagna fyrir sumarið, þar sem margar tegundir séu þegar uppseldar.

Kristín Anný bendir jafnframt á að svo megi alltaf breyta og bæta ferðavagnana, til dæmis með því að kaupa í þá smáhluti eins og skyggni og fortjald og aðra fylgihluti, sem fáist í góðu úrvali hjá fyrirtækinu. „Við leggjum mikið upp úr því að eiga aukahluti á reiðum höndum og rekum því öflugt verkstæði sem getur séð um allt almennt viðhald á ferðavögnum."

Loks beinir hún þeim tilmælum til eigenda ferðavagna af árgerðinni 2005 eða eldri að nú þurfi þeir að láta skoða þá hjá Frumherja rétt eins og alla aðra bíla. *- vg*



„Sala á útleigukortum gefur góða vísbendingu um að sumarið 2009 verði mikið ferðasumar hjá eigendum ferðavagna," segir Kristín Anný. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

PHILIPS
Hleðslutæki með innbyggðri rafhlöðu





Hleður síma, iPod og myndavélar
- Rafhlaðan endist í allt að 15 tíma. Hentar vel í útileguna, sumarbústaðinn og í ferðalagið. Þú stingur símanum eða iPod í samband við Power2Charge og hleður af rafhlöðunni
- 6 millistykki fyrir t.d. síma, iPod, myndavélar og önnur 5V tæki
- Snúran er í litlu handhægu kefli
- Millistykki geymd í gúmmíbandi
- Ferðapoki

Merki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.



Nú er hægt að skiptast á sumarbústöðum og húsum í sumar fyrir tilstuðlan heimasíðunnar www.husaskipti.is. Myndin tengist greininni ekki en hún sýnir sumarhús frá Trésmiðju Heimis ehf. MYND/TRÉSMIÐJA HEIMIS EHF.

# Skipst á húsum í fríinu

**Með hjálp heimasíðunnar www.husaskipti.is er ódýrara að ferðast innanlands.**

„Markmiðið er að fólk geti farið í sumarfrí án þess að greiða mikið meira en þegar það er heima hjá sér," segir Martin Lund Olesen forritari um vefsíðuna www.husaskipti.is sem hann forritaði. Hugmyndina eiga Steinn Kári Steinsson og kærasta hans, Bára Oddsdóttir, en Martin, sem er Dani, segist strax hafa fallið fyrir inntaki heimasíðunnar.

„Hugmyndin byggist á þeirri trú að þrátt fyrir kreppu hætti fólk ekki að gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldu sinni í sumarleyfinu. Með milligöngu síðunnar geta fjölskyldur fundið aðrar fjölskyldur og skipst á húsum innanlands," segir hann.

Spurður hvort hann telji að hugmyndin eigi eftir að ganga vel í Íslendinga segist hann vona að svo verði. „Svona þjónusta er til um allan heim en ég veit ekki til þess að þetta hafi verið til hér fyrr en núna. Þetta gengur alls staðar annars staðar svo ég trúi því að þetta gangi hér líka. Á Íslandi þekkja líka allir alla, það er oftast hægt að finna einhvern í gegnum aðra og fyrst fólk getur treyst hvert öðru í útlöndum hlýtur það að vera hægt hér líka. Sjálfur myndi ég frekar leyfa ókunnugri fjölskyldu að búa í mínu húsi en að láta það standa tómt í kannski þrjár vikur." Hann bætir því við að þessi þjónusta sé ókeypis, þannig komist fjölskyldur í samband hver við aðra en sjái sjálfar um lyklaskipti og þess háttar. „Við hjálpum bara fólki að komast í samband við hvert annað en eftir það taka fjölskyldurnar við."



Martin segir þjónustuna nýjung hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Húsaskipti gætu hentað þeim sem vilja hafa það náðugt í fríinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Sjálfur hefur Martin ferðast mikið um Ísland og hefur meðal annars keyrt hringinn þrisvar sinnum. Hann segir margt fallegt að skoða og hvetur Íslendinga til að horfa sér nær þegar kemur að ferðalögum. „Hingað til hefur hugsunin um frí einungis snúist um útlönd í margra hugum en vegna kreppunnar mun það líklega breytast og það væri skemmtilegt fyrir útlendingi tækist að fá ykkur til að ferðast meira um landið ykkar." *- iáh*

KYNNING

# Ferðavörur og grill í úrvali

Í Ellingsen er ríkulegt úrval af veiði-, ferða- og útivistarvörum. Í ferðatækjadeildinni má finna Fleetwood og A-liner fellihýsi, Hymer og Adria hjólhýsi, Montana tjaldvagna og ýmsa aukahluti.

Í veiðideildinni eru stangveiðivörur frá Loop og Abu Garcia og í skotveiðina má finna vörur eins og Browning Remington, Tikka, Sako, Sauer og Winchester. Þá er mikið úrval af útivistarfatnaði frá Columbia, Devold og Didriksson sem eru allt leiðandi vörumerki á sínu sviði.

Ferða- og gasvörur skipa einnig stóran sess í versluninni og hefur Ellingsen um árabil verið umsvifamesti einstaki söluaðili á gasgrillum á Íslandi, en þar fást meðal annars hentug ferðagrill. Í tilefni sumarkomunnar má einnig geta þess að Ellingsen hefur í mörg ár verið leiðandi söluaðili á fánastöngum sem eru innfluttar frá Formenta í Svíþjóð.




Ellingsen rekur tvær verslanir. Önnur er að Fiskislóð 1 í Reykjavík en hin að Tryggvabraut 1-3 á Akureyri.

# TILBOÐ Á NÝJUM HJÓLHÝSUM

**BARA ÞESSA VIKU!**




**KNAUS SPORT 450 FU**
*Verð áður kr. 2.975.600*
*Tilboð kr. 2.775.600*






**LMC CASA FAMILIA 720 RBK**
*Verð áður kr. 4.788.000*
*Tilboð kr. 4.488.000*






**FENDT SAPHIR 560 TFK**
*Verð áður kr. 3.998.900*
*Tilboð kr. 3.698.900*






**LMC FAVORIT590 SK**
*Verð áður kr. 4.375.000*
*Tilboð kr. 4.175.000*






**LMC EXQUISIT 590 RD**
*Verð áður 6.480.000*
*Tilboð 5.980.000*





**EIGUM EINNIG ÖRFÁ VEL ÚTBÚIN CLIPPER FELLIHÝSI Á FRÁBÆRU VERÐI.**
*Frá kr. 1.845.000*

**NÚ FERÐAST ALLIR INNANLANDS Í SUMAR**

**VANTAR ÞIG HJÓLHÝSI?**
*Nú er tækifærið að gera góð kaup á nýju hjólhýsi. Komdu í sýningarsalinn og finndu rétta hjólhýsið fyrir ferðalagið innanlands í sumar.*

VERIÐ VELKOMIN
OPIÐ LAUGARDAGA KL. 12-16

VÍKUR V·E·R·K

**WWW.VIKURVERK.IS** **VÍKURHVARFI 6** **SÍMI 557 7720**










# Popparasjoppur á landsbyggðinni

**Á ferð um landið eru sjoppur víðs vegar vinsælir viðkomustaðir og oftar en ekki nauðsynlegir. Við fengum nokkra reynda poppara til að segja okkur aðeins frá uppáhalds sjoppunum sínum en þegar túrað er um landið og spilað á sveitaböllum er nauðsynlegt að næra sig og safna kröftum á leiðinni.**



Hamborgarar eru sígilt sjoppufæði á löngum og strembnum ferðum um landið.



**GUNNAR ÓLASON**

„Staðarskáli er uppáhalds sjoppan mín. Hann er áningarstaður poppara sem ferðast á rútum og ef hann væri ekki til værum við löngu dauðir. Hamborgararnir þar eru búnir að ala af sér kynslóð poppara. Alltaf er stoppað í Staðarskála. Breytingarnar á honum eru að mínu mati bara til hins betra. Aðgengið er betra og snyrtilegra þó svo að sá gamli sé alltaf góður í minningunni. Ég hef nú í seinni tíð farið þarna sjaldnar í gegn en ef ég er á ferðinni um Hrútafjörðinn stoppa ég alltaf þarna. Síðan er alltaf gaman að stoppa í Víkurskála í Vík í Mýrdal en þar fæ ég mér alltaf krembrauð og kók. Veitingavalið fylgir svolítið þeim stað sem stoppað er á, eitthvað eitt er betra þarna en annars staðar. Allt hefur þetta sinn sjarma.“



**BIRGITTA HAUKDAL**

„Mín uppáhaldssjoppa er Staðarskáli í Hrútafirði. Kjötsúpan þar er frábær en í Staðarskála er hægt að fá heimatilbúinn sveitamat eins og gúllas, kjötsúpu og fleira sem er ekkert endilega í öðrum sjoppum á landinu. Fyrir ári síðan var sjoppan gerð upp og henni breytt og hafði ég þá smá áhyggjur af að hún myndi missa sjarmann en kjötsúpan er enn til staðar og ég mun halda áfram að stoppa þar þó svo að búið sé að breyta henni.“



**MAGNI ÁSGEIRSSON**

„Það er nú af mörgu að taka, sérstaklega þar sem ég keyri um það bil þúsund kílómetra á viku. Uppáhaldssjoppan mín var Staðarskáli en er það ekki lengur. Eftir breytingarnar hvarf svolítið sjarminn og er þetta orðin „enn ein“ bensínstöðin. En annars er og hefur Söluskáli KHB á Egilsstöðum alltaf verið ein af mínum uppáhalds sjoppum. Þegar ég var í menntaskóla á Eiðum fórum við alltaf inn á Egilsstaði með rútu og héngum þar allan daginn, starfsfólkinu til ákaflega lítillar ánægju. Þetta er allavega sú sjoppa sem ég hef eytt mestum tíma í. Síðan er alltaf gott að stoppa í Varmahlíð og starfsfólkið á Blönduósi er reyndar mjög skemmtilegt.“



**JÓNSI Í SVÖRTUM FÖTUM**

„Ein sjoppa er öðrum betri að mínu mati og það er flugkaffið á Flugvellinum á Akureyri. Það er svo rosalega gott flatbrauð með hangikjöti þar. Mín venja undanfarin fjögur ár er að kaupa alltaf tvær sneiðar af flatbrauði með hangikjöti og eina kókómjólk þegar ég er í flugstöðinni á Akureyri. Þetta er sú sjoppa sem hefur orðið hvað reglubundnust hjá mér. Þetta er klárlega mín uppáhaldssjoppa.“



**PÉTUR ÖRN GUÐMUNDSSON**

„Einhvers staðar nálægt Vík í Mýrdal er sjoppa sem er dálítið ein á báti. Því miður man ég ekki hvað hún heitir né hvar hún er nákvæmlega en þar fékk ég svo fínar heimaprjónaðar lopahúfur fyrir nokkrum árum. Húfurnar hafa nýst mér vel og hafa bjargað heyrn minni og heila. Síðan fékk ég afbragðsgóðar veitingar og svaladrykki. Eitthvert bílaverkstæði er þarna rétt hjá en hins vegar er alveg stolið úr mér hvað sjoppan heitir! Hún er ekki inni í neinum bæ heldur stendur bara ein og sér á einhvers konar krossgötum, kannski mig hafi bara dreymt þetta á leiðinni? En ef ég á að nefna aðrar sjoppur þá kunni ég nú alltaf vel við Brú í Hrútafirði en svo stoppa ég oft í Borgarfirði. Þó að Hyrnan sé stór og mikil fer ég yfirleitt í þessa minni þar sem hún minnir meira á æskudagana. Það er alltaf voða gott að fá sér kaffi og frostpinna þar, þó ekki endilega í þeirri röð.“

KYNNING

# Handhægt og einfalt í notkun

Mörgum þykir óhugsandi að ferðast án þess að hafa með sér iPod, leikjatölvur, myndavélar eða farsíma. Ýmsir kostir fylgja því að hafa slík tæki við hönd, en einn helsti ókosturinn er sá að þeim fylgir oft fjöldi aukahluta, eins og hleðslutæki. Philips hefur séð við því með framleiðslu á hleðslutæki með innbyggðri rafhlöðu, Philips Power2Charge, sem hentar í ferðalög og hefur hlotið góðar viðtökur. Það hleður jafnt síma, iPod og önnur 5V tæki, þar sem því fylgja sex ólík millistykki. Því þarf ekki að halda utan um fjölda hleðslutækja á ferðalagi. Rafhlaðan endist í allt að fimmtán tíma. Tækinu er stungið í samband við Power2Charge og við það hleður það af rafhlöðunni í hleðslutæki. Sérstakt ljós sýnir hvort það er að hlaða sig. Prufutakki og díóðu-ljós sýna hversu mikil hleðsla er á því. Tækið fæst í verslunum



KYNNING



**Mönnum verður gjarnan tíðrætt um náttúrufegurð í Dýrafirði. Þar er þó hægt að njóta fleira en fallegrar náttúru, þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðaþjónustu.** MYND/ÚR EINKSAFNI

# Fjölskyldupara-dís í Dýrafirði

Náttúrufegurð í Dýrafirði þykir mikil og þar er undirlendi meira en víðast hvar á Vestfjörðum. Fjörðurinn er miðsvæðis á Vestfjarðakjálkanum og því stutt á aðra markverða staði.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðaþjónustu í Dýrafirði síðustu ár. Má þar nefna veitinga- og kaffihús, fjölbreytta gistiþjónusta á gistiheimilum og á hótelum, kvöldvökur á víkingasvæðinu, siglingar á víkingaskipi, gönguferðir á slóðir Gísla Súrssonar, hestaferðir, sjóstangaveiði, silungsveiði, blakvelli, sundlaug, íþróttahús með líkamsræktaraðstöðu, fótboltavelli, vélsmiðjusafn, frábærar gönguleiðir og fleira.

Á Þingeyri er tjaldsvæði fyrir ferðalanga í húsbílum, hjólhýsum eða tjaldvögnum þar sem vikudvöl kostar 14.000 fyrir alla fjölskylduna. Jafnframt er íþróttanámskeið í boði fyrir börn virka daga fyrir 5.000 krónur á barn. Vikudvölin kostar því samtals 24.000 krónur fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Þá er óuppgefinn golfvöllur sem nota má að vild fyrir 5.000 krónur á mann á viku. Frítt er fyrir börn.



**Ýmsir afþreyingarmöguleikar eru á svæðinu, meðal annars fjöldi góðra gönguleiða.**

Þess skal getið að auðveldasti og hugsanlega skemmtilegasti ferðamáti til Dýrafjarðar frá höfuðborgarsvæðinu er að aka til Stykkishólms, taka bílaferjuna þaðan til Brjánslækjar (með viðkomu í Flatey) og aka síðan þaðan í rólegheitum í um það bil eina og hálfa klukkustund til Þingeyrar.

Hægt er að kynna sér helstu þjónustu og afþreyingarmöguleika sem verða í boði í Dýrafirði í sumar á vefsíðunni www.thingeyri.is.

# Leikir sem létta lundina

Bílferðin getur virst endalaus fyrir litlu krílin og þá er eins gott að hafa eitthvað fyrir stafni. Það getur stytt ferðalagið bæði fyrir börn og fullorðna að taka þátt í hinum ýmsu bílaleikjum sem skapa einnig skemmtilega stemningu í bílnum.

Klassískir leikir á borð við Frúna í Hamborg og Hver er maðurinn? standa alltaf fyrir sínu.

Litir og númer. Allir velja sér einn lit eða eitt númer og svo eru bílarnir skoðaðir sem keyra framhjá og allir telja hversu oft bíll með þeirra lit kemur eða með þeirra númeri í bílnúmerinu. Sá sem fær oftast litinn eða númerið upp vinnur.

Hugsunarleikurinn. Leikur sem hentar þeim yngri. Einhver hugsar um eitthvað, annað hvort í umhverfinu sem er sjáanlegt eða bara eitthvað heima, og hinir eiga að giska á hlutinn/manneskjuna/fyrirbærið. Það má bara spyrja já- og-nei spurninga til þess að fá vís-



**Börnum getur þótt bílferðalagið endalaust og eins gott að hafa eitthvað fyrir stafni.**

bendingar.

Börn geta gleymt sér tímunum saman við að syngja og skemmtilegast er þegar mamma eða pabbi syngja með.

Svo er um að gera að hafa nógu marga geisladiska til að missa ekki vitið eftir að hafa hlustað á sömu lögin í tvo tíma. Þeir sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir hávaða ættu að íhuga möguleikann á ferðageislaspilara. Nú, svo stendur Bylgjan alltaf fyrir sínu.







# Strandmenningarhátíð

# Sjóarinn síkáti



## Sjómanna- og fjölskylduhátíð

## í Grindavík dagana 5. – 7. júní 2009

grindavik.is
saltfisksetur.is

# *Viðburða- og menningardagskrá*
# *Saltfiskseturs og Grindavíkurbæjar 2009*

## *Júní*

5. **Sjóarinn síkáti, strandmenningarhátíð**
Fjölskyldu- og sjómannahátíð hefst.

7. **Sjómannadagurinn**
verður haldinn með hefðbundnu sniði.
Dagskrá verður borin í hús.

**Ratleikur, „söguratleikur“ í Grindavík**
Ratleikurinn hefst í upphafi Sjómannahátíðar og lýkur á Jónsmessu með verðlaunaafhendingu.

17. **Hátíðahöld Grindavíkurbæjar**
verða með hefðbundnu sniði og fara að mestu fram við Saltfisksetrið. Dagskrá verður borin í hús.

21. **Jónsmessuganga á Þorbjörn**
Gangan hefst við sundlaugina í Grindavík kl. 20. Gengið á Þorbjörn þar sem verður varðeldur og tónlistaratriði. Gangan endar í Bláa lóninu.

27. **Listsýningarsalur Saltfiskseturins**
Sólveig Dagmar Þórisdóttir opnar sýningu.

## *Júlí*

18. **Listsýningarsalur Saltfiskseturins**
Nína Gautadóttir opnar sýningu.

**27. júlí – 3. ágúst.**
**Náttúruvika á Reykjanesi**
Ýmsir viðburðir tengdir náttúru og umhverfi Reykjanesskagans.

## *Ágúst*

**31.júlí – 3. ágúst.**
**Verslunarmannahelgin**
AF STAÐ á Reykjanesið, gönguhátíð í Grindavíkurlandi. Boðið verður upp á fjórar 3 - 6 tíma gönguferðir með leiðsögn frá föstudegi – mánudags ásamt viðburðum í Saltfisksetrinu og Flagghúsinu. Tjaldsvæði og gisting í Grindavík. Dagskrá verður borin í hús.

8. **Listsýningarsalur Saltfiskseturins**
Gallerí opnar sýningu.

**AF STAÐ á Reykjanesið**
**9., 16., 23. og 30. ágúst**
Boðið verður upp á fjórar 3 - 4 tíma þjóðleiðagöngur með leiðsögn á vestanverðum Reykjanesskaganum.
**Sjá www.sjfmenningarmidlun.is.**

29. **Listsýningarsalur Saltfiskseturins**
Glergallerý Máni frá Dalvík opnar sýningu.

## *September*

**Þórkötlustaðaréttir**
Smalað verður í afrétti Grindvíkinga föstudaginn 18. sept. ef veður leyfir og dregið í dilka kl. 14 laugardaginn 19. sept.

**„Finna féð“**
Ratleikur fyrir alla fjölskylduna í nágrenni við réttirnar. Veitingar, harmoníkuspil, haustmarkaður og hestatúr fyrir börnin í Reiðhöllinni.

19. **Listsýningarsalur Saltfiskseturins**
Svala Þórðardóttir opnar sýningu.

26. **100 ára afmæli gömlu kirkjunnar í Grindavík**
Kirkjuganga, gengin verður gamla kirkjugatan frá Stað að gömlu kirkjunni í Járngerðarstaðahverfi. Kirkjan var vígð 26. sept. 1909. Gangan hefst við Staðarkirkjugarð og tekur um 2 -3 tíma með fræðslustoppum. Söguskilti verður sett upp við kirkjuna.

**GRAL,** Grindvíska atvinnuleikhúsið frumsýnir leikverkið Horn á höfði.



## Nýtt glæsilegt tjaldsvæði

Afgirt og sérhannað tjaldsvæði opnað í lok maí.
42 stæði fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna. 30+ fyrir tjöld.
Afgirt. Fullkomin aðstaða til seyrunotkunar, aðgangur að rafmagni. Malbikuð og hellulögð bílastæði í innkomu tjaldsvæðisins. Tvö frábær leiksvæði fyrir börn.








Allar nánari upplýsingar um einstaka viðburði er hægt að nálgast í Saltfisksetri Íslands, Hafnargötu 12 a.
Sími 420 1190, 660 7303, fax 420 1199 og www.saltfisksetur.is. Upplýsingamiðstöð Grindavíkur. Hafnargötu 12. a. Sími 420 1190.
Tilkynningar um hvern atburð verða á www.grindavik.is. Dagsetningar og tímasetningar geta breyst og verða auglýstar sérstaklega.
Kristinn Reimarsson, f.h. Grindavíkurbæjar, gsm 660 7310 - Óskar Sævarsson, f.h. Saltfiskseturins, gsm 660 7303
Sigrún Jónsd. Franklín, verkefnastjóri, gsm 691 8828

Njótum góðra stunda... Grindavík... góður bær!
www.grindavik.is

Stapaprent

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## VANTAR ÍBÚÐIR TIL LEIGU

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur allar gerðir íbúðar húsnæðis til leigu. Vinsamlegast hafið samband við Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltan leigumiðlara.

## Árakur 20-30 í Garðabæ - ný hugsun - ný verð








Nútímaleg og falleg 2ja hæða funkis raðhús sem byggð eru á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni. Húsin er klætt ýmist flísum eða báraðri álklæðningu sem gefa þeim nútímalegt útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald.

VERÐ FRÁ 39,6 MILLJ. TILBÚIN TIL INNRÉTTINGAR OG FULLBÚIN AÐ UTAN SEM INNAN OG MEÐ GÓLFEFNUM FRÁ 51,6 MILLJ.

**HÚSIN VERÐA TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:30.**

## Barðastaðir - penthouse



Glæsileg 270,9 fm penthouse íbúð með stórfenglegu útsýni. Tvöfaldur 64,0 fm bílskúr, samtals 334,9 fm. Íbúðin er á tveimur hæðum. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan hátt og allar innréttingar 1. flokks. Þrjár stofur, þrjár snyrtingar, tvö svefnherbergi, þrennar svalir. V. 74,0 m. 4713

## Sóleyjarrimi - nýlegt raðhús



Falleg og vel skipulagt 208,1 fm nýlegt raðhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í á neðri hæð; forstofu, gestasnyrtingu, tvær stofur og eldhús. Á efri hæð; fjögur svefnherbergi, sjónvarpsstofu, baðherbergi og þvottaherbergi. Mikil lofthæð er á neðri hæðinni. Hiti er í gólfum. Afgirtur hellulagður suðurgarður.

Hiti er í hellulögðu bílaplani. V. 54,0 m. 4697

## Foldarsmári - neðri sérhæð



Glæsileg 149,7 fm neðri sérhæð með sérinngang ásamt sérstæðum bílskúr í smárahverfi Kópavogs. Aðkoma að húsinu er mjög góð og er þar stórt upphitað bílaplan. Garður í góðri rækt og sér timburverönd fylgir hæðinni. V. 41,3 m. 4721

## Sléttuvegur - 55 ára og eldri



Mjög falleg og björt 3ja herb. 84,6 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi fyrir eldri borgara með glæsilegu útsýni til sjávar og yfir Kópavog. Íbúðin skiptist í hol, stórt svefnherbergi, geymslu, baðherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús og svalir með glerlokun. V. 31,9 m. 4699

### Vantar stórt einbýlishús í Þ-selum

Traustur kaupandi óskar eftir 300-400 fm einbýlishúsi í Þ-selum í Seljahverfinu. Góðar greiðslur í boði fyrir rétta eign. Allar nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson í síma 824-9093.

### Einbýlishús í hlíðunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-300 fm einbýlishúsi í hlíðunum, t.d. við Háuhlíð eða Hörgshlíð. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514

### Einbýlishús í Vesturbæ eða Þingholtunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-350 fm einbýlishúsi í vesturborginni eða þingholtunum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514

### Hæð eða hæð og ris í vesturborginni óskast - staðgreiðsla

Traustur kaupandi óskar eftir hæð eða hæð og risi, 140-180 fm í vesturborginni. Staðgreiðsla í boði. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514.

## Eldri borgarar



**Skúlagata - 8. hæð** Falleg og björt 60,2 fm tveggja herbergja útsýnisíbúð á áttundu hæð við Skúlagötu fyrir 60 ára og eldri, glæilegt útsýni yfir sundin og vestur yfir borgina. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. V. 20,5 m. 4716



**Kleppsvegur - 60 ára og eldri** Mjög góð og vel skipulögð 2ja herbergja 79 fm íbúð í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri. Þvottahús innan íbúðar og yfirbyggðar svalir. Mikil og góð sameign m.a. salur í húsinu. V. 27,9 m. 4486



**Skólabraut - 65 ára og eldri** Falleg 2ja herbergja 57,2 fm íbúð fyrir 65 ára og eldri í þessu vinsæla húsi á Seltjarnarnesi. Björt og falleg íbúð. Í húsinu er matsalur, fönduraðstaða, og ýmisleg þjónusta tengd eldri borgurum. Mjög falleg sameign og góð staðsetning. V. 20,5 m. 4490



**Hvassaleiti - fyrir eldri borgara.** Falleg 72,5 fm íbúð. Rúmgóð stofa með útgengi út á verönd til suðvesturs. Húsvörður í húsinu. Hægt að fá keyptan heitan mat í hádeginu. Ýmiss þjónusta í húsinu svo sem hárgreiðslu- og fótaaðgerastofa. Skipulagt félagsstarf. Heitur matur í hádeginu. V. 22,3 m. 3961

## Einbýli



**Ólafsgeisli - frábær staðsetning.** Mjög vel staðsett tvílyft 237,8 fm einbýlishús með 26,8 fm innbyggðum bílskúr. Húsið er staðsett innst inn í lokaðri götu og er útsýni mjög glæsilegt og stutt er út í óspillta náttúruna og Garfarholtsgolfvöllinn. Lóðin er fullbúin og m.a. með um 100 fm timburverönd, hellulögðu plani V. 64,0 m. 4704



**Gljúfrasel - mikið útsýni** Um er að ræða 258,3 fm hús á þremur hæðum. Séríbúð á jarðhæð sem er með sérinngangi og er 2ja herbergja ca 40,1 fm. Yfirbyggðar svalir með miklu útsýni. Að innan þarfnast húsið einhverrar standsetningar. V. 44,0 m. 4049



**Bakkastígur - virðulegt hús** Virðulegt einbýlishús í gamla vesturbænum. sem er 206,7 fm á þremur hæðum ásamt 8,4 fm útigeymslu, samtals 215,1 fm. Húsið er bárujárnsklætt timburhús byggt árið 1903. Eignin skiptist í tvær hæðir og kjallara. V. 59,0 m. 4648



**Bollagarðar - Seltjarnarnes** Glæsilegt einbýlishús með sjávarútsýni og innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, hol/gang, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, fjögur herbergi, sjónvarpshol, geymslu og baðherbergi. Endurnýjuð lóð með afgirtri verönd og heitum potti. Allar innréttingar, gólfefni og skipulag er hið vandaðasta enda hefur húsið allt verið endurnýjað á síðustu árum. V. 65,0 m. 4640

## Parhús



**Víðarás - glæsilegt parhús** Einstaklega glæsilegt tveggja hæða parhús á besta stað í Árbænum - glæsilegt útsýni. Húsið er vel innréttað, m.a. eru innréttingar úr "Hondurasmahogny", gegnheilt "Iberaro parket" og "mustang flísar" á gólfum. Í húsinu er m.a. þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. V. 49,8 m. 4368

## Raðhús



**Funafold - skipti möguleg** Vel staðsett tvílyft 172 fm endaraðhús með innbyggðum 19,8 fm bílskúr á fallegum útsýnisstað. SKIPTI Á EINNI EÐA TVEIMUR ÍBÚÐUM KOMA TIL GREINA. V. 39,5 m. 4656

## Hæðir



**Sogavegur - neðri sérhæð** Ný 127 fm neðri sérhæð í tvíbýlishúsi við Sogaveg í Reykjavík. Íbúðin er laus strax og skiptist í anddyri, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús/geymslu og þrjú svefnherbergi. Að utan er húsið tilbúið steinað en lóð er ófrágengin. V. 30,0 m. 4633

## 4ra-6 herbergja



**Laugarnesvegur - falleg íbúð** Mjög góð og björt 4ra herbergja, 112,1 fm íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í hol, þrjú svefnherbergi, rúmgóða stofu, svefnherbergisgang, eldhús og baðherbergi. V. 24,0 m. 4717



**Lækjarsmári 2 - Laus strax** 4ra herberja 111,7 fm íbúð á 6. hæð í fallegu viðhaldslitlu lyftuhúsi. Yfirbyggðar svalir. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, (búið að opna á milli tveggja) baðherbergi, og sérþvottahús. Áhv. 20 millj. frá Íls. V. 24,9 m. 4652



**Hólmgarður - góð eign** 95,2 fm íbúð á efri hæð með sérinngangi í fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í sameiginlegt þvottaherbergi í kjallara, litið forstofuherbergi , barnaherbergi, eldhús með borðkrók, baðherbergi, hjónaherbergi, stofu og ris sem er yfir allri íbúðinni - möguleiki á að lyfta þaki. V. 22,5 m. 4436



**Miðleiti - endaíbúð með útsýni** Mjög góð og vel skipulög 3-4ra herbergja 111,4 fm íbúð á 2. hæð í þessu góða húsi. Mikil sameign og yfirbyggðar svalir. Sjón er sögu ríkari. V. 37,0 m. 4155

## 3ja herbergja



**Ögurás - jarðhæð** Mjög falleg 3ja herbergja 94,3 fm íbúð á jarðhæð við Ögurás í Garðabæ - sérinngangur - góð verönd - gott útsýni. Niðurlímt einnar fasa eikarparket að mestu en flísar á baði og anddyri. Mjög gott verð! V. 22,9 m. 4712

## 3ja herbergja



**Langalína - fullbúin glæsiíbúð** Glæsileg fullbúin 3ja herbergja íbúð við sjávarsíðuna með gólfefnum. Við hönnun hússins var leitast við að skapa glæsilega byggingu sem myndi njóta sín vel við sjávarsíðuna í Sjálandshverfi í Garðabæ. V. 39,0 m. 4696



**Þrastarhöfði - falleg íbúð** Falleg 104,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Mjög glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, bæði til suðurs, norðurs og vesturs. V. 25,9 m. 4698

## 2ja herbergja



**Sæbólsbraut - skipti á 3ja** Falleg og vel skipulögð 67 fm tveggja herbergja íbúð á þriðju hæð f.m. með stórum suður svölum. Íbúðin skiptist í anddyri, sér þvottaherbergi, hol, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús, stofu og geymslu í kjallara. Mögulegt skipti á 3ja í Kópavogi, Hafnarfirði eða Grafarvogi. V. 16,9 m. 4723



**Kleppsvegur - Glæsilegt útsýni** Stór 2ja herb. 64,7 fm íbúð á 5. hæð með stórglæsilegu útsýni. Íbúðin skiptist í forstofu, borðstofu, stofu, svefnherb., eldhús og baðherb. Parket er á flestum gólfum, nema á baðherb. Íbúðin er laus strax. V. 13,9 m. 4634



**Hraunbær - fín íbúð** Mjög góð 2ja herbergja 59,2 fm íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist hol, baðherbergi, eldhús, svefnherbergi og rúmgóða stofu. Góðar vestur svalir eru á íbúðinni. V. 14,3 m. 4558

# EIGNAMIÐLUN Leigumiðlun

**Góð fyrirframgreiðsla í boði.** Óska eftir stórri íbúð til leigu minnst 3 svefn. Langtíma leiga á svæði 170, 107 eða 101.

**Íbúð í Skuggahverfi óskast til leigu (101 Skuggi)** Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson í síma 861-8514 eða Hilmar Þór Hafsteinsson í síma 824-9098

**Stigahlíð - útsýni** 4ra herbergja íbúð. 2 svefnherbergi. 2 stofur. Verð: 120 þús.

**Rauðalækur - endurnýjuð** Vel skipulögð 113,4 fm mikið endurnýjuð kjallaraíbúð. 2 svefnherbergi. 2 stofur. Verð: 120 þús.

**Austurströnd** Góð 67,2 fm íbúð á 3ju hæð, en jarðhæð frá Nesvegi. Stæði í bílgeymslu fylgir. Verð: 100 þús 4654

**Hörðaland** 2 svefnherbergi, 2 stofur. Laust strax Verð: 120.000

**Laufásvegur** 140 fm verslunar- eða skrifstofuhúsnæði á jarðhæð. Engin VSK kvöð. Verð 1.800 pr fm.


-5 kr.
VIÐ FYRSTU NOTKUN
Á ÓB-LYKLINUM
OG SÍÐAN ALLTAF -2KR.
ÓB
ódýrt bensín
ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.
26 stöðvar um land allt.
www.ob.is
TBWA\REYKJAVÍK\SÍA

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Kletthálsi 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR

**Akurgerði í Vogum**
Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegum eins herbergja íbúðum í raðhúsalengju sem tengist þjónustumiðstöð fyrir eldriborgara í Vogum. Um er að ræða um 46 fm og 53 fm íbúðir. Einnig er til endurúthlutunar 2ja herbergja íbúð um 67 fm. Íbúðirnar geta verið til afhendingar fljótlega.

**Hvammsgata í Vogum**
Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegu parhúsi. Íbúðin er 3ja herbergja ásamt bílskúr. Íbúðin er um 90 fm og bílskúrinn um 25 fm. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

**Kríuland í Garði**
Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegum parhúsum. Um er að ræða 3ja og 4ra herbergja íbúðir um 90 og 105 fm. Um 35 fm bílskúrar fylgja íbúðunum. Íbúðirnar geta verið til afhendingar fljótlega.

**Miðnestorg í Sandgerði**
Til endurúthlutunar er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð. Íbúðin er um 74 fm á þriðju hæð í þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðin getur verið til afhendingar strax.

**Prestastígur í Reykjavík**
Til endurúthlutunar er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð. Íbúðin er um 90 fm á fyrstu hæð í fjórbýlishúsi. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

**Suðurgata í Sandgerði**
Til endurúthlutunar er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð. Íbúðin er um 80 fm á á fyrstu hæð. Í húsinu er þjónustumiðstöð fyrir eldriborgara. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

**Víðigerði í Grindavík**
Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð ásamt garðskála og bílskúr. Íbúð og garðskáli eru rúmir 91 fm og er bílskúrinn rúmlega 28 fm. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

**Umsóknarfrestur er til 11. maí n.k.**
Hægt er að fá nánari upplýsingum á skrifstofu félagsins
í síma 552-5644 milli kl. 9-15.

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Kletthálsi 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR
Búseturéttur á markaðsverði



**Hólmvað 8B, Norðlingaholti í Reykjavík**
Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 95 fm að stærð. Íbúðin er á annarri hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi með tveimur lyftum. Stæði fylgir íbúðinni í bílakjallara.
Ásett verð er 5.5 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 132.000.-
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 8. maí n.k.
Tilboðsfrestur er til 15. maí n.k.

**Hólmvað 8B, Norðlingaholti í Reykjavík**
Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 95 fm að stærð. Íbúðin er á fyrstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi með tveimur lyftum. Stæði fylgir íbúðinni í bílakjallara.
Ásett verð er 4.8 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 132.000.-
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 8. maí n.k.
Tilboðsfrestur er til 15. maí n.k.

**Hólmvað 8A, Norðlingaholti í Reykjavík**
Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 95 fm að stærð. Íbúðin er á annarri hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi með tveimur lyftum. Stæði fylgir íbúðinni í bílakjallara.
Ásett verð er 6.0 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 132.000.-
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 8. maí n.k.
Tilboðsfrestur er til 15. maí n.k.



**Þjóðbraut 1, Akranesi**
Til sölu er búseturéttur í 3-4 herbergja íbúð ásamt stæði í bílakjallara. Íbúðin er á fjórðu hæð í átta hæða lyftuhúsi.
Ásett verð er 4.2 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 130.000.-
Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 8. maí n.k.
Tilboðsfrestur er til 15. maí n.k.

Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.

**Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.**
Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1 í síma 552-5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is



NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

# *Próflestrarleiðindin*

Það er slæmur siður hjá nemum, hvar sem þeir eru staddir á skólagöngu sinni, að þegar kemur að prófum er yfirleitt flest annað skemmtilegra en einmitt það að lesa skólabækurnar. Ég er engin undantekning þarna á heldur er ég líklega með þeim verstu í þessum málum. Lærdómsþolið virðist líka fara minnkandi eftir því sem lengra líður á skólagönguna. Eða kannski er það bara að lesefnið verður þyngra og meira, og einbeitingin þyrfti því að sama skapi að vera meiri og betri – en er það ekki.

Það eru ótrúlegustu athafnir sem verða fyrir valinu í stað lærdóms. Þannig hef ég á síðustu dögum meðal annars byrjað að stunda jógaæfingar heima í stofu með hjálp Google. Ég fann líka sálfræðibók í gömlu skóladóti og fór að lesa mér til um þunglyndi og ýmislegt fleira. Svo hef ég lesið ljóð og horft á sjónvarpið, farið óvenjulega oft í ís- eða nammibíltúra, ætlað að kíkja aðeins út en verið allt of lengi… Einhver hafði nú logið því að mér að svona væri þetta ekki í háskóla, en ég virðist bara verða verri með árunum og ekkert þroskast upp úr þessu.



Reyndar hefur það líklega áhrif að það er sífellt að verða til meira af afþreyingarefni til þess að trufla mann í próflestrinum. Þegar ég var síðast í skóla var ekkert Facebook til að eyða endalausum tíma í, það var ekki einu sinni komið Myspace. Og ég get svarið það að í minningunni voru ekki svona margar heimasíður eða margir sjónvarpsþættir sem hægt var að horfa á.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





4 ára
Wilson'S PIZZA
Afmælis tilboð
gildir 4.-10. maí
100 fyrstu fá frítt í Sambíóin
16" pizza
m/ 2 áleggstegundum
ostabrauðstangir, sósa,
2 L Pepsi og Haribo mix
nammipoki
aðeins kr.
1990
Nýtt
3 x Cookies
sértilboð aðeins kr.
299
mmm... þú verður að smakka! Ómissandi eftirréttur...
HARIBO
Click MIX
PEPSI MAX
Við sendum þér sms
þegar pizzan fer í ofninn
SAMBÍÓIN
3 staðir 1 símanúmer
581 15 15
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6

# KitchenAid

## FRÁBÆR VORTILBOÐ

90 1919–2009

***KitchenAid og Einar Farestveit leggjast á eitt og lækka verð á KitchenAid hrærivélum og blöndurum!***

Artisan KSB52
TILBOÐSVERÐ
**25.900**
FULLT VERÐ **31.900**
LITUR: Í LIT
MARGIR LITIR Í BOÐI



Artisan KSB52
TILBOÐSVERÐ
**24.900**
FULLT VERÐ **29.900**
LITUR: HVÍTUR



## *Ekki missa af þessu!*

Artisan KSM150
TILBOÐSVERÐ
**61.900**
FULLT VERÐ **72.900**
LITUR: STEINGRÁ



Artisan KSM150
TILBOÐSVERÐ
**59.900**
FULLT VERÐ **69.900**
LITUR: HVÍT



## *Tilboðin gilda aðeins í stuttan tíma!*

Tilboðin gilda hjá Einari Farestveit
og umboðsaðilum um land allt.

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FRAM 6. SÆTINU Í PEPSI-DEILDINNI SUMARIÐ 2009

### > LYKILMAÐURINN

**Auðun Helgason** var besti leikmaður Íslandsmótsins að mati blaðamanna Fréttablaðsins og stjórnaði bestu vörn deildarinnar með glæsibrag. Mikilvægi Auðuns fyrir Framliðið verður ekki minna í sumar þar sem hann hefur missti sína hægri hönd, Reyni Leósson, í Val. Auðun fær væntanlega ungan og fljótan varnarmann sér við hlið í sumar og leiðtogahlutverk hans hjá Framliðinu hefur aldrei verið stærra en einmitt í sumar.



# *Skemmtilegt og erfitt verkefni*

Lið Fram kom mörgum á óvart með því að ná 3. sæti á sínu fyrsta ári undir stjórn Þorvaldar Örlygssonar. Liðið komst í Evrópukeppni og að þessu sinni er meiri pressa á liðinu en í fyrra að vera meðal efstu liða.

„Markmiðin eru ekkert ólík því sem þau hafa verið önnur sumur. Það er að mæta til leiks, reyna að byrja vel, koma sér inn í mótið og vona að gengið verði gott," segir Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram. Liðið er búið að missa tvo lykilmenn. „Reynir Leósson og Paul McShane hafa báðir farið í burtu. Þeir áttu báðir mjög gott tímabil með liðinu í fyrra eins og allt liðið í heild. Þeir hjálpuðu okkur og við hjálpuðum þeim og nú er bara spurning hvort aðrir taki við," segir Þorvaldur. „Liðið spilaði vel í fyrra og þá sérstaklega í seinni umferðinni. Það var engin ein ástæða fyrir því heldur voru menn bara duglegir. Það vilja allir vera í toppbaráttu og enginn vill vera í fallbaráttu en það er voðalega erfitt að sjá hvernig þetta verður fyrr en það er komið að leikdegi. Það eru nokkur lið, og kannski við þar á meðal, sem geta blandað sér í baráttuna á hvorum endanum sem er ef hlutirnir ganga ekki upp," segir Þorvaldur.

„Við verðum með unga og spræka stráka og maður veit aldrei hvernig þeir bregðast við þegar á móti blæs ef svo ber undir. Maður vonar það besta og reynir að njóta þess að fá að taka þátt í mótinu," segir Þorvaldur, sem segist vera í svipaðri stöðu og á sama tíma fyrir ári. „Við komum blint inn í mótið í fyrra og ég held að það sé eins núna. Þetta verður þá þeim mun skemmtilegra og erfiðara verkefni," segir Þorvaldur.



### > X-FAKTORINN

**Þorvaldur Örlygsson** náði frábærum árangri á sínu fyrsta ári með Framliðið en liðið náði þá sínum besta árangri í sautján ár. Nú reynir á hvort Þorvaldi takist að halda Framliðinu í hópi efstu liða.

### AÐRIR LYKILMENN



SAMUEL TILLEN



HJÁLMAR ÞÓRARINSSON



HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON

### GENGI Á VORMÓTUNUM

Sigrar / Jafntefli / Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2008 3. sæti í A-deild | 2007 7. sæti í A-deild | 2006 1. sæti í B-deild | 2005 9. sæti í A-deild | 2004 8. sæti í A-deild | 2003 7. sæti í A-deild |

### *Enska úrvalsdeildin í fótb.*

| | |
|---|---|
| CHELSEA - FULHAM | 3-1 |
| 1-0 Nicolas Anelka (0.), 1-1 Erik Nevland (3.), 2-1 Florent Malouda (9.), 3-1 Didier Drogba (52.). | |
| WIGAN ATHLETIC - BOLTON | 0-0 |
| MIDDLESBROUGH-MAN.UNITED | 0-2 |
| 0-1 Ryan Giggs (24.), 0-2 Park Ji-Sung (50.). | |
| MANCHESTER CITY - BLACKBURN | 3-1 |
| 1-0 Felipe Caicedo (26.), 2-0 Robinho (33.), 3-0 Elano (46.), 3-1 Keith Andrews (65.). | |
| PORTSMOUTH-ARSENAL | 0-3 |
| 0-1 Nicklas Bendtner (12.), 0-2 Nicklas Bendtner (40.), 0-3 Carlos Vela (55.). | |
| STOKE CITY - WEST HAM UNITED | 0-1 |
| 0-1 Diego Tristain (32.). | |
| TOTTENHAM - WEST BROMWICH | 1-0 |
| 1-0 Jermaine Jenas (42.) | |
| LIVERPOOL - NEWCASTLE | 3-0 |
| 1-0 Yossi Benayoun (21.), 2-0 Dirk Kuyt (27.), 3-0 Lucas (87.) | |
| SUNDERLAND-EVERTON | 0-2 |
| 0-1 Steven Pienaar (47.), 0-2 Marouane Fellaini (70.) | |

# Ekkert breyttist

## Öll toppliðin unnu sína leiki í ensku úrvalsdeildinni um helgina og United færðist skrefi nær titlinum.

**FÓTBOLTI** Manchester United er áfram með þriggja stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir 2-0 sigur á Middlesbrough á útivelli á laugardaginn. Liverpool vann öruggan 3-0 sigur á Newcastle í gær og fylgir United sem skugginn en ensku meistararnir í United eiga áfram leik inni á þá.

„Þetta hefði getað verið stærri sigur en við erum enn með í baráttunni. Við verðum bara að halda áfram að vinna okkar leiki og sjá síðan til hvernig Manchester-menn ráða við pressuna," sagði Rafel Benitez, stjóri Liverpool eftir 3-0 sigur á Newcastle. Yossi Benayoun og Dirk Kuyt skoruðu í fyrri hálfleik og Lucas Leiva innsiglaði sigurinn í lokin.

Newcastle hefur enn ekki unnið undir stjórn Alan Shearer og hann þurfti að horfa upp á Joey Barton fá enn á ný rautt spjald fyrir hrottatæklingu. „Örlög okkar ráðast ekki í þessum leik heldur í næstu tveimur heimaleikjum og sá næsti er á móti Middlesbrough," sagði Shearer.

Ryan Giggs kom Manchester United yfir með flottu marki á móti Middlesbrough og létti pressunni af liðinu. „Hvað er hægt að segja um þennan mann. Hann er frábær og þetta mark hans tryggði okkur sigurinn," sagði Alex Ferguson, stjóri Manchester United. Þetta var góð vika hjá Giggs sem var valinn leikmaður ársins, lék sinn 800. leik og skoraði síðan mikilvægt mark.

Arsenal og Chelsea unnu bæði góða sigra á laugardaginn, Arsenal vann 3-0 sigur á Portsmouth þar sem Arsene Wenger leyfði sér að hvíla átta byrjunarliðsmenn og Chelsea vann 3-1 sigur á Fulham þar sem Guus Hiddink gagnrýndi sína menn og sagði að þeir kæmust ekki upp með sama einbeitingarleysi á móti Barcelona í Meistaradeildinni í vikunni.

ooj@frettabladid.is



**GÓÐ VIKA** Ryan Giggs hjá Manchester United. NORDICPHOTOS/GETTY




# Nýr framhaldsskóli í hjarta Mosfellsbæjar

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er nýr framhaldsskóli sem hefur starfsemi haustið 2009 og starfar eftir nýjum lögum um framhaldsskóla. Skólinn kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi og verða þær áherslur samfléttaðar við skólastarfið.

Boðið er upp á metnaðarfullt nám á fimm námsbrautum:
- Almenn námsbraut
- Íþrótta- og lýðheilsubraut
- Listabraut
- Félags- og hugvísindabraut
- Náttúruvísindabraut

Áhersla verður lögð á árangursríka kennsluhætti og sveigjanlega stundatöflu auk öflugrar uppbyggingar á félagslífi nemenda, þar sem fyrstu nemendur móta hefðirnar.

**Innritun fyrir haustönn 2009**

Innritun fyrir haustönn 2009 fer fram dagana 15. maí – 11. júní 2009.
Á haustönn 2009 verða nemendur einungis innritaðir á fyrsta ár.

Nánari upplýsingar á vef skólans: **www.fmos.is** eða í síma **864 9729**

FMOS Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

EINN TVEIR OG ÞRÍR 454.003

## Opinn kynningarfundur

**Opinn kynningarfundur verður haldinn um skólann í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna, Þverholti 2 Mosfellsbæ, þriðjudaginn 5. maí kl. 20:00.**

**Allir sem hafa áhuga á að kynna sér nýjan framhaldsskóla Mosfellinga eru hvattir til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum.**


Lokaúrslit N1 deildar karla í handbolta um helgina:

# Haukar komnir í 2-1

**HANDBOLTI** Haukar eru einum sigri frá því að vinna Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð eftir öruggan 28-25 sigur á Val í þriðja leik liðanna á Ásvöllum á laugardaginn. „Þeir áttu fá svör við þessari framliggjandi vörn hjá okkur," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka.

Birkir Ívar Guðmundsson varði mjög vel í marki Hauka og þeir Kári Kristjánsson (7 mörk) og Elías Már Halldórsson (6 mörk) voru atkvæðamestir í sókninni.

Elvar Friðriksson (6 mörk) og Ingvar Árnason (8 mörk) voru í sérflokki hjá Val.

Haukar geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í Vodafone-höllinni á þriðjudagskvöldið. - óój

Tveir úrslitaleikir í kvennafótboltanum um helgina:

# Fyrsti titill Þór/KA

**FÓTBOLTI** Þór/KA vann Lengjubikar kvenna eftir 3-2 sigur á Stjörnunni í úrslitaleik á laugardaginn og Valur tryggði sér sigur í Meistarakeppni kvenna eftir 2-1 sigur á KR í gær.

Rakel Hönnudóttir tryggði Þór/KA sinn fyrsta stóra titil með sigurmarki í uppbótartíma eftir að Mateja Zver hafði jafnaði leikinn tvívegis fyrir Þór. Björk Gunnarsdóttir og Inga Birna Friðrjónsdóttir komu Stjörnunni tvívegis yfir.

Guðný Petrína Þórðardóttir tryggði Val 2-1 sigur á KR á 89. mínútu í úrslitaleik Meistarakeppni kvenna í gær. Rut Bjarnadóttir kom KR yfir en Katrín Jónsdóttir jafnaði leikinn. - óój



**RAKEL HÖNNUDÓTTIR** Fyrirliði Þór/KA með sigurlaunin í Lengjubikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Stjarnan er Íslandsmeistari þriðja árið í röð eftir 3-0 sigur á Fram í úrslitunum:

# Búinn að vera frábær vetur

**HANDBOLTI** Stjarnan vann 28-26 sigur í þriðja úrslitaleiknum á Fram í gær og tryggði sér þar með Íslandsmeistaratitilinn í N1 deild kvenna. Lokatölurnar gefa ekki rétta mynd af leiknum þar sem Stjarnan var með örugga forystu allan leikinn og Framliðið náði að bjarga andlitinu með því að skora fjögur síðustu mörk leiksins.

Stjörnukonur hafa heldur betur sýnt að þær kunna að vinna enda annað árið í röð sem liðið verður tvöfaldur meistari. Þrátt fyrir áfall og miklar mannabreytingar þá er og verður Íslandsmeistarabikarinn áfram í Garðabænum.

Lokaúrslitaeinvígið í N1 deild kvenna varð í raun aldrei spennandi, eftir átta og sjö marka sigra í fyrstu tveimur leikjunum náði Stjörnuliðið öruggu forskoti í upphafi leiksins í gær og það var ljóst strax frá byrjun að Íslandsmeistaratitillinn væri tryggður. Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, er þar með búinn að gera bæði karla og kvennalið að Íslandsmeisturum.

„Þetta er búið að vera öruggt í allan vetur á móti þeim. Við unnum örugga sigra í öllum þremur leikjum í deildinni og svo aftur í úrslitakeppninni. Einhvern veginn þá liggja þær vel fyrir okkur," sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar en fagnaði hann þá þegar Fram komst í úrslitin?

„Ég held að við hefðum unnið Hauka líka. Mesta afrekið var að vinna Val í þessum framlengda leik hérna í Mýrinni þar sem við misstum Florentinu útaf. Það var frábært afrek," sagði Atli.

„Við erum bikarmeistarar, við erum deildarbikarmeistarar, við erum meistarar meistaranna og svo Íslandsmeistarar. Helmingurinn af þessu liði er í líka í unglingaflokki sem varð líka Íslandsmeistari þannig að þetta er búinn að vera frábært vetur," sagði Atli.

Atli vann Íslandsmeistaratitilinn með syni sínum Arnóri á sínum tíma hjá KA og í gær vann hann titilinn með Þorgerði Önnu dóttur sinni.



**ÞJÁLFARINN Á LOFT** Atli Hilmarsson var að sjálfsögðu tolleraður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BIKAR Á LOFT** Elísabet Gunnarsdóttir og Kristín Jóhanna Clausen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við gerðum okkur þetta mjög erfitt fyrir. Það tók okkur tvo og hálfan leik að átta okkur á því að við ætluðum að gera eitthvað í þessari keppni," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram.

„Það náðist ekki upp sú einbeiting og sá vilji sem þarf til að klára svona leiki eins og Stjarnan hefur. Þær eru ekki með betra lið en við, með allir virðingu fyrir þeim. Þær eiga heiður skilinn og ég óska þeim til hamingju með titilinn en ég er verulega ósáttur við annað sætið því mér finnst við hafa lið til þess að klára þetta," sagði Einar.

Kristín Jóhanna Clausen, fyrirliði Stjörnunnar og sambýliskona Einars var með skýringuna á hreinu. „Svona er þetta bara, ég kem heim með gullið og hann með silfrið. Þetta er bara vaninn og við förum ekkert að breyta því," sagði Kristín. ooj@frettabladid.is

Florentina Stanciu Íslandsmeistari fjórða árið í röð:

# 80 prósent líkur á að ég verði áfram



**HANDBOLTI** „Þetta er stórkostlegt og miklu betra en maður getur ímyndað sér," sagði Florentina Stanciu eftir fjórða Íslandsmeistaratitill hennar á fjórum árum.

„Þetta voru ekki léttir leikir en við gerðum þá auðveldari með því að mæta vel einbeittar og tilbúnar í þá alla," sagði Florentina. „Við misstum kannski sterka leikmenn en við misstum aldrei trúna á það að við værum með liðið til að fara alla leið og vinna titilinn. Það er sterk liðsheild hjá Stjörnunni og við hjálpum hver annarri," sagði Florentina.

„Stelpurnar í liðinu trúa á mig og ég gef þeim kannski meira sjálfstraust. Ég fæ líka mikið sjálfstraust við að spila með þeim," segir Florentina. En hvað með næsta tímabil?

„Það eru áttatíu prósent líkur á því að ég verði áfram með Stjörnunni." - óój


Boltinn er hjá okkur!

Man. Utd. Arsenal
15.-17. maí
Verð á mann í tvíbýli:
104.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

Arsenal Stoke
23.-25. maí
Verð á mann í tvíbýli:
86.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express






Grand Cettia ★★★★
Brottför 3. júlí
Tyrkland
MARMARIS

Fjórar jafnar vaxtalausar greiðslur
Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is. Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. Færslugjald leggst ofan á uppgefið verð, frá 2%.





Fallegt fjölskylduhótel með bæði herbergi og íbúðir. Allt innifalið til kl. 23 á kvöldin; máltíðir, innlendir drykkir með mat, drykkir að degi eða kvöldi og skemmtidagskrá.
VERÐDÆMI
104.280 kr.
á mann miðað við 2 með 2 börn í viku með öllu inniföldu.
2 fullorðnir í viku, allt innifalið, verð 122.440
Allt innifalið!

Við greiðum þér leið í sólina

Það er afskaplega auðvelt að komast í gott frí á sólarströnd með fjölskylduna með því að skipta kostnaðinum í fjórar jafnar vaxtalausar greiðslur á greiðslukort. Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar ljúft og þægilegt frí á frábærum kjörum. Marmaris í Tyrklandi og Albufeira í Portúgal hafa laðað Íslendinga til sín sumar eftir sumar. „...og nú allir af stað með Úrval-Útsýn".

ÚRVAL·ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.



> **Adrian Grenier**

„Ég og New York erum eitt. Þar ólst ég upp og hef búið þar mest alla mína ævi og ég geti ekki án þess verið.“ Grenier leikur Vincent Chase í þættinum Entourage en Stöð 2 byrjar að sýna nýja seríu í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSSON OG BREYTINGAALDUR KVENNA

# *Fröken Jekyll og frú Hyde*



Er einhver þarna úti sem tók upp tvo síðustu þættina með Opruh? Ef svo er, þá í guðanna bænum hafið samband. Í þáttunum greinir Oprah af nákvæmni þann gríðarlega erfiða tíma í lífi kvenna þegar þær takast á við breytingaaldurinn. Heillandi viðfangsefni, og ég er tilbúinn að borga vel fyrir upptökurnar.

Vitur maður sagði mér einu sinni að lífsgátan yrði ekki ráðin nema með því að draga lærdóm af öllu. Upplifun sem virðist hversdagleg og ómerkileg skipti miklu meira máli en maður heldur og leiðin til þroska sé að gera ekki lítið úr neinu. Með þetta í huga skal horft á Opruh og sögur hennar af kynsystrum sínum.

Eitt dæmi: Þættirnir um breytingaskeið kvenna bættu verulega við skilning minn á bók sem skrifuð var á síðari hluta nítjándu aldar og hefur lengi verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Robert Louis Stevenson skrifaði smásöguna Strange Case of Dr Jekyll and Mr Hyde árið 1886 og hingað til hef ég haldið að hann hafi verið að skrifa um mannlegt eðli; þá staðreynd að innra með okkur búi gott sem illt og það hvernig þessir eðlisþættir brjótist fram. Vart þarf að tíunda að sagan tryggði höfundi sínum heimsfrægð og er hverjum manni tamt að vitna til hennar við hin ýmsu tækifæri. Ef bornar eru saman lýsingar úr bókinni og upplifun kvenna á miðjum aldri má öllum þó vera ljóst að Stevenson hefur á ritunartíma bókarinnar verið í samneyti með konu á breytingaaldrinum.

Svefnleysi og brjálæðislegar skapsveiflur, sem jaðra við það að vera hrein geðveiki, eru glíman sem Stevenson lýsir. Maður sem er í kjarnann góður umbreytist í siðblint illmenni sem heggur á báðar hendur án þess að skeyta nokkru um áhrif gjörða sinna á samborgara sína. Samanborið við þættina hennar Opruh eru samnefnararnir einfaldlega of margir til að halda að ekki sé verið að tala um sama hlutinn.

## MÁNUDAGUR



▶ **18.50 Aston Villa – Hull, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **21.00 Heroes** SKJÁRINN



▶ **21.10 My Boys** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.15 Lífsháski** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Peep Show** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.05 Úrslitakeppnin í handbolta kvenna** Sýndur verður leikur sem fram fór kvöldið áður.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (32:56)
**17.53 Sammi** (23:52)
**18.00 Millý og Mollý** (9:26)
**18.13 Herramenn** (49:52)
**18.25 Fréttaaukinn** Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elínar Hirst. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Villta Kína** (Wild China: Fallaskipti) (6:6) Breskur heimildamyndaflokkur um náttúru og dýralíf í Kína.
▶**21.15 Lífsháski** (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. (e)
**23.05 Bráðavaktin** (ER) (17:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Murder of Princess Diana**
**10.00 Last Holiday**
**12.00 Home Alone**
**14.00 The Murder of Princess Diana**
**16.00 Last Holiday**
**18.00 Home Alone**
**20.00 Jackass Number Two** Í þáttunum voru þeir kjánar, í fyrstu myndinni algjörir kjánar og í annarri myndinni slá þeir endanlega allt og alla aðra út í kjánalátum og almennum fíflagangi.
**22.00 The Mudge Boy**
**00.00 Incident At Loch Ness**
**02.00 The Woodsman**
**04.00 The Mudge Boy**
**06.00 License to Wed**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Kalli litli Kanína og vinir, Galdrastelpurnar
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Jamie's Chef** (4:4)
**10.20 Project Runway** (10:15)
**11.05 The Amazing Race** (10:13)
**11.50 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (181:260)
**13.25 P.S.**
**15.15 ET Weekend**
**16.00 A.T.O.M.**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (5:22) Marge fellur fyrir módeli utan á klósettpappírnum sem veldur röð skemmtilegra atvika. Við fáum að heyra rödd Pauls Newman í þættinum.
**20.00 American Idol** (33:40)
**20.45 American Idol** (34:40)
**21.30 Entourage** (1:12) Fjórða serían um Vincent og félaga. Þeir standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt og séu búnir að skapa sér þokkalegt nafn þá neyddust þeir til að flytja úr villunni góðu. Þeir halda nú sínu striki og stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medallín, stórmynd Ara Gold.
▶**22.00 Peep Show** (9:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
**22.25 New Amsterdam** (5:8) Dularfullur spennuþáttur með óvenjulegri fléttu um hinn ódauðlega John Amsterdam.
**23.10 Bones** (8:26)
**23.55 Terminator: The Sarah Connor Chronicles** (5:9)
**00.40 Cube Zero**
**02.20 P.S.**
**03.55 ET Weekend**
**04.40 New Amsterdam** (5:8)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.40 Real Madrid - Barcelona** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**17.20 PGA Tour 2009** Útsending frá Quail Hollow Championship mótinu í golfi.
**20.20 Chelsea - Liverpool** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**22.30 Þýski handboltinn: Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
**23.00 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
**01.00 Poker After Dark**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Sunderland - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.05 Tottenham - WBA** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
▶**18.50 Aston Villa - Hull** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**22.30 Aston Villa - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.00 Spjallið með Sölva** (11:12) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (11:12) (e)
**13.00 Óstöðvandi tónlist**
**17.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.15 Game Tíví** (13:15) (e)
**18.55 The Game** (2:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í amerísku fótboltanum.
**19.20 Psych** (10:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)
**20.10 One Tree Hill** (15:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Lucas og Julian eiga erfitt með að velja leikstjóra fyrir kvikmyndina. Peyton er ekki viss hvort henni líkar gjöfin frá Lucas og ástamálin flækjast fyrir Brooke.
▶**21.00 Heroes** (20:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Sylar hittir loks föður sinn en endurfundirnir fara öðruvísi en hann hafði búist við.
**21.50 CSI** (16:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Unglingsstúlka er myrt á vegamóteli þar sem tvö önnur morð hafa verið framin.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 The Cleaner** (8:13) (e)
**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## INN

**20.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm rýnir í brýn þjóðfélagsmál.
**20.30 Líf og land** Valdmar Ásgeirsson bóndi ræðir um málefni landsbyggðarinnar.
**21.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir fjallar um málefni Reykjavíkurborgar.
**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Rætt verður um rafrænt einelti við Heiðu Kristínu Harðardóttur og Kristrúnu Birgisdóttur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





„ÉG SÁ ÞAÐ FYRST Á VÍSIR.IS“

Vísir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir fljótt og örugglega til notenda.

Fréttir, stórviðburðir, viðskipti, íþróttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 – með leifturhraða.

vísir.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### American Idol

Leitin að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna er í fullum gangi í vinsælasta skemmtiþætti veraldar. Tveir keppendur þurftu frá að hverfa í síðasta þætti svo eftir standa 5. Þema kvöldsins eru slagarar Rat Pack-gengisins sem skipað var þeim Peter Lawford, Frank Sinatra, Sammy Davis Jr. og Dean Martin. Þau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi sitja í dómnefnd en það er bandaríska þjóðin sem ræður úrslitum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hverjir komast áfram í fjögurra manna úrslit og hver dettur út?



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Villta Kína

### Sjónvarpið kl. 20.20

Frá austurenda Kínamúrsins teygir strandlengja Kína sig fjórtán þúsund kílómetra í suður. Þar þrengja tæknivæddar nútímaborgir að gamaldags fiskiþorpum, fornum teökrum og votlendissvæðum. Fágæt villt dýr eins og kryppudólpungar, Japanströnur, risastyrjur og sérkennilegir apar reyna að þrauka í grimmri samkeppni við 700 milljónir manna og skelfilega mengun.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hringsól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (180:260)
**16.30 Hollyoaks** (181:260)
**17.00 Seinfeld** (21:22)
**17.25 ER** (10:22)
**18.10 My Boys** (21:22)
**18.30 Auddi og Sveppi**
**19.00 Hollyoaks** (180:260)
**19.30 Hollyoaks** (181:260)
**20.00 Seinfeld** (21:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.
**20.25 ER** (10:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶ **21.10 My Boys** (21:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
**21.30 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**22.00 Cold Case** (16:23) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur í sjöttu seríunni. Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
**22.45 Damages** (9:13)
**23.25 Fringe** (15:21)
**00.10 Sjáðu**
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Jonathan Creek **10.55** Jonathan Creek **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder the Third **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder the Third **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Holby Blue **20.50** Blackadder the Third **21.20** My Hero **21.50** Holby Blue **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **10.50** Aftenshowet **11.20** OBS **11.25** Vi bliver ved! **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Family Guy **14.30** Monster allergi **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Den travle by **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Gør det selv **18.00** Ekspedition Guyana **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.35** OBS **21.40** Seinfeld **22.05** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Bjørnson - bråkmaker og nasjonalhelt **10.35** Schrödingers katt **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Sirkusliv **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Bedre puls **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Om et hjerte **20.30** Husdrømmen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspektør Lynley **22.45** Nytt på nytt **23.20** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **10.50** X-Games **12.25** Tarps Elin **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flyttlasset går **15.25** Var fan är min revy! **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2009 **19.00** Taxi **19.30** Tonårsliv **20.00** Hr landshövding **21.30** Kulturnyheterna **21.45** Grillad **22.30** Nip/Tuck **23.15** Babben & co **00.15** Sändningar från SVT24


SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH! NÚ STANDA YFIR

DÝNUDAGAR!!!

HEILSURÚM
með tvöföldu fjaðrakerfi
20 % Afsláttur



Stærðir:
80 x 200 cm.
90 x 200 cm.
100 x 200 cm.
120 x 200 cm.
140 x 200 cm.
160 x 200 cm.
180 x 200 cm.

YFIRDÝNUR gera rúmið þitt notalegra 20 % Afsláttur

EGGJABAKKADÝNUR
Verma og mýkja
Allar stærðir
30 % Afsláttur

SPRINGDÝNUR
20 % Afsláttur

Stærðir: 80 x 200 cm. 90 x 200 cm. 100 x 200 cm. 120 x 200 cm. 140 x 200 cm. 160 x 200 cm. 180 x 200 cm.

SÉRSKORINN SVAMPUR
20 % Afsláttur

SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI 20 % Afsláttur

KODDAR OG SÆNGUR
20 % Afsláttur

SVEFNSÓFAR
20-40 % Afsláttur



LYSTADÚN Marco

ÞAR SEM FAGMENNSKA OG FJÖLBREYTNI FARA SAMAN

Opið virka daga 10–18 og laugardaga 11–15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Ég er bara mjög stolt af honum og mér finnst hann standa sig rosalega vel. Hann er búinn að vera með þessa dellu frá fermingaraldri. Ég ætla að vona að hann drífi sig í nám í sambandi við þetta.“*

Ingibjörg Guðmundsdóttir, móðir Arnars Más Brynjarssonar sem keppir á Cannes-kvikmyndahátíðinni ásamt félögum sínum.

# Kynntist yndislegum börnum í Úganda

Leikkonan Herdís Þorvaldsdóttir er nýkomin heim úr tíu daga ævintýraför til Úganda, sem oft hefur verið kölluð perla Afríku. Þangað fór hún ásamt barnabörnum sínum Benedikt og Sylgju Dögg Sigurjónsbörnum og fjölskyldu hennar. „Ástæðan fyrir því að ég fór þarna út er að dótturdóttir mín [Sylgja] og hennar maður fóru þarna fyrir tólf árum á vegum ABC og voru að byggja þar skóla. Svo komu þau heim en voru alltaf óskaplega hrifin af Afríku,“ segir Herdís. „Þau sögðu við mig: „Þú verður að koma og sjá skólann,“ og hættu ekki fyrr en þau drifu mig með.“

Í Úganda hittu þau fyrir systur Sylgju, Hörpu Fönn, sem sinnir þar þróunarstarfi á vegum ABC ásamt eiginmanni sínum Vigni A. Guðmundssyni. „Þetta var allt orðið miklu stærra og fleiri börn í skólanum en fyrir tólf árum,“ útskýrir Herdís. „Það var mjög ánægjulegt að sjá hvað börnin voru yndisleg og hvað þau áttu gott. Þarna fengu þau hádegismat, sem er óskaplegur munur.“



**GLÖÐ BÖRN** Herdís segir að börnin sem hún kynntist í Úganda hafi verið yndisleg í alla staði.

Auk þess að kynna sér þróunarstarfið sá Herdís upptök árinnar Nílar, „þar sem vatnið bókstaflega bullar upp úr jörðinni“, og fór í sunnudagsmessu þar sem presturinn þrumaði yfir þeim í klukkutíma. „Maður þurfti að beygja sig til að komast inn og þarna voru trébekkir með engum bókum,“ segir hún og greinilegt að hún hefur notið dvalarinnar til hins ítrasta. „Ef ég væri yngri myndi ég alveg örugglega fara í svona hjálparstarf,“ segir hún og útilokar ekki að snúa aftur til Úganda: „Maður skal aldrei segja aldrei.“ **- fb**



**HERDÍS Í ÚGANDA** Herdís fyrir utan kirkjuna í bænum Lale að hlusta á tónlist sem var flutt tileinkuð henni.



**LÁRÉTT**
**2.** samsull, **6.** samtök, **8.** besti árangur, **9.** þakbrún, **11.** fíngerð líkamshár, **12.** plata, **14.** dvaldist, **16.** halló, **17.** egna, **18.** tunna, **20.** 49, **21.** eignarfornafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** höfuð, **3.** kringum, **4.** sætuefni, **5.** arinn, **7.** afsprengi, **10.** sigti, **13.** útsæði, **15.** steintegund, **16.** rámur, **19.** ólæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gums, **6.** aa, **8.** met, **9.** ufs, **11.** ló, **12.** skífa, **14.** varst, **16.** hæ, **17.** æsa, **18.** áma, **20.** il, **21.** sitt.
**LÓÐRÉTT: 1.** haus, **3.** um, **4.** melassi, **5.** stó, **7.** afkvæmi, **10.** sía, **13.** fræ, **15.** talk, **16.** hás, **19.** at.


Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


LOGI OG BJÖRGVIN PÁLL: ÆTLA AÐ YFIRTAKA HÁRTÍSKU ÍSLENDINGA

# Silfurdrengir setja Silver-gel á markað í sumar

„Já, þetta er loksins að verða að veruleika, eftir fjögurra ára bið,“ segir Logi Geirsson, silfurdrengur og leikmaður Lemgo í Þýskalandi. Hann hyggst ásamt félaga sínum úr íslenska landsliðinu, Björgvini Páli Gústavssyni, setja á markað hið margumrædda og víðfræga gel í sumar. Nánar tiltekið þann 1. júní. Gelinu hefur verið gefið nafnið The Silver, glöggir lesendur Fréttablaðsins ættu að vera vel meðvitaðir um til hvers það vísar; silfursins á Ólympíuleikunum í Peking. Logi hefur verið meira og minna meiddur þetta tímabil með Lemgo og því hefur honum gefist kærkomið tækifæri til að vinna að framleiðslu gelsins. „Þetta er bara svona, þegar ein hurðin lokast þá opnast einhver önnur,“ segir Logi.

Gelið mun fást í tveim útgáfum, önnur verður fyrir þá sem vilja hafa hárið stíft og fastmótað að hætti Loga og hin fyrir þá sem vilja hafa hárið aðeins lausara líkt og Björgvin Páll er orðinn landsþekktur fyrir. Gelið verður selt á Netinu og mun heimasíða vörunnar, thesilver.is, verða opnuð 1. júní. Þar að auki hafa Björgvin og Logi náð samkomulagi við verslanir 10/11 og Hagkaupa auk fremstu hágreiðslustofa landsins um að selja gelið.

Logi þakkar félaga sínum Björgvini það að senn hyllir undir lok þessa mikla ævintýris sem hófst árið 2005. Og markvörðurinn tekur að einhverju leyti undir það. „Ég er svona framkvæmdamaðurinn í fyrirtækinu en Logi hugsuðurinn. Saman myndum við þó hættulegt tvíeyki,“ útskýrir Björgvin sem hefur unnið baki brotnu undanfarna þrjá mánuði, nótt sem nýtan dag, við að koma þessu á legg.




**GÓÐIR SAMAN**
**Logi Geirsson** og **Björgvin Páll Gústafsson** setja á markað gelið The Silver í sumar. Um er að ræða tvær gerðir, önnur er fyrir þá sem vilja hafa hárið í föstum skorðum, líkt og Logi, og hitt er fyrir hina sem vilja hafa hárið aðeins lausara.

„Gelið er fyrir alla, bæði konur og karla, og við erum ekki í þessu til að verða ríkir heldur bara til að hafa gaman af þessu,“ segir Björgvin.

Og að sjálfsögðu verður mikið húllumhæ í kringum markaðssetningu gelsins. Blásið verður til mikillar veislu í Smáralindinni í byrjun júní þar sem hágreiðslustofur etja kappi í óhefðbundinni hárgreiðslukeppni, auglýsing verður frumsýnd í Sambíóunum 8. júní, á undan frumsýningu á myndinni Star Trek og að sjálfsögðu verður risa kynningarpartí að hætti Hollywood með rauðum dregli og öllu tilheyrandi. Hvorki Logi né Björgvin vildu þó tjá sig í smáatriðum um þá samkomu, töldu þó rétt að árétta að þetta yrði ein af veislum ársins.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þeir eru nokkrir sem setið hafa við skriftir undanfarna mánuði og ætla sér að gera upp góðæristímann og hrunið á Íslandi í bókum. Einna forvitnilegust verður eflaust bók **Ármanns Þorvaldssonar** sem var forstjóri Kaupþings Singer & Friedlander í London. Ármann komst reglulega í fréttirnar á góðæristímanum fyrir veglegar áramótaveislur sínar í London þar sem skemmtikraftar á borð við söngvarann Tom Jones og hljómsveitina Duran Duran tróðu upp. Hann ætti því að hafa frá ýmsu að segja.



Við skrif bókarinnar nýtur Ármann liðsinnis **Jónasar Sigurgeirssonar** sem starfaði við fjárfestingatengsl hjá Kaupþingi. Þeir félagar hafa þegar tryggt sér risasamning við breskt útgáfufyrirtæki sem sérhæfir sig í bókum tengdum viðskiptalífinu. Bókin kemur út í Bretlandi með haustinu og ku vera skrifuð á léttum nótum eftir því sem það á við. Það skýrir kannski vinnuheiti hennar; „The Accidental Billionaires“.



Tveir umtöluðustu blaðamenn Íslands, **Gunnar Smári Egilsson** og Mikael Torfason, hafa látið lítið fyrir sér fara á fjölmiðlamarkaði að undanförnu. En hafa þó ekki gefið fagið alveg frá sér. Þeir vinna nú að næsta blaði sem SÁÁ gefur út í tengslum við árlega álfasölu sína.



**- hdm**


FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
GLÆNÝ LÍNUÝSA • FISKRÉTTIR Á GRILLIÐ
SIGINN GRÁSLEPPA • SIGINN FISKUR
GELLUR OG SALTFISKUR
Veljum íslenskt





opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Heyr baráttu við hvítblæði

Tónlistarmaðurinn, lagahöfundurinn og einn fremsti hljóðmaður þjóðarinnar, Steingrímur Eyfjörð Guðmundsson, hefur í um hálft ár háð stranga baráttu við hvítblæði þar sem hann hefur lengst af dvalið á Landspítalanum. Vinir Steingríms hafa nú komið á fót fjársöfnun til handa Steingrími og fjölskyldu hans en vart þarf að taka fram hve þungur róður það getur verið að heyja slíka baráttu. „Við vildum leggja eitthvað af mörkum en ef allt gengur að óskum í þessari baráttu gæti hann vonandi farið í mergskipti til Svíþjóðar,“ segir Þórunn Hjartardóttir myndlistarkona og ein þeirra sem stendur að baki fjársöfnun til handa Steingrími.

Vinir Steingríms eru úr ýmsum áttum enda hefur Steingrímur komið víða við – verið í hljómsveitum eins og Langa Sela og skuggunum, Hringjum, Júpíters og mörgum fleirum. Auk þess hefur hann komið að hljóðsetningu og tónlist í okkar helstu bíómyndum svo sem Brúðguminn, Mýrinni, Gargandi snilld og Fálkum svo fátt eitt sé nefnt.

„Það er ýmislegt á döfinni og til stendur að halda tónleika honum til styrktar. Okkur fannst nóg að hann hefði áhyggjur af heilsunni þótt ekki bættist við áhyggjur af því sem allir sem lenda í svona veikindum þurfa að hafa áhyggjur af: peningum. Þetta er það minnsta sem við getum gert,“ segir Þórunn en ef Steingrímur fer til Svíþjóðar yrði systir hans merggjafi. Reikningsnúmerið sem velunnarar Steingríms geta lagt framlag sitt inn á er 0513-14-402093, kt. 080160-3139. **- jma**



**EINN OKKAR FREMSTI HLJÓÐMAÐUR** Steingrímur Eyfjörð Guðmundsson hefur unnið við allar okkar helstu bíómyndir auk þess að hafa spilað með hljómsveitum eins og Langa Sela og skuggunum og Hringjum.




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mið 6/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Fös 15/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Fös 22/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Mán 1/6 Kl. 16 Örfá sæti | Fös 12/6 Kl. 20 Örfá sæti |
| Fim 7/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Lau 16/5 Kl. 16 **UPPSELT** | Lau 23/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Mið 3/6 Kl. 20 **UPPSELT** | Lau 13/6 Kl. 14 Örfá sæti |
| Fös 8/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Sun 17/5 Kl. 16 **UPPSELT** | Sun 24/5 Kl. 16 **UPPSELT** | Fim 4/6 Kl. 20 **UPPSELT** | Sun 14/6 Kl. 16 **UPPSELT** |
| Lau 9/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Sun 17/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Mið 27/5 Kl. 20 Örfá sæti | Fös 5/6 Kl. 20 Örfá sæti | |
| Sun 10/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Mið 20/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Fim 28/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Lau 6/6 Kl. 20 **UPPSELT** | **FYRSTUR KEMUR** |
| Mið 13/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Fim 21/5 Kl. 16 **UPPSELT** | Fös 29/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Sun 7/6 Kl. 16 **UPPSELT** | **FYRSTUR FÆR!** |
| Fim 14/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Fim 21/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Lau 30/5 Kl. 20 **UPPSELT** | Fim 11/6 Kl. 20 **UPPSELT** | |

Sett upp í samstarfi við

VISA

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"





**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Fjölskyldan fer í hundana*

Alveg frá því ég var barn hefur köttur verið á heimilinu. Sé kisi vel heppnað eintak er nærvera hans notaleg, þátttakan í heimilislífinu skemmtileg og ekki of uppáþrengjandi viðbót. Einkum hefur mér þó sýnst mikilvægi kattarins felast í því að á honum er hægt að fá útrás fyrir knýjandi þörf fyrir að dekra einhvern linnulaust, án þess að sitja að lokum uppi með harðsvíraða frekjudós. Á meðan er hægt að beita börnin og makann hóflegum og hollum aga, því bara forhert gæludýr hafa gott af of miklu eftirlæti.

**EFTIR** hörmulegt fráfall síðustu kisunnar á bænum, bálför, virðulega útför og langan sorgartíma var staða dekurdýrs auglýst laus til umsóknar. Kom þá flærð heimilisföðurins í ljós, því mánuðum áður – á meðan ég sjálf var enn með ekkasog yfir framliðna kettinum – hafði hann í leyni lagt drög að nýjum heimilismeðlim. Áður en við var litið var sá mættur á heimilið, mjög móttækilegur fyrir öllu uppsöfnuðu dekrinu. Ekki köttur í þetta sinnið heldur þvert á móti.

**HUNDUR** hefur fáa eðliskosti sem köttur býr yfir og er þannig hvorki sjálfstæður né þóttafullur. Kemst hvorki einn út að pissa né hlaupa og elskar sjálfkrafa hvern þann sem ræður yfir lifrarpylsu. Fljótlega kom í ljós að þótt umræddur hundur hefði hlotið fyrirtaks þjálfun og brygðist snöfurlega við alls kyns skipunum var hann engin undantekning. Og mér sem þykir einmitt fátt skemmtilegra en að fóðra dýr og láta þau komast upp með hvað sem er, var gerð rækilega grein fyrir því að ólíkt góðum ketti gengi hundspott fljótt á lagið og tæki sér þá stöðu á heimilinu sem hann kæmist upp með. Ef ég léti eftir löngunum mínum til að dekra kvikindið myndi hann fljótt og vel endurraða sjálfum sér í stól stjórnarformanns heimilisins. Yrði sannkallaður frekjuhundur sem liti á okkur hin sem þegna sína og tæki að lokum yfir bæði sófann og hjónarúmið.

**ÞETTA** þýðir í stuttu máli að í stað þess að hafa fengið í hendurnar kræsilegt fórnarlamb ofdekurs þarf ég nú stanslaust að halda aftur af mér. Hunsa djúpstæða þörf til að reiða fram fyrir hundinn ótakmarkaðan harðfisk og nautalundir með bernaise. Horfa svellköld í biðjandi brún augun og éta framan í hann án þess að blikna. Svo tárumst við bæði yfir óréttlæti heimsins.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 4. maí, 124. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.49 | 13.24 | 22.05 |
| Akureyri | 4.21 | 13.09 | 22.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


